


Ole Bredeesen

Nýir drengir og nýjar stúlkur

-ný uppeldisstefna?

Þýðing: Ingólfur V. Gíslason



Efnisyfirlit

Formálar	3
Inngangur.....	9
Fyrsti hluti: Hvað vitum við?	13
“Stórsögur” um kyn og vandræðastráka	15
Myndir af strákum í kynjaumræðunni.	22
“Örsögur” barna og unglunga sjálfra.....	25
Áskoranirnar og þörfin fyrir nýja uppeldisfræði.....	34
Sex punktar fyrir kynjavinnu í uppeldisstofnunum.....	37
Annar hluti: Rammarnir	40
Hlutur karla í uppeldisstofnunum.....	42
Mat á mikilvægi karlafjarverunnar	46
Hvað með menntun kennara og leikskólakennara?.....	50
Þriðji hluti: Hvað gera aðrir?	52
Kynjaskipting	54
Vísað í sérkennslu.....	61
Myndbandsvélinni snúið að sjálfum sér	66
Kynjanæmar aðgerðir þar sem börn og unglingar eru miðlæg	71
Lokaorð	76
Um höfundinn.....	79
Heimildir	80
Einstaklingarnir, fyrirlestrarnir og viðtölin sem liggja til grundvallar þessari bók	85

Formálar

Formáli

– Frá norræna starfshópnum um karla og jafnrétti

Staðreyndirnar sýna okkur að það eru stelpurnar sem sigra í menntasamfélaginu, þær eru betri í öllum fögum í grunnskólanum að leikfimi frátalinni, og þær eru 60% þeirra sem sækja sér æðri menntun. Þetta sýnir að sú stefna sem tekin var á níunda áratugnum til skapa stelpum betri framtíð og auka möguleika þeirra, hefur virkað. Enn er það þó svo að stelpurnar velja hefðbundnar kvennagreinar og þær fá ekki þær stöður sem fjöldi þeirra og hæfni ætti að segja til um. Þannig er enn þörf á aðgerðum sem gera mögulegt að breyta þessu mynstri.

Almennt séð má líka segja að af þeim sem lenda á jöðrunum og snúa aftur í tölfræðinni um ofbeldi og afbrot eru allt að 90% strákar. Svo virðist sem að þeir sem ekki standa sig, séu strákar. Það er kominn tími til að einnig þessi staðreynd sé tekin til mats – hvað gerum við til að bæta stöðu drengjanna?

Þessar spurningar hafa verið ræddar í mismunandi samhengi innan rannsókn- og faghópa og einnig innan norræns vinnuhóps um karla og jafnrétti tilnefndum af embættismannanefndinni um jafnréttismál undir Norrænu ráðherranefndinni. Starfshópurinn fékk norrænan styrk til að standa fyrir ráðstefnu sem átti að varpa ljósi á málið og síðan gefa út bók um kynjamótun í leikskólum og skólum.

Norræn ráðstefna um opinbera kynjamótun var síðan haldin í desember 2002 í Noregi. 180 þátttakendur komu frá Norðurlöndunum og sýndu þörfina fyrir auknar aðgerðir og betri starfsaðferðir í vinnunni með stráka og stelpur í leikskólum, skólum og skipulögðu frístundastarfi.

Starfshópurinn fékk norska karlarannsakandann Ole Bredesen til að útbúa skýrslu um reynsluna frá ráðstefnunni og til að safna saman reynslu frá starfi norrænu landanna varðandi kynjamótun og jafnrétti. Skýrslunni var skilað í júlí 2003. Í ágúst sama ár setti starfshópurinn sig í samband við forlagið Cappelen til að kanna möguleikana á að gefa út bók, sem gæti byggt á skýrslunni, í þeim tilgangi að sem flestir fengju möguleika á að kynnast reynslunni. Og nú er sú bók komin út.

Starfshópurinn færir Ole Bredesen þakkir fyrir allt hans starf við bókina sem við teljum að sé mikilvægt framlag til vinnunnar við að þróa aukna meðvitund um eigið starf meðal starfsfólks leikskóla og skóla og sem jafnframt gefi góð dæmi um hvað sé hægt að gera. Við viljum einnig þakka Katinka Lønne Christiansen hjá Cappelen fyrir að hafa haft trú á bókinni og vilja gefa hana út.

Unnt er að kaupa bókina á norsku í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Hún hefur verið þýdd á finnsku og er unnt að nálgast hana hjá Norrænu ráðherranefndinni. Loks hefur hún verið þýdd á íslensku og aðgengilega sem PDF – skjal á Internetinu.

Formáli

– Noregur

Eftir Erik Hauglund ráðgjafa

Starfsfólk leikskóla og skóla ætti að geta haft gagn og gaman af þessari bók sem og kennaranemar.

Kunnátta og hæfni er ekki eitthvað sem hefst þegar börn eru sex ára. Þegar þeim aldri er náð hafa flestar hugmyndir þegar skotið rótum. Það er því sérstaklega á árunum fyrir skólagönguna sem grundvöllur hlutverkaskilnings og kynjaviðhörfa er lagður og mikinn hluta þess tíma er meirihluti barna núorðið í leikskólum.

Öll börn byrja í grunnskóla sex ára gömul og sökum þess hversu fáir karlar vinna í leikskólum og á fyrstu árum grunnskólans stykjast hugmyndir um að það séu konur sem séu ábyrgar fyrir börnunum. Þeim mun mikilvægari er meðvitund uppeldisstefna með kynja- og jafnréttissjónarhorn bæði í leikskólum og grunnskólum.

Í kennaranámi er mikilvægt að auka meðvitund um og skilning á að börn eru strákar og stelpur og að hinir fullorðnu bera ábyrgð á að horfa til og skilja barnið bæði sem kyn og sem einstakling. Hvorki leikskólarnir né grunnskólarnir verða nægilega góðir nema starfsfólkið sé af báðum kynjum og að jafnrétti verði grundvallarþáttur í starfseminni.

Á þessum grundvelli hefur barna- og fjölskylduráðuneytið lagt fram framkvæmdaáætlun um jafnrétti í leikskólunum með það að markmiði að þróa jafnréttissinnaða uppeldisstefnu og fá fleiri karla til starfa. Í samvinnu ráðuneytisins, háskóla og sveitarfélaga og svo einstakra leikskóla verður áhersla lögð á að þróa uppeldisfræði og starfsaðferðir sem geta lagt til aukna þekkingu og skilning á hugtakinu jafnrétti í leikskólum.

Þessi bók verður mikilvægt tæki í þessari vinnu og sérstaklega fyrir háskólana og starfsfólk leik- og grunnskóla.

Formáli

– Svíþjóð

Eftir Lars Wittenmark, atvinnumálaráðuneytinu

Almennt markmið sænskrar jafnréttisstefnu er að konum og körlum beri sömu möguleikar, réttindi og skyldur. Þetta gildir jafnt fyrir konur og karla í stjórnámálum og atvinnulífi eins og fyrir stelpur og stráka í skólum og leikskólum.

Í álitum ríkisstjórnarinnar um jafnréttisstefnuna *Jämt og ständigt* (skr 2002/03: 140) er kemur fram að þörf sé frekari aðgerða til brjóta niður hefðbundin kynjamynstur og það valdakerfi sem m.a. birtist í kynjaskiptingunni innan menntakerfisins. Í þessu álitum er því slegið föstu að efla þurfi jafnréttisstarfið á öllum sviðum menntakerfisins og gera það markvissara, ekki síst í leikskólum. Ríkisstjórnin skipaði nefnd árið 2003 sem hefur það verkefni að ýta undir, efla og þróa jafnréttisstarfið í leikskólunum.

Skortur á jafnrétti takmarkar möguleika drengja og stúlkna til mannglegrar þróunar. Börnin koma í leikskólann á viðkvæmu stigi í þróun persónuleika og sjálfsmyndar; á stigi þegar grundvöllurinn er lagður að mörgum gildum og hugmyndir um “kvenlegt” og “karllegt” mótast.

Jafnréttisaðgerðir beinast oft fyrst og fremst að stelpunum. Ef við viljum geta brotið niður hefðbundin kynjamynstur og kynjahlutverk þurfa þess vegna fleiri aðgerðir einnig að beinast að strákunum, stöðu þeirra og umhverfi.

Vonandi getur þessi bók lagt sitt af mörkum til að stelpur og strákar geti lært og þroskast innan leikskóla og skóla sem starfa á grundvelli jafnréttisviðhorfs sem hvílir á þekkingu og meðvitund.

Formáli

– Danmörk

“Nýir strákar og nýjar stelpur – ný upeldisfræði?” er ný fagbók eftir norska karlafræðinginn og félagsfræðinginn Ole Bredeesen og er skrifuð fyrir leikskólakennara og kennara. Ole Bredeesen hefur sem upphafspunkt þá staðreynd að bæði karlar og konur eru mikilvæg sem hlutverkafyrirmyndir fyrir nám barnsins og þróun kynímyndar. Höfundurinn sýnir fram á að þeim mun yngri sem börn eru þeim mun færri körlum geta þau tengst á uppeldisstofnununum. Þess vegna er mikilvægt að leikskólakennarar og kennarar án tillits til eigin kyns geti stutt barnið í að þroska bæði karllegar og kvenlegar hliðar. Í bókinni eru meðal annars lögð fram ýmis fagleg ráð til karla og kvenna sem starfa á leikskólum og í skólum.

Bókin getur verið innlegg í umræðuna um börn og kynjahlutverk. Hún er hugsuð sem aðstoð við starfsfólk sem vinnur með börn og vill endurhugsa samveru sína og barnanna. Bókin á að aðstoða við að veita besta mögulega útgangspunkt fyrir gott líf með því að jafnréttis- og kynjasjónarhorn sé þáttur í hversdagslífi barnanna.

Börn eiga að hafa sömu möguleika og vera jafngild án tillits til kyns. Hefðbundin mynstur kynjahutverka eiga ekki að hemja börn og ungmenni í hversdagslífi þeirra með því að takmarka hvað stelpur og strákar geta og mega. Í bókinni er lögð þung áhersla á að við getum ekki ákvarðað þróun barna okkar. Barn þroskar kynvitund sína í flóknu samspili við umhverfi sitt. Þar inn getum við ekki farið og formað eða fyrirskipað.

Formáli – Ísland

Eftir Ingólf V. Gíslason

Stöðugt eykst sá tími sem börnin okkar sitja á skólabekk. Samfélagsvæðing barnauppeldis, umhyggju og menntunar hefur í för með sér að fleiri og fleiri alast upp og læra hjá fólki sem af því hefur atvinnu. Þessi breyting hefur gerst mjög hratt og svo virðist sem hvorki skólarnir eða obinber yfirvöld hafi fylgt með. Að stórum hluta er skólakerfið byggt upp á sama hátt og það hefur alltaf verið. Meðal annars er litið svo á að í skólunum séu “börn” eða “nemendur” án þess að hugað sé að því að heimur okkar er um margt kynjaskiptur heimur og til eru stelpur og strákar.

Þessi blinda var harkalega gagnrýnd af kvennahreyfingum á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar og sú gagnrýni leiddi til nokkurra breytinga. Með ýmsum aðgerðum og verkefnum var reynt að losa skólann við það kynjamisrétti sem einkenndi hluta af skólastarfinu. Þessum aðgerðum var að stórum hluta beint að stúlkunum og hafa að öllum líkindum skilað árangri. Að minnsta kosti sjáum við að stúlkur eru stöðugt stærri hluti þeirra sem ljúka stúdentsprófi og háskólanámi. Og þær birtast á fleiri og fleiri sviðum sem áður voru einokuð af strákum og körlum. Þau svið sem einokuð hafa verið af stúlkum og konum eru það hins vegar enn. Mjög fáir karlar vinna við umhyggju og uppeldi og sárafáir strákar mennta sig innan þeirra sviða.

Þessar breytingar hafa á stundum leitt til vangaveltna um að strákarnir séu að verða undir, að þær breytingar sem urðu á sjöunda og áttunda áratugnum hafi haft í för með sér “kvennavæðingu” skólanna sem hafi aftur orðið til þess að strákarnir standi sig ekki sem skyldi. Eða þá að talað er um að hinn mikli fjöldi kvenna meðal leik- og grunnskólakennara hafi í för með sér að litið sé á drengi sem “vandamál”.

Fyrir stuttu var þó á það bent hér á Íslandi að svo virðist sem stelpurnar hafi staðið sig betur en strákarnir í skóla þegar við upphaf tuttugustu aldarinnar þegar flestir kennaranna voru þó karlar. Sönnunarbyrðin er þar með hjá þeim sem telja að konunnar í kennarahópnum séu kjarni vandans.

Þessi bók er hugsuð sem innlegg í umræður, sem tilraun til að fá starfsfólk í mennta- og uppeldisstofnunum til að velta sviðinu fyrir sér. Hugsa um börn en einnig um stelpur og stráka á þeim grundvelli að svo margt í heiminum sé öðruvísi fyrir stelpur en stráka að hugsast getur að á stundum þurfi stelpur og strákar á misjöfnum upplifunum að halda til að verða það sem við höfum sem sameiginlegt markmið, hamingjusamt og samvinnufúst fólk sem eru metin og meta aðra án kynjamisréttis.

Formáli

– höfundur

Við Norðurlandabúar lítum á samfélög okkua sem fyrirmyndir þegar kemur að jafnrétti. Konur hafa haldið inn á vinnumarkaðinn, í menntun og stjórnmal og karlar hafa farið “íhina áttina”, nær fjölskyldunni og nánari tengslum við börnin sín. Þessi þróun hefur haft í för með sér aukna möguleika í lífinu og aukin lífsgæði fyrir bæði kynin.

Það er ekki jafn ljóst að við séum verðugar fyrirmyndir þegar kemur að börnum og unglíngum. Stöðug umræða um “vandræðastrákana” sýnir okkur að strákarnir hafa gleymst. Rannsóknir á lífi drengja eru vart til og sárafáir leik- og grunnskólar byggja starf sitt á stefnu sem er þrauthugsuð með tilliti til þarfa drengja. Þessi bók er tilraun til að mæta umræðunni um stráka og stöðu þeirra á grundvelli þeirrar þekkingar sem þó er til staðar. Við viljum ræða spurninguna hvers vegna það sé alltaf strákur sem er “vandræðabarnið”, af hverju mun fleiri strákar fá sérkennslu, af hverju strákar standa sig illa í skólanum, hvaða máli karlar í leikskólum geta skipt. Bókin byggir á hugmyndum um kynjamótun bæði frá fræðimönnum og þeim sem starfa í skólunum. Í bókinni er ekki hvað síst lögð áhersla á hvað leikskólar og grunnskólar geti gert. Bent er á mismunandi uppeldislegar aðferðir á Norðurlöndunum og reynslu þeirra leik- og grunnskóla sem hafa reynt mismunandi aðferðir.

Tilgangurinn með nýrri bók um kynjamótun er ekki bara að sýna hvað sé hægt að gera heldur einnig að efla skilning. Hvernig móta stelpur og strákar nútímans hlutverk sín og hvernig gæti heimurinn litið út frá sjónarhóli stráks annars vegar og stelpu hins vegar? Einn rauður þráður virðist vera að það er varasamara fyrir drengi en stúlkur að reyna að færa út kynjamörkin. Þetta á við allt frá því augljósa að ganga í pilsu, leika með dúkkur og faðmast yfir í að láta námið hafa forgang sem einnig getur fengið á sig hinn stórvarasama kvenlega stimpil.

Bókin fjallar bæði um stelpur og stráka en aðaláherslan er lögð á strákana. Hún er fyrir þá sem eru forvitnir, þá sem vilja velja fyrir sér eigin uppeldisaðferðum, þá sem vilja fá yfirsýn yfir umræðuna og þá sem vilja fá upplýsingar um aðferðir og finnst að allir eigi að hafa sömu möguleika óháð kyni.

Jafnrétti snýst líka um lífsmöguleika og lífsgæði stelpna og stráka á Norðurlöndum. Til þess að þróunin verði jákvæð þar þurfum við úrræði, meðvitaðar aðgerðir og skilning. Þessi bók leggur til skilninginn.

Ole Bredesen

Inngangur

Það fyrsta sem vekur athygli þess sem kemur inn í leikskóla eða grunnskólabekk er hversu misjafnlega strákar og stelpur haga sér. Agnes Andenæs¹, sem fengist hefur við rannsóknir á börnum og samfélagsrýnirinn Bertill Nordahl² nálgast málið frá mjög ólíkum sjónarhornum en þrátt fyrir það eru lýsingar þeirra, einkum á venjulegum degi stráka, mjög líkar.

“Einar þráir að vera með í leik hinna strákanna í leikskólanum. Leik, sem okkur virðist ekki sérlega eftirsóknarverður. Í stuttu máli: Þeir keppa, þeir slást og þeir gráta. Þeir eiga í erfiðleikum með að komast af stað, reyna að ná sambandi hver við annan með árásum og smávegis eyðileggingu. Þeir taka lítið tillit hver til annars þegar einhver meiðir sig eða er leiður. Árásargjarna samkeppnin á að fara fram á glettinn hátt og þess vegna leyfist manni ekki að taka það nærri sér þó eitthvað verði manni mótdrægt. Strákarnir leita út fyrir sjón- og heyrnarsvið hinna fullorðnu, inn í púðaherbergið, eða þá að þeir hlaupa hver á eftir öðrum á jöðrum útileiksvæðisins og reyna að slá hvern annan með prikum sem þeir finna. Þrátt fyrir slagsmál, mótmæli og grát í hópnum, leita þeir aftur og aftur hver til annars, þvert gegn varfærnislegum tilraunum hinna fullorðnu til að halda aftur af þeim.”

(Andenæs 1992, s. 135)

“(…) þar sem ég mjög oft varð fyrir því að raunveruleikinn í stofnunum var bókstaflega þannig að drengirnir klifruðu á veggjunum og loftinu og á gólfinu og hegðun þeirra var þannig að ekki var á nokkurn hátt hægt að líta á hana sem mjúka og viðkvæma eða segja að hún einkenndist af hluttekningu og innsæi. Og hegðun þeirra var alls ekki félagsleg. Þvert á móti var einhver “survival of the fittest” andi sem sveif yfir öllu saman. Og meðan á þessu stóð sátu kennslukonurnar annað hvort með samansignar axlir – þær höfðu gefist upp – eða þær spruttu upp með jöfnu millibili eins og púkar úr öskjum og þutu að drengjunum og helltu yfir þá skömmum, meðan drengirnir horfðu skilningsvana á þær.” (Nordahl 1995, s. 11).

Norrænir kennarar og leikskólakennarar þekkja sig ef til vill ekki í lýsingunum á þessum strákum en ýmislegt vita þeir um vandræðastráka, lina stráka, rólega stráka og varkára stráka, sem hverfa í fjöldann.

Þessi bók fjallar um þroskamöguleika stelpna og stráka innan leikskólans og í grunnskólanum. Ég ætla að draga fram fjögur mikilvæg svið sem geta sagt okkur ýmislegt um það hvernig grunnskólarnir, leikskólarnir og uppeldisfræðin eru uppbyggð með tilliti til stráka og stelpna og hvernig stofnanirnar ættu að vera uppbyggðar.

Þessi svið tengjast því (1) hvernig og af hvaða ástæðum strákar greina sig á neikvæðan hátt frá í stofnununum og (2) hvað kennarar hugsa um kyn. Gera má ráð fyrir að hugmyndir kennara um kyn hafi mikla þýðingu fyrir uppbyggingu stofnananna. (3) Leikskólar og grunnskólar eru líka svið kynjamótunar. Hvað þýðingu hafa þessar stofnanir fyrir það hvernig börnin þroskast til að verða karlar og konur? (4) Og hvaða afleiðingar hefur það að það eru svo fáir karlar í mörgum leik- og grunnskólum?

Í þessum inngangi ætla ég að leggja fram bakgrunn þessara sviða og stutt yfirlit um þau.

¹ Andenæs, Agnes. 1992: “Hvorfor kle på seg selv når man kan få mor til å gjøre det?”

² Nordahl, Bertill. 1995: *Tarzan i damejungelen*.

1. Karlar sem kyn og félagsleg vandamál karla

Þessi bók hefur orðið til vegna frumkvæðis vinnuhóps um karla og jafnrétti innan Norrænu ráðherranefndarinnar. Vinnuhópurinn hefur unnið að því að örva feður til að taka aukinn þátt í umönnun barna sinna og að því að draga úr ofbeldi karla gegn konum.³ Hópurinn er þeirrar skoðunar að grundvöllurinn að jákvæðum og neikvæðum hliðum í tilveru norrænna karla sé lagður í barnæsku og á unglingsárunum og gildir þá einu hvort hér er átt við kynlíf, félagslega hæfni, starfsval, iðni í skóla, lestrarkunnáttu eða annað. Í stað þess að vinna bara með unglunga og fullorðna hefur hugmyndin verið að byrja snemma í lífi barna. Opinberu uppeldisstofnanirnar, leikskólarnir, grunnskólarnir og frístundatengt skólastarf ber sérstaka ábyrgð hvað þetta varðar.

Í margvíslegri tölfræði koma strákar lakar út en stelpur: Strákar fá lakari einkunni en stelpur á öllum skólastigum og lestrarkunnátta þeirra er oft lakari. Þeir eru oftast greindir með athyglisbrest eða hegðunarvandkvæði, þeir flosna oftast upp úr skóla, þeir lenda oftast í vandræðum með lögregluna og þeir svifta sig oftast lífi. Þessi tölfræðilega staða drengja endurspeglast í samfélagslegri tölfræði fullorðinna karla. Karlar eru fleiri meðal langtímaatvinnulausra og meðal þeirra sem deyja fyrir aldur fram. Á sama tíma eru það karlar sem efst standa í samfélagsstiganum og sitja í valdamestu embættum samfélagsins. Kennarinn eða leikskólakennarinn, sem sér fyrirverandi nemanda sem síbrotamann eða meðal helstu ráðamanna, mun oft spyrja sjálfan sig hvað hann eða hún hefði getað gert öðruvísi, eða hvað hann eða hún hafi gert sem var rétt. Ef til vill ætti kennarinn líka að spyrja sig hvers vegna það var einn af strákunum hans og ekki ein ef stelpunum sem lenti á toppnum eða á botninum. Velta kennarar og leikskólakennarar kyni fyrir sér á þennan hátt?

Hvernig hugsar kennarar og leikskólakennarar eiginlega um kyn í uppeldisstarfi sínu? Til að fá svar við þeirri spurningu hefur norskur karlarannsakandinn Jörgen Lorentzen átt viðtöl við lítinn hóp fræðimanna, kennara og leikskólakennara á Norðurlöndunum. Svör þessara sérfræðinga verða kynnt í bókinni.

Að auki verður sagt frá faglegum viðhorfum sem komu fram á ráðstefnu Norræna ráðherraráðsins “Opinber kynjamótun”, sem fram fór 5.-6. desember 2002.

2. Börn, ekki stelpur og strákar?

Fyrsta spurningin sem beint var að sérfræðingunum var: Að hve miklu leyti eru þeir sem vinna í skólum og leikskólum að velja fyrir sér kynjaspurningum? Ýmis tölfræði úr skólum og samfélaginu í heild sýnir sem sagt að strákar og ungir karlar greina sig frá á neikvæðan hátt. Þrátt fyrir það hafa menn tilhneigingu til að “láta eins og” vandamálin eigi ekki síður við um stelpur. Ef horft er framhjá því hversu mikilvægur þáttur kyn er og þess í stað litið svo á að þessar ögranir séu frekar almenn vandamál, sem fyrst og fremst tengjast námi, hegðunarstjórnun, geðheilsu, forvarnarstarfi og slíku þá hefur það þokukennd áhrif.

Ef að það væru alltaf táníngastelpur sem notuðu skólatímann til að ræna þá sem eiga leið fram hjá, ef það væru alltaf stelpur sem ættu í útistöðum við lögregluna, ef það væri alltaf einhver stelpnanna sem hleypti upp kennslunni í bekknum og ef það væru alltaf stelpur sem ykju útgjöld stofnananna þá myndum við að öllum líkindum álykta að hér væri um að ræða kynjavandamál. Við myndum segja að það væri eitthvað sérstakt við stöðu stúlkna sem hafi í för með sér að þær greini sig frá og við getum og eigum að gera eitthvað þess vegna.

³ Norræna ráðherranefndin. 1998: *Menn og likestilling – handlingsplan og bakgrunnsnotat*; Norræna ráðherranefndin. 2000: *Menn og likestillingi arbeidslivet – et idédokument*. Frekari upplýsingar á <http://www.nikk.uio.no/mansforskning>

Innan femíniskra viðhorfa hefur verið litið á kyn og stöðu kvenna sem eitthvað sem unnt sé að breyta. Það er ekkert sem segir að konur eigi alltaf að vera eyndarlega meðaltalið; vera hlýðnar litlar stelpur, vera einstætt foreldri á lágum launum, hafa léleg tengsl við atvinnulífið, verða oftar þunglyndar og eiga frekar við átröskun að stríða. Þetta eru aðstæður sem konur sjálfar og umhverfið geta breytt. Í mörgum tilfellum er líka hægt að líta svo á að staða stráka sé ákvörðuð af kyni þeirra og sé breytanleg.

Starfsfólk grunn- og leikskóla horfir framhjá mikilvægum þætti í námi og þroskaferli barna ef það hugsar bara almennt um börn. Án kynjasjónarhornans takmarkar maður möguleika sína til áhrifa verulega. Við spurðum íslenska leikskólastjórann Margréti Pálu Ólafsdóttur: “Er það rétt að í leikskólum og skólum í dag sé ekki lengur talað um og hugað um stráka og stelpur, heldur börn?” Hún svaraði:

“Mér sýnist flestir tala um börn og einstaklinga. Það eru grundvallar mistök því kyn er stór breyta í lífi barns. Stærsta breytan held ég næstum því, ef til vill ásamt þjóðerni. Þess vegna held ég að þetta séu mikil mistök. Kynin eru tvö. Fyrsta spurningin sem þú færð í lífinu er hvort þú sért strákur eða stelpa. Fyrsta spurningin! Og svo reynum við allt í einu að sleppa barninu lausu og látum eins og það sé bara eitt kyn. En þau eru tvö og það er grundvallaratriði. Ástæða þess að ég held að kyn sé grundvallaratriði á sama hátt og þjóðerni og menning er að kyn ákvarðar hvernig skólaganga þín verður – hvernig líf þitt verður – hvernig vinnu þú færð – hvaða laun þú færð. Kyn ákvarðar allt. Það getur til dæmis verið erfitt að vera múslimi í dag. En það hvort þú ert strákur eða stelpa er eftir sem áður það mikilvægasta” (Margrét Pála Ólafsdóttir, viðtal).

Margrét Pála segir með öðrum orðum að leikskólar og grunnskólar breiði teppi kynjahlutleysis yfir æskuna. Kynjahlutleysi þýðir í þessu tilfelli að líta framhjá því hvernig kynið ákvarðar hvernig líf og skólaganga barnanna verður og hvaða áhrif stofnanirnar geta haft. Ástæðan er sú að það hvernig fullorðnir tala við börnin, líkamstjáning þeirra, starfið sem þeir setja af stað, hæfileikar sem þeir meta, munu þá hafa þau áhrif að stýra stelpum og strákum í mismunandi áttir.

En er best að tala um stelpur og stráka? Getur ekki verið að mikil áhersla á kyn geti eins orðið til þess að festa í sessi þann skilning að stelpur og strákar eigi að hegða sér á ákveðinn hátt?

3. *Opinber kynjamótun*

Eitt af grundvallaratriðunum í starfi norræna vinnuhópsins um karla og jafnrétti og í þessari bók er að það sé munur á stelpum og strákum, körlum og konum. Vilji maður þess vegna að strákar og stelpur hafi sömu möguleika er nauðsynlegt að taka tillit til mismunar kynjanna. Þroskaferli barna er mismunandi hjá strákum og stelpum. Í því þroskaferli bera leikskólar og grunnskólar ábyrgð og meiri ábyrgð en áður.

Fjölskyldan hefur verið mikilvægur aðili í að kenna hvernig stelpur geti verið stelpur og strákar strákar. Í samfélagi nútímans eyða börn miklum tíma í leikskólum, skólum og frístundaheimilum. Báðir foreldrar eru þátttakendur í atvinnulífinu í ríkari mæli en áður. Ef grunnskólar og leikskólar axla ekki ábyrgð sín verður kynjamótunin skilin eftir í höndum annarra aðila: jafnaldra, kvikmynda, tónlistar- og fjölmiðlaheimsins.

Hvernig eiga opinberu upplýsingastofnanirnar að takast á við þessa ábyrgð?

4. *Kvennavæðing æskunnar*

Eins og áður var nefnt eyða börn meiri tíma í leikskólum, skólum og frístundatengdu skólustarfi en áður. Mikið af þeirri félagslegu kennslu sem áður fór fram innan fjölskyldunnar á sér nú stað á vegum hins opinbera. Miðlæg spurning sem vakið hefur

mikla athygli er hvaða afleiðingar það hafi fyrir félagslega mótun barna og kynjavitund þeirra að annað kynið, karlar, eru að stærstum hluta fjarverandi. Í dag hafa mörg börn lítið samneyti við feður sína og hitta ekki heldur karla í opinberum menntastofnunum. Með norrænum augum er hlutur karla í norskum menntastofnunum frekar hár. Þó er hlutur þeirra ekki nema 7% í leikskólunum, 11% á skóladagheimilum og 30% í grunnskólunum. Með öðrum orðum þá hefur fjarvera karla orðið að opinberu málefni og þar af leiðandi er mikilvægt að komast að því hvort og þá hvernig þetta sé vandamál og hvað beri að gera til að koma á jafnvægi.

Uppbygging bókarinnar

Tveimur stígum er fylgt í þessari bók. Annar stígurinn er sviðin fjögur sem áður voru nefnd. Hinn er nytsamlegar ábendingar og umhugsunarefni fyrir kennara eða grunnskólakennara sem vilja horfa á nýjan hátt á uppeldisstarf sitt.

Í “Fyrsta hluta: Hvað vitum við?” mun ég kynna rannsóknir og vitneskju um stelpur og stráka, sem eiga skilið að fá meiri athygli.

Í “Öðrum hluta: Rammarnir” verður fjallað um nokkrar grundvallarforsendur kynjamótunar barna. Lykilorðin eru hlufall karla og kvenna meðal starfsfólks og kynjahæfni starfsfólksins.

“Þriðji hluti: Hvað gera aðrir?” fjallar um starf. Margir leikskólar og grunnskólar á Norðurlöndum hafa unnið á virkan hátt með kyn og kynjamótun. Í þessum hluta mun ég kynna og ræða nokkur mikilvægustu verkefnin.

Að lokum mun ég reyna að draga saman svörin úr hinum þremur hlutum bókarinnar og reyna að ákvarða hvað uppeldisfræðin geti lært af svörunum.

FYRSTI HLUTI: HVAÐ VITUM VIÐ?

- Sjö “stórsögur” um kyn
- Frásagnir barnanna sjálfra
- Umræða um kynjamótun og vanda stráka
- Sex punktar um kynjavinnu

Ímyndum okkur að ég sé umsjónarkennari í sjötta bekk þar sem mér er sérstaklega ögrað af vinahópi fimm stráka sem gera kennsluna erfiða. Við umræður varpa þeir stöðugt fram einhverju sem ekki kemur málinu við og þeir eru á stöðugum þvælingi um kennslustofuna. Ég veit ekki hvað ég á að gera. Það sem ég segi virðist ekki hafa nein áhrif, hvort heldur ég er góður eða strangur. Þeir áreita stelpurnar í bekknum meðal annars með því að kalla þær mellur. Þega ég neyddist einu sinni til að reka einn þeirra út úr kennslustofunni, kallaði hann meira að segja mig hóru!

Það er sérstaklega ef þessir fimm eru saman í hóp sem maður getur verið viss um að þeir koma engu í verk og ef þeir eru í öðrum hópum eyðileggja þeir bara fyrir hinum. En þetta er ekki alltaf jafn slæmt og ég held ekki að þessu fylgi nein illska. Einstaka sinnum geta þeir lagt eitthvað jákvætt af mörkum. Að stórum hluta er þetta líklega bara það að þeir vita ekki hvernig þeir eiga að haga sér og geta alls ekki sett sig í spor annarra. Með öðrum orðum, þetta verður einfaldlega aðeins of mikið, aðeins of oft.

Þetta er uppspunnin lýsing en eins og fram kom í upphafi þá er hún ekki fjarri hversdagslegri upplifun í leikskóla eða grunnskóla. Hvernig þessi kennari skilur eða túlkar stöðuna og lítur á stelpurnar og strákana í sjötta bekknum sínum mun hafa mikil áhrif á hegðun hans í skólastofunni. Í þessum hluta bókarinnar ætla ég að nota þetta dæmi til að varpa ljósi á mismunandi þekkingu um börn og unglunga og kyn.

Fyrst ætla ég að gera grein fyrir sjö algengum aðferðum við að tala um og skilja kyn og vandamálahegðun og einni óalgengari. Að því loknu ætla ég að leggja fram nokkrar öðruvísi aðferðir við að nálgast málið.

“Stórsögur” um kyn og vandræðastráka

Öll erum við, að meira eða minna leyti, frístundarannsakendur þegar kemur að kyni, kynjahlutverkum og skólum. Allir fullorðnir hafa vaxið úr grasi sem stelpa eða strákur, gengið í skóla og jafnvel líka í leikskóla. Allir hafa þar af leiðandi þekkingu frá fyrstu hendi um kyn og uppeldisaðferðir og mynda sér eigin skoðun á því hvernig raunveruleikinn lítur út. Þetta er ástæðan fyrir því að umræður um og sýn á börn og kyn verða svo ákafar, t.d. á foreldrafundum í skólum og leikskólum. Hver hefur ekki upplifað að slíkar umræður þróist yfir í umræður um eigin æsku og uppeldi eða samlíf karla og kvenna?

Þó svo að starfsfólk leikskóla og grunnskóla myndi sér eigin skoðanir þá eru ákveðnar skýringar sem margir aðhyllast, sem margir hafa trú á og hafa áhrif á hvernig starfsfólkið kemur fram við strákana.

“Stórsögur” er hugtak sem tekið er frá samfélagsfræðingnum og heimspekingnum Jean-François Lyotard⁴. Það vísar til hugmynda, skýringa, forsendna og heimssýna sem einstaklingar í ákveðnu samfélagi eru sammála um að séu sannar og nái yfir eigin líf og annarra. Á þessum grundvelli getum við haldið því fram að til séu nokkrar stórsögur um kyn og vandræðastráka.

1. Eðlisskýringar: “Svona eru strákar”

“Strákar eru nú bara svona” er skýring sem margir innan uppeldisstofnana nútímans grípa til til að varpa ljósi á hversdagslega atburði eins og lýst var hér frammar. Margir eru þeirrar skoðunar að það sé drengjum eðlilegt að vera í andstöðu við kennarann. Fólk er ef til vill þeirrar skoðunar að strákar fæðist árásargjarnari eða með meiri þörf fyrir sýnileg völd en stelpur, eða að það sé á einhvern annan hátt grundvallarþáttur í eðli þeirra að haga sér á þennan hátt. Í stuttu máli er hegðun stráks útskýrð með karllegu eðli sem stelpur hafi ekki.

Slíkar skýringar á eðli stráka hvíla oft á líffræðilegum mun stelpna og stráka. Það að strákar slást frekar, eru árásargjarnari og þroskist seinna en stelpur stafi af líffræðilegum mun í erfðaeiginleikum, hormónum eða öðru álíka. En skýringarnar á eðli stráka geta líka byggst á sálfræðilegum kenningum um ólíka sálræna gerð stelpna og stráka og hvernig hún mótast á unga aldri.

Þegar orsökkin fyrir hegðun strákanna er talin vera svona grundvallandi er tilgangslítið að reyna að breyta strákunum. Innan þessara skýringa er því bent á mikilvægi þess að fallast á mismun, til dæmis að strákar hafi ekki sömu möguleika til að þroska hluttekningu og umönnunarhæfileika eins og stelpurnar. Uppeldisaðstæður og uppeldisfræði verður þess í stað að aðlagast ætluðum styrk og veikleika strákanna og miðast við að stelpur og strákar hafa frá upphafi fengið ólík spil á hendur.⁵

Sterkasta gagnrýnin á þessa skýringu er að oft hefur hún í för með sér uppgjöf: “Já, já strákar eru nú bara strákar og ekkert við því að gera.”

2. Fjölskylduskýringar: “Af því að pabbi er fjarverandi”

“Ég veit að fáir þessara stráka hafa eitthvað samband við feður sína og af því að ég er ekki karl er lítið sem ég hef að bjóða,” er skýring sem ég hef fengið frá kvenkennara. Það

⁴ Lyotard, Jean-François. 1996: *Viden og det postmoderne samfund*.

⁵ Zlotnik, Gideon. 1991: *De stakkels drenge*, bls. 119-122.

að strákar hagi sér eins og þeir gera vegna þess að þeir hafi ekki haft neinn föður heima og ekki heldur hitt karla í leikskóla eða grunnskóla er skýring sem margir munu telja líklega, sérstaklega ef kennari strákanna er kona.

Ein af ástæðum þess að margir miða við fjölskylduna þegar kemur að því að skýra hegðunarmynstur stráka og stelpna í uppeldisáðstæðum er að fjölskyldan er stofnun sem margir eru tengdir enn nánari böndum en grunnskólanum eða leikskólanum. Flestir hafa skýra hugmynd um hvaða þýðingu feður þeirra og mæður hafa haft í lífi þeirra og þetta er líka svið þar sem margar rannsóknir hafa átt sér stað. Foreldrar geta fundið þekkingu um tengsl fullorðinna og barna beint í eigin reynslu frá fjölskyldu sinni. Leikskólar og grunnskólar yfirtaka hluta af uppeldisábyrgðinni frá fjölskyldunum og þar á meðal félagslega kennslu. Og þegar foreldrar og starfsfólk leik- og grunnskóla nota persónulega fjölskyldureynslu sína til að skilja ákveðna hegðun innan stofnunar þá eru líka yfirfærðar hugmyndir um hvað uppeldi í fjölskyldum sé og hafi verið.

Margir hafa hugsað sér að stelpurnar í fjölskyldunni þroskist á þann hátt að þær verði litlar útgáfur af mömmum. Þær fá gjarnan gælunöfn eins og “litla mamma” eða “litla mín”. Strákarnir hins vegar þroskist í litlar útgáfur af pabba þannig að þeir geti komið í hans stað þegar hann er að heiman. Strákar eigi að læra að axla verkleg og þung verkefni og læra að vernda fjölskylduna. “Passaðu mömmu á meðan ég er ekki heima.” Hliðstætt þessu er bent á að skólastelpur verði oft aðstoðarkennslukonur en þar sem föðurfyrirmyndina skorti í skólanum þá verði strákarnir uppreisnarmenn. Til að mynda í umræðuriti Hans Bonde og Sören Carlsen⁶ er lögð áhersla á þetta sem mikilvæga skýringu á hegðunarvandamálum drengja og þörf þeirra fyrir sérkennslu.

“En það er auðséð að t.d. í hópi tíu skóladrengja er einn eða tveir sem eiga við hegðunarörðugleika að stríða, líður illa í karlmenskunni og eiga í vandkvæðum með kynímyndina. Marga þessa drengi hittir maður aftur í sérkennslu skólans. Þessir drengir finna ekki í skólanum – og ef til vill ekki heldur heima hjá sér – þá karlmannlegu fyrirmynd sem þeir leita að til geta skapað sjálfsmyndina” (bls. 39-40).

En líkingin við fjölskylduna þarf ekki að vera svona dramatísk. Margir hafa veitt athygli tilhneigingu barna á tröppum grunnskólans til að hópast að kennurunum og leita að tengslum í frímínútonum. Sérstaklega upplifa karlkennarar þetta og einstaka hafa meira að segja upplifað að vera kallaðir pabbi.⁷ Í ljósi þess að karlkennarar eru fáir er ekki óeðlileg skýring að börnin séu búin að fá nóg af mömmu en sakni pabba. Ef horft er á málið frá þessari hlið verður lausnin sú að útvega fleiri “feður” því, eins og sumir skrifa: Það eru aðeins feður og aðrir karlar sem geta komið strákum til manns.⁸

Það er hins vegar hægt að andmæla fjölskylduskýringunum með sterkum rökum. Skýringarnar byggja á því sem fólk tengir við fjölskyldu, þeim hlutverkum sem dæmigerð móðir og dæmigerður faðir geta haft gagnvart barni í fjölskyldu, þar sem hlutverkin bæta hvort annað upp. Til dæmis getur mamma verið sú sem huggar og sýnir hluttekningu en pabbi er sá sem sýnir barninu heiminn utan heimilisins, er félagi barnsins og sá sem stjórnar. Það gleymist auðveldlega að þó svo stofnanirnar hafi yfirtekið hluta af ábyrgðinni á uppeldinu frá fjölskyldunum þá eru þær ekki fjölskyldur. Það er heldur ekki neitt fast eða auðsætt varðandi það hvað sé fjölskylda. Sögulega séð hafa margar mismunandi fjölskyldugerðir verið til. Nefna má sem dæmi sveitafjölskylduna sem einnig

⁶ Bonde, Hans og Carlsen, Sören 1997: *Drengi i kvindedominerede miljøer*.

⁷ Stubsjöen, Øyvind. 1992: *De kaller mig pappa*.

⁸ Nordahl, Bertill. 1995: *Tarzan i damejungeln*.

var framleiðslueining, borgarlegu fjölskyldurnar hans Sigmund Freud í Vín eða hina vel skipulögðu kjarnafjölskyldu Vesturlanda sem var dæmigerð fyrir sjötta áratug 20. aldarinnar. Það á einnig við um nútímasamfélagið að það eru til margar mismunandi fjölskyldugerðir: Fjölskyldur einstæðra mæðra, “umgengnisfjölskyldur”, fjölskyldur samkynhneigðra, stjúpfjölskyldur með “nýjan pabba”, ættleiðingafjölskyldur og svo framvegis. Gagnrýna spurningin verður þá hvaða pabba börnin hafi þörf fyrir og sakni.

Það má gagnrýna þá sem sækjast eftir fleiri körlum í leikskóla og grunnskóla fyrir að ýkja það hvaða vandamál aukinn fjöldi karla myndi leysa án þess að útskýra nánar hvað það er sem karlarnir eiga að gera. Sjálfur hef ég greint norska fjölmiðlaumræðu⁹ um karla í skólum. Það er sláandi að lýst er eftir körlum en fáir, ef nokkrir, segja hvað karlarnir eigi að gera sem sé svo frábrugðið því sem konurnar gera.

3. Gagnrýn skýring: “Stofnunin er illa löguð að þörfum stráka”

Foreldrar, skóla- og leikskólafólk þekkir oft til einstaklinga sem á ólíkan hátt hafa orðið undir í skólakerfinu og velta því fyrir sér hvað hafi gert að verkum að kerfið virkaði ekki fyrir “strákinn þeirra.” Margir fræðimenn hafa bent á að skólinn verðlaunar nemendur sem geta setið kyrrir, hafa góða aðlögunarhæfni, eru fræðilega þenkjandi og geta endurtekið námsefnið.

Sökum þess að margir strákar eru verklega sinnaðir og eiga í erfiðleikum með að sitja lengi kyrrir og aðlaga sig að öðrum segja sumir að strákagildin eigi undir högg að sækja í skólanum.¹⁰ Þess vegna eru strákar oftast en stelpur upp á kant við kennarann, mótmæla oftast og eru oftast sendir í sérkennslu.

Þessi skýring á aðlögunarerfiðleikum drengjanna hefur það oft sem menntunarpólitískan útgangspunkt að í skólanum og í öðrum mikilvægum samfélagsstofnunum eigi að vera rými fyrir alla. Það eru sérstaklega einstaka uppeldisfræðilegar og félagsfræðilegar rannsóknahefðir sem hafa skoðað forsendur slíks “rýmis” og gagnrýna þau gildi sem séu ríkjandi í skólum og hafa það í för með sér að einstaka nemendahópar koma illa út. Í bók sinni *Rokkað í Vittula* gefur Mikael Niemi lýsandi dæmi um hvernig kyn og stétt getur orðið grunnur mismununar:

“Einn skýjaðan ágústmorgun klingdi bjallan og ég byrjaði í skóla. 1. bekk. (...)

Í upphafi urðu allir að koma upp að töflunni og skrifa þar nafn sitt. Sumir gátu, aðrir ekki. Á grundvelli þessa vísindalega prófs skipti kennarinn bekknum í tvo hópa sem hún kallaði eitt og tvö. Í hóp eitt fóru þeir sem stóðust prófið, flestar stelpurnar í bekknum og fáeinir embættismannasynir. Afgangurinn fór í hóp tvö, þar á meðal ég og Niila. Þótt maður væri bara sjö ára var stimpillinn settur nákvæmlega þar sem hann átti að vera.”¹¹

Ef við skoðum skólann sögulega sjáum við þróun þar sem skólinn var fyrst gagnrýndur fyrir að vera ekki lagaður að þörfum barna verkafólks, síðan stúlkna og nú eru skólar og leikskólar gagnrýndir fyrir að vera illa lagaðir að þörfum stráka og barna þjóðernisminnihluta. Þegar strákar aðskilja sig frá norminu á ýmsan neikvæðan hátt verður lausnin á grundvelli þessarar skoðunar sú að breyta uppbyggingu skólans þannig að hann geti einnig hentað strákunum.

Mikilvæg ábending getur hér verið hvort rétt sé að segja að skólinn sé illa lagaður að strákum. Það er jú ekki þannig að allir strákar skilji sig frá á neikvæðan hátt. Líklega eru

⁹ Bredesen, Ole. 2003: *Problematisk gutter og fraværende menn*.

¹⁰ Backe-Hansen, E. og Ogden, T. 1996: “Competent Girls and Problematic Boys”.

¹¹ Þýðing: Páll Valsson.

margir strákar sem ekki hefðu gagn af því að að kennslan yrði verklegri og meira tengd hreyfingu. Þá verður spurningin frekar: Hvaða strákar eru það sem skilja sig frá á neikvæðan hátt og hvað þurfa þeir?

Önnur ábending er að með því að leggja of mikla áherslu á uppbyggingu skólans sem ástæðu þess að strákar standa sig að meðaltali illa í skólanum sé verið að gera þá að fórnarlömbum. Er það þannig að strákar hafi engin áhrif á vitsmunalegan þroska sinn, líkamlegan óróleika og einbeitingu?

4. Femínískar skýringar. “Öfugt við óánægju stelpna þá er tekið tillit til óánægju stráka”

Eins og þegar hefur verið nefnt er upphafspunktur margra eigin reynsla þegar á að skýra hvers vegna strákar og stelpur hegða sér eins og þau gera. Margar konur (og karlar) hafa reynslu af að starfa að jafnréttismálum og vita að enn er það svo að konur verða fyrir samfélagslegri mismunun. Frá þessum sjónarhóli getur skýringin að ofan verkað nokkuð einkennileg. Á þeim tíma þegar stelpur náðu ekki jafn góðum námsárangri og strákarnir í framhaldsskólum, til dæmis í stærðfræði, var það skýrt með því að stúlkurnar skorti eitthvað, að þær væru frá náttúrunnar hendi lakari á þessu sviði. Þegar einhver skýrir nú slakari árangur strákanna með ytri aðstæðum getur það verkað undarlega. Er ekki hugsanlegt að það sé eitthvað að strákunum, að það séu strákarnir og ekki skólinn eða kvenkennararnir sem eru lélegir?¹²

Frá femínískum sjónarhól er ekki gert lítið úr mótmælahegðun strákanna í skólastofunni eða leikskólanum, hún er skýrð sem aðferð stráka til að túlka óánægju sína og láta hlusta á sig. Eftir sem áður er lítið á þessa stráka, og stráka almennt, sem forréttindahóp. Þeir krefjast og fá athygli og úrræði meðan ætlast sé til þess að stelpur aðlagi sig stofnuninni án tillits til þess hvort þær upplifi það þannig að þær hafi aðlagast eða ekki. Margar rannsóknir hafa vakið athygli á að því sé meira að segja þannig varið að stelpur séu gerðar ábyrgar fyrir því að stjórna eða vera stuðpúðar milli óstýriláttra stráka.¹³

Með tímanum hafa íhaldssamar femínískar sagnir orðið fyrir harðri gagnrýni sökum þess að þær leggja slíka áherslu á að gefa hina sönnu mynd af stöðu kynjanna að það reynist erfitt að koma á framfæri hugmyndum um kynin þar sem kúgun stelpna og kvenna er ekki meginatriðið.¹⁴

Stelpur og strákar eru oft hlutar sama kynjakerfis. Og það er of einfalt að líta á stelpurnar sem kúgaðar og strákana sem kúgarana. Það gæti náð heildarmyndinni betur að líta svo á að bæði stelpur og strákar tapi í sama kerfi þó svo að valdajafnvægið geti oft verið frekar strákanna megin. En stelpur eru, eins og strákar, þátttakendur í að viðhalda mörgum mismunandi hegðunarþáttum. Til að mynda er það ekki óalgengara að stelpur kalli hvor aðra “hóru” en að strákar kalli stelpur það. Þess vegna er mótsögn í því að mörg verkefni snúa að því að þroska stelpurnar og breyta þeim meðan svipuð markmið skortir gagnvart strákunum. Þegar bæði stelpur og strákar eru hluti sama kynjakerfis þarf að taka báða aðila með í breytingaferlið.

5. Karlmennskuskýringar: “Það er eitthvað að karlfyrirmyndum strákanna”

¹² Epstein, D. o.fl. 1998: *Failing Boys?*

¹³ Guldbrandsen, Liv Mette. 1998: *I barns dagligliv.*

¹⁴ Bech, Henning. 2000: “Fortællinger om køn i Danmark og Norden.”; Øvrelid, Bjarne. 1996: “Mannsforskningens ulike forgreiningar”.

Einstaka fræðimenn vinna sérstaklega með sjónarmið stráka og karla og að því að kynna þau fyrir öðrum. Þar sem það eru oft strákar sem lenda upp á kant við skólann og kennarann eins og lýst var í upphafi þessa hluta er ljóst að frá sjónarhorni karlafræða liggur skýringin hjá strákunum. Það eru strákar sem leggja áherslu á áhugaleysi sitt á náminu með því að þvælast um skólastofuna.

Segja má að á Norðurlöndum nútímans sé verið að búa til félagslegan ójöfnuð með því að margir strákar eru leiddir, og láta leiðast, til námshegðunar sem veitir þeim lélegan undirbúning fyrir áframhaldandi nám eða atvinnulíf. En það eru aðrar ástæður fyrir því að strákar fylgja ekki menntunarbyltingunni en þær sem áður héldu stúlukum frá æðri menntun. Bent hefur verið á að ein ástæða þessa sé að þær karlmennskuúmyndir sem margir strákar hafa sem fyrirmyndir gangi þvert gegn hugmyndum um að fjárfesta í námi. Ef strákar sem leggja sig fram í námi eiga á hættu að verða stimplaðir stelpur, kennarasleikjur, nördar eða álíka þá þarf ekki að koma á óvart að þeir kjósi meðalmenskuna.

Það sem er jákvætt er að hugmyndir um hvað sé karlmannlegt eða strákum eðlilegt taka sífellt breytingum.¹⁵ Þannig séð er von til þess að strákar og karlar eigi eftir að öðlast betra og innihaldsríkara líf, svo fremi unnið sé að því að breyta karlmenskufyrirmyndum, ramar karlmannlegrar hegðunar séu víkkaðir og strákar og karlar taki sjálfum sér og stöðu sinni tak.

Það er ekki aðeins innan karlafræða sem unnið er að því að fella inn stráka- og karlasjónarhorn. Þetta er hluti félagslegrar hreyfingar þar sem aukinn fjöldi karla lítur á það sem augljósan rétt sinn og skyldu að vinna heimilisstörf og sinna umönnun barna og gera það í slíkum mæli og á þann hátt að það er eðlismunur frá fyrri kynslóðum. Margir karlar innan atvinnulífsins hafa tekið sér tak og aukið hæfni sína í að hlusta á samstarfsfólk hvort heldur það eru karlar eða konur. Margir kennarar og leikskólakennarar sjá að mikið má á því græða að örva stráka og unga karla til að axla aukna ábyrgð á eigin gerðum og á samskiptum við annað fólk.

Vonir karlafræðanna um breytingar og þessi félagslega hreyfing hefur á hinn bóginn verið gagnrýnd fyrir að stjórna um of af kvenlegum gildum. Bjarne Øvrelid hefur haldið því fram að þarfir stráka og karla birtist innan karlarannsókna sem óviðurkenndir hagsmunir af að verða líkari konum.¹⁶ Ef málið er hugsað frá þessum sjónarhóli getur maður spurt þeirrar gagnrýnu spurningar hvort strákar almennt vilji þroskast í kvennlegri átt í þeirri merkingu að vilja sýna meiri umhyggju, breikka tilfinningasvið sitt og bæta samskiptahæfni sína. Vörn karlafræðanna gæti falist í að spyrja hvort þetta væri ekki alveg eins þróun í sammanlega átt eins og þróun í átt að kvenlegheitum.

6. Menningarskýringar: “Menning þeirra er öðruvísi”

Ef strákaklíkan er af erlendu bergi brotin munu margir benda á menningarlegan bakgrunn strákanna sem skýringu á hegðun þeirra. Til að mynda getur maður verið þeirrar skoðunar að menningarlegur bakgrunnur strákanna hafi í för með sér að þeir beri litla virðingu fyrir kvenkennurum eða kennurum sem ekki eru valdsmannlegir. Og það er einnig hægt að halda því fram að peningar, virðing og kynferðislegir sigrar skipti mestu í lífi þessara drengja og þeir vilji sem allra fyrst byrja að ná í þessi gæði. Í upprunalandi þeirra eru samskipti kynjanna skipulögð með þeim hætti að konur hafa ekki sömu réttindi og karlar. Það má segja að skýringin snúist um menningu en ekki síður um kyn, því hún er aðeins dregin fram varðandi stráka frá minnihlutahópum.

¹⁵ Connell, Robert W. 1995: *Masculinities*.

¹⁶ Øvrelid, Bjarne: “Mannsforskningens ulike forgreiningar.”

Á grundvelli þessarar skýringar hefur verið bent á að þeir strákar sem þetta snýst um og skoðanabræður þeirra þurfi að vinna í og breyta sýn sinni á konur. Meðal aðgerða sem gripið hefur verið til í skólum þar sem margir strákar af erlendu bergi brotnir hafa verið stimplaðir sem vandræðagaurar, er að ráða stóra og sterka karla sem í raun eru kennslulögregla. Einnig hefur verið komið á fót harkalegri agastjórnun með núll-umburðarlyndi gagnvart öllum brotum á reglum.

Það má gagnrýna fjölmiðla fyrir skort á samkvæmni þegar þeir nota menningarskýringuna. Ef að skólarannsakendur komast til dæmis að því að meðal norður-afrískra stráka sé daglegt ofbeldi algengt er líklegt að fjölmiðlar skýri ofbeldið með því að vísa til menningarlegs uppruna drengjanna. En ef rannsókn sýnir að daglegt ofbeldi sé algengt meðal innfæddra norskra drengja er ólíklegt að fjölmiðlar skýri það ofbeldi með því að benda á menningarlegan bakgrunn þeirra.

7. Kynferðisleg skýring: “Þetta er sökum gagnkynhneigðs skipulags”

Önnur skýring á því að strákar hlutgeri stelpur með því að kalla þær hórur og sýni völd sín í skólastofunni á kostnað kvenkennarans er að þeir séu að fylgja gagnkynhneigðu hegðunarmynstri.

(Það eru ekki margir sem aðhyllast eða nota þessa skýringu og hún er því ekki “stórsaga” í merkingu Lyotards en ég hef hana með hér til að fylla upp í myndina.) Sumir munu segja að ágengir, hávaðasamir strákar annars vegar og samviskusamar stelpur, sem taka að sér að stjórna strákunum, hins vegar, séu tvær aðferðir til að falla að gagnkynhneigðu mynstri og bæti hvor aðra upp.

Sérstaklega hafa rannsóknir á unglíngastigi sýnt að strákar hafa almennt séð minna umburðarlyndi gagnvart samkynhneigðum en stelpur og að þeir strákar sem að litlu leyti sýna gagnkynhneigða karlmennsku með líkamstjáníngu sinni, eru duglegir í skólanum eða sýna stelpulega hegðun, eru oft skilgreindir sem “hommar” og því ómarktækir.¹⁷ Emma Renhold¹⁸ sýndi fram á í rannsókn sinni á nemendum í sjötta bekk í Englandi að ef þú sem strákur tekur ekki þátt í þessum gagnkynhneigða leik er erfitt að komast hjá því að vera skilgreindur sem “hommi.”

“Nokkrir strákanna undirstrikuðu að þeir væru of ungir eða að það væri of snemmt fyrir þá að finna sér kærustur. Staða þeirra sem “börn” í orðræðunni í barnaskólanum virtist gera það ásættanlegt að þeir legðu sig ekki eftir gagnkynhneigðum sýningum. Ef þeir þar að auki slepptu því að sýna sig á vel heppnaðan hátt sem kaldir karlar, knattspyrnumenn eða íþróttamenn, var sett spurningamerki við “gagnkynhneigð” þeirra. Þá voru þeir oft gerðir “samkynhneigðir” og niðurlægðir sem “hommar.” (Renold 2000, bls. 320)

Kynlíf er til staðar í lífi barna og unglínga á annan hátt en áður því stöðugt er fyrir augum þeirra og eyrum grófir “rapptextar”, netklám, kynferðislegur barnaklæðnaður, fatnaður með texta á borð við “Porn Star” og “Fuck me”, tónlistar- og kvikmyndaheimur sem notar uppbyggingu og tjáningu sem tekin er frá klámiðnaðinum o. s. frv.

Trúlega er lítið hægt að gera þegar kemur að afþreyingariðnaðinum. En aðgerðir sem unnt væri að hugsa sér í ljósi þessarar skýringar væru að innan uppeldisstofnananna væri unnið með eigin hugmyndir. Það er unnt að vinna að því að fjarlægja hugsanleg gagnkynhneigð mynstur í starfi starfsmannahópsins, til dæmis að konur huggi en karlar

¹⁷ Jukka Lehtonen. 2002: “Heteronormativity and Name-Calling.”

¹⁸ Renold, Emma. 2000: “Coming out.”

sjái um agavandamál. Og það er unnt að vinna að því að gera sýnilega þá sem eru utangarðs kynferðislega og gera þá ásættanlegri, þá sem eru of feitir, hommar og lesbíur.

En mjög margir munu vafalaust segja: Í daglegu starfi leikskólans skiptir litlu máli hvort leikskólakennarinn er sam- eða gagnkynhneigður. Það er einkamál sem kemur starfinu ekki við og sem maður tekur ekki með sér í vinnuna. Í ljósi þess að meirihluti barna og unglinga þroskast í gagnkynhneigða átt hefur einnig verið spurt hversu mikið rannsóknir frá samkynhneigðu sjónarhorni geta lagt af mörkum.

8. Efnahagsleg skýring: “Þetta stafar af því að foreldrarnir geta ekki keypt betri aðstoð”

Önnur hugsanleg skýring á þeirri hegðun skólastrákanna sem lýst var að framan er að foreldrarnir hafi ekki efni á að kaupa betri kennslu og skólagöngu fyrir börnin sín. Það er sérstaklega þar sem velferðarkerfið er vanþróað og hinn opinberi grunnskóli er veikur sem þetta getur verið mikilvægur skýringarþáttur. Í Bandaríkjunum Norður-Ameríku eru augljós tengsl milli takmarkaðra úrræða opinberra uppeldisstofnana, fátæktar og neyðar barna og unglinga og skorts á framtíðarmöguleikum, sérstaklega í ákveðnum stórborgum. Hjá mörgum strákum birtist vonleysið í auðgunarbrotum, vímuefnaneyslu og ofbeldi. Börn foreldra sem hafa keypt aðgang að einkaskólum hafa enga þörf fyrir slík mótmæli. Börnunum hefur verið “keypt frelsi”.

En einnig í norrænum leikskólum og grunnskólum eru tengsl milli efnahagslegra úrræða og gæða starfseminnar. Það hvað leik- og grunnskólabörnin læra og hversu vel þroskuð félagsleg hæfni þeirra verður er einnig tengt gæðum stofnunarinnar og starfsfólksins. Sú spurning vaknar hvort strákarnir í skólanum sem lýst var að framan hefðu verið vandamál ef úrræði skólans hefðu verið meiri og fjöldi nemenda á kennara verið minni.

Þessi skýring byggir á efnahag stofnananna en ekki kyni. En þegar uppeldisstofnanir búa við þrengri efnahag en einstaka samfélagsstofnanir sem njóta meiri virðingar getur það tengst því að litið er niður á starfsemina sem “kvennaverk” sem hver sem er geti sinnt og hafi minna vægi á hinum stóru vogarskálum samfélagsins.

Ef það er efnahagslega skýringin sem best dugar til að skýra hegðun strákanna hlýtur lausnin að felast í að tryggja efnahagsleg úrræði leik- og grunnskóla þannig að þeir rými alla. Frá sjónarhóli norræna velferðarkerfisins er það óheppilegt ef opinberu uppeldisstofnanirnar geta aðeins boðið takmarkaðar eða lélegar lausnir þannig að allir vilja reyna að “kaupa sig frá” þeim en aðeins fáir hafa það góðan efnahag að þeir ráði við það.

Til allrar hamingju er enn langt til bandarískrar stöðu þar sem það hvílir að verulegu leyti á efnahag foreldranna hvaða skóla börnin fara í og menn loka augunum fyrir stórum hópum barna vegna félagslegrar stöðu foreldranna. En þegar gæði opinberu uppeldisstofnanna minnka munu líklega fleiri óska eftir að nýta sér þá einkareknu leik- og grunnskóla sem til eru. Margar einkareknar uppeldisstofnanir á Norðurlöndum fá opinberan stuðning en sökum þess að skólagjöld eru oft hærri en á opinberu stofnunum er þetta ekki úrræði sem allir geta nýtt sér.

Myndir af strákum í kynjaumræðunni.

Dæmið í upphafi var vissulega ímyndað en það á einnig við þegar kemur að raunveruleikanum að það getur verið erfitt að segja að einhver ein af “stórusögnum” lýsi raunveruleikanum betur en hinar. Hver skýring hefur sínar sterku og veiku hliðar. Sökum þess að oft er erfitt að ákvarða með góðum vísindalegum hætti hver þeirra sé best er mikilvægt að líta á samfélagslegar afleiðingar hinna mismunandi skýringa. Þar að auki er mikilvægt að við veltum fyrir okkur samhenginu sem við notum þær í.

Áður en ég held áfram og legg fram aðra möguleika en þessar “stórsögur” ætla ég í stuttu máli að gefa nokkur dæmi um hvernig þær birtast og hvað mynd þær gefa af strákum. Innan vísindanna, í fjölmiðlum, í leikskólum og í skólastofum fer fram stöðug barátta um það hver þessara sagna sýni okkur kyn og óþekktarorma á bestan hátt. Það er tekist á um hver búi yfir bestu skýringunni og hvað sé besta forskriftin að því hvernig strákar og karlar, stelpur og konur eigi að vera. Í þessari baráttu eru dregnar upp ólíkar myndir af kynjunum. Það sama á við um sérhvern kennara og starfsmann skóla og leikskóla, allir halda á lofti einhverri ímynd af stelpum og strákum, sem segir til um hvernig hann eða hún vilji að börnin séu.

Mótorhjólahaðjastar og karlar með barnapoka

Í bók sinni um feminisma í skólunum var Daninn Niels Kryger¹⁹ einna fyrstur til að halda á lofti mótorhjólahaðjastar (rokkurum) og líkamlega óvirkum skrifstofukörlum sem lítið dugandi körlum. Í bókinni fylgir hann hópi drengja úr verkalýðsstétt á unglingsstigi. Þeir eru uppteknir af því hvernig þeir eigi að hlúa að líkama sínum, sýna líkamlegan styrk og kvensemi sína, skrifar hann. Kvenkennarinn vill á hinn bóginn að þeir þroski með sér kvenlegt hegðunarmynstur og það hentar þeim illa.

Það á aðeins við um fáa stráka og karla að þróun í kvenlega átt sé lausn. Þess í stað þarf grunnskólinn að veita strákunum rými til að leita jafnvægis, skrifar hann.

Svipuðum myndum lýsti Norðmaðurinn Jan Brøgger í umræðubók sinni um karlinn í nútímasamfélagi.²⁰ Á annan enda ássins setti hann mótorhjólagaðjastar og ameríska karlrembustráka í blökkumannahluta stórborga og á hinn endann setti hann miðstéttarkarlinn með smábarn í poka á maganum, sem ekki hafði áttað sig á að barnið vilji miklu fremur mjúkt brjóst en loðna bringu. Báðir endarnir eru fulltrúar öfga og karlmennsku á villigötum að hans mati. Karlmennskuímyndin sem Brøgger vill halda fram er karlinn sem fyrirvinna og verndari barna sinna og kvenkyns förunautar. Með því að vinna fyrir konunni og styðja hana temjum við líkamlegan styrk og valdabörf karlsins og þar er réttlætning þess. Einvígi stráka og áhættuhegðun þeirra verðum við að skilja sem nokkurs konar helgisiði og æfingu fyrir eitthvert slíkt hlutverk í framtíðinni, útskýrði hann.

Ofbeldisfullir innflytjendastrákar og innfæddir á jöðrunum

Þegar dregin er upp mynd af innflytjendastrákum í norskum fjölmiðlum er samúðin ekki jafn rík. Við fáum alls ekki á tilfinninguna að þeir séu að æfa sig í að verða ábyrgir feður. Það er ekki óvanalegt að sú mynd sem dregin er upp af innflytjendastrákunum sé að þeir,

¹⁹ Kryger, Niels. 1988: *De skrappe drenge og den moderne pædagogik*.

²⁰ Brøgger, Jan. 1995: *Forsvarstale for mannen*.

sökum menningarlegs bakgrunns, meti mest virðingu gegnum ytri völd og stjórnun og gegnum kynferðislega sigra og ytri stjórnun á stelpunum. Sem andstæða er þá oft dregin upp mynd af varkárum, löghlýðnum “innfæddum” strákum sem tapa virðingu og “sex appeal” vegna löghlýðni og lítils vilja til slagsmála. Þetta birtist t.d. í þessum búi úr blaðagrein með fyrirsögnina “Norskar stelpur vilja innflytjendastráka”:

“Vinsælastir voru strákarnir frá Sómalíu sem ekki voru hræddir við að sýna karlmennsku. Samkvæmt könnuninni er litið á norska stráka sem heybrækur sem draga sig úr deilum og berjast ekki fyrir heiðri stelpnanna. Ef þeir voru móðgaðir drógu þeir sig bara í hlé og á þann hátt fengu þeir orð á sig fyrir að vera linir, skorta stolt, umburðarlyndir og ókarlmannlegir, segir Lien.

Þegar litið er á norska stráka sem heybrækur sýnist Lien að jafnréttissinnaðar, norskar stelpur laðist frekar að heiðursmati innflytjendastráka þegar kemur að virðingu og fatatísku” (Dagsavisen, mars 2002).

Sýnin virðist önnur þegar innflytjendastrákar beita ofbeldi heldur en þegar innfæddir norskir strákar gera það. Þegar innflytjendastrákur beitir ofbeldi stafar það af blöndu af karlmannlegu eðli og menningu foreldranna en þegar innfæddur norskur strákur beitir ofbeldi stafar það af geðrænum sjúkdómi.

Efnilegar stelpur og þjakaðir strákar

Önnur menningarmynd er af öllum framgangsríku stelpunum í menntunarsamfélaginu og öllum strákunum sem tapa. Nokkrir þeirra fræðimanna sem rannsakað hafa stöðu stráka sérstaklega telja að þessi mynd hafi vakið óróa margra í hinum vestræna heimi vegna þess að hún ógni gömlum karllegum forréttindum millistéttarstráka. Það er ekki lengur sjálfgefið að millistéttarstrákarnir komist að við mest metna námið og störfín. Það hafa alltaf verið til strákar sem hafa lent utangarðs í menntasamfélaginu og þannig er það enn. Það sem er nýtt að mati sumra er fyrst og fremst að miðstéttarstrákarnir hafa ekki lengur jafn stórt forskot á stelpurnar. Þetta veldur óróleika af því að litið hefur verið á þetta forskot sem náttúrulegt.²¹

Myndirnar af “röggurum og körlum með gervibrjóst” og “efnilegum stelpum og þjökuðum strákum” eru framleiddar af og fyrir meirihlutamenninguna. Í þessum lýsingum standa stelpur, samkynhneigðir og litaðir á jöðrunum. Bandaríski karlarannsakandinn Michael Kimmel hefur greint mismunandi karlmennsku myndir í sögu Bandaríkjana.²² Hann sýnir fram á að í baráttu karla fyrir því að verða góðir karlar hefur konum, lituðum og samkynhneigðum verið ýtt út á jaðrana. En femínisminn og hreyfingar samkynhneigðra hafa líka lagt til sínar kynmyndir í umræðuna.

Strákurinn sem krefst þjónustu og ábyrgi strákurinn

Í norrænu rannsóknarverkefni dregur Agnes Andenæs²³ upp mynd af Einari og Elíasi. Það var lýsingin á Einari og löngun hans til að leika við hina strákana í leikskólanum sem rakin var í upphafi. Einar og Elías eru báðir fimm ára gamlir, þeir búa hjá mæðrum sínum og umgangast einvörðungu konur í leikskólanum, en þeir eru mjög ólíkir.

Það að Einar er eins og hann er hvílir fyrst og fremst á forréttindastöðu karla í norsku samfélagi að mati Andenæs. Einar höfðar hiklaust til þeirrar stöðu án þess að leggja sjálfur nokkuð af mörkum. Í leikskólanum er Einar aðallega upptekinn af að leika hetju

²¹ Skelton, Christine. 2001: *Schooling the boys*.

²² Kimmel, Michael. 1996: *Manhood in America*.

²³ Andenæs, Agnes. 1992: “Hvorfor kle seg selv når man kan få mor til å gjøre det?”

og af karlmannlegum hetjum eins og He-man. Andenæs sér ákveðið sambandi milli eyðileggjandi leikja Einars og slórandi úrræðaleyfisins sem hann sýnir heima hjá sér þar sem hann nauðar þar til hann fær það sem hann vill. Elías er andstæða hvað það varðar að hann leikur ekki rembu-leiki og getur leikið við bæði stelpur og stráka. Elías er félagslega vel fær og ábyrgðarfullur. Heima hjá sér fær hann ný verkefni eftir því sem hann sýnir aukna ábyrgðartilfinningu. Það er ýtt undir að hann axli enn meiri ábyrgð á grundvelli þeirrar ábyrgðar sem hann hefur þegar fengið. Hér er borin saman morgunstund heima hjá Einari annars vegar og Elíasi hins vegar.

“Einar vaknar þegar móðir hans kemur inn og segir að kominn sé nýr dagur. Hann dregur sængina með sér inn í stofu og kveikir á sjónvarpinu. Síðan kemur hann sér vel fyrir í sófanum og hjúfrar sig undir sænginni. Því meiri spenna sem boðið er upp á í prógramminu þeim mun betra. Mamma kemur eftir stutta stund með fötin sem Einar á að vera í í dag. Hann samþykkir orðalaust að hún velji og hún klæðir hann meðan hann situr og horfir á sjónvarpið. Meðan hann situr þar er líka hægt að koma einhverjum mat í hann ef henni finnst þörf á. Jógúrt er þægilegast, þá getur hún stungið teskeið upp í hann meðan hann er bundinn af því sem fram fer á skjánum” (Andenæs 1992, bls. 133).

“Þegar mamma er að fara að vinna klæðir Elías sig sjálfur. Honum finnst það betra en að bíða eftir mömmu sem þarf að sinna litla bróður. Elías leggur á borð fyrir alla, fær sér kornflögur og mjólk, tekur lýsi og vítamín og borðar einn. Óhreina diskinn setur hann í vaskinn. Þegar mamma lætur hann hafa nestið setur hann það sjálfur í töskuna sem hann setur á sig” (Andenæs 1992, bls. 136).

Sumir myndu ef til vill lýsa Einari sem ofurkarlmanni og Elíasi sem kvenlegum og hvort tveggja stafi af fjarveru karls. En það er ekki það hvort að karl er nærstaddur eða fjarstaddur sem hér skiptir mestu. Andenæs telur að nauðsynlegt sé að líta nánar á hvað hinn fullorðni er fulltrúi fyrir.

Andenæs heldur því fram að það sé miklu betri skýring að sýna hvernig Einar og Elías hegða sér á grundvelli mismunandi væntinga og forsendna mæðra þeirra. Mamma Einars reynir að vernda hann fyrir kröfum umhverfisins, láta honum líða vel en mamma Elíasar lætur hann taka þátt í störfum hversdagsins. Ef málið er skoðað á þennan hátt þá bitna minni ábyrgðarkröfur og litlar kröfur til þátttöku í hversdeginum á strákunum sjálfum.

Femínískt verkefni Andenæs er augljóst í lýsingu hennar á Einari og Elíasi. Það virðist ósanngjarnt að nota strákana á þennan hátt í lýsingu á kynjabaráttu þar sem þeim er úthlutað þó nokkur ábyrgð. Í heimi Andenæs má segja að strákar séu duldir eða væntanlegir kvennakúgarar vegna kyns síns.

Hommafælnir hvítir strákar og svartir strákar á jöðrunum

Michael Kimmel þykir það einkennilegt að litið er á karlmennsku sem vandamál fyrir alla aðra en þá sem tilheyra menningu meirihlutans, það er að segja hvíta, fullfríska stráka með miðstéttarbakgrunn. Karlmennska er talin vandamál hjá innflytjendastrákum sem hafa allt að því dýrslega karlmennsku, samkynhneigðum strákum sem ekki eru nægjanlega karlmannlegir og hjá lesbískum stelpum sem eru of karlmannlegar.

Kimmel hefur framkvæmt rannsókn á því fyrirbæri sem kallað hefur verið “Random School Shootings” þ.e.a.s. skotárásunum í amerískum skólum á 10. áratug 20. aldarinnar sem skóku íbúa Bandaríkjanna. Hann dregur hér upp nokkuð aðra mynd af kyni og

skóla.²⁴ Því hverjir voru ábyrgir fyrir skotárásunum? Allir voru strákar, allir voru hvítir og allir voru gagnkynhneigðir. Með því að fara í gegnum lögregluskýrslur ber hann saman hvatir þessara stráka annars vegar og hins vegar ástæðurnar á bak við skotárásirnar í amerískum skólum á áttunda og níunda áratug 20. aldarinnar. Þá voru það fyrst og fremst litaðir sem voru ábyrgir, árásirnar áttu sér stað í stórborgum og svefnbæjum og fórnarlamb og gerandi þekktu hvor annan. Ástæðan á bak við vopnanotkunina var hefnd fyrir ákveðna atburði svo sem að einhver hefði tekið annars kærustu eða að ráðist hefði verið á einhvern.

Það kemur ef til vill ekki á óvart að allir hvítu strákarnir sem gripu til vopna gegn samnemendum sínum og kennurum höfðu kerfisbundið verið lagir í einelti. Þeim var strítt á því að þeir væru of feitir, of duglegir eða félagslega fatlaðir. Mikilvægur þáttur í eineltinu var að þeim var strítt á að þeir væru samkynhneigðir. Og þó svo að allir væru brennimerktir sem “hommar”, bendir sú þekking sem við höfum til þess að allir hafi verið gagnkynhneigðir. Kimmel telur að vopnuð árás þeirra hafi verið tilraun til að endurreisa karlmennsku sína. “Nú bera þeir virðingu fyrir mér,” á einn árásarmannanna að hafa sagt eftir á.

Kimmel útskýrir tilviljunarkennt eðli skotárásanna með því að árásarmennirnir hafi ekki átt sökótt við neinn einn ákveðinn aðila. Sökum þess að ofsóknirnar höfðu verið handahófskenndar og margir vitað af þeim fannst þeim að þeir hefðu verið sviknir af almennum samstöðuhópi og beindu árásum sínum að honum.

“Örsögur” barna og unglunga sjálfra

Eins og áður var nefnt erum við öll að meira eða minna leiti frístundarannsakendur varðandi kyn og kynjahlutverk; á grundvelli reynslu okkar myndum við okkur ólíkar skoðanir. Og já, öll höfum við vaxið úr grasi sem stelpa eða strákur, gengið í skóla og ef til vill leikskóla, en vitum við hvernig heimurinn lítur út í dag frá sjónarhóli stelpu eða stráks? Heimurinn getur hafa breyst mikið frá því við vorum að alast upp og hversdagurinn getur litið allt öðruvísi út hjá mörgum börnum og unglungum í dag.

Valkosturinn og viðbótin við “stórsögurnar” um kyn og um hegðun stráka er að setja sig inn í það hvernig veruleikinn lítur út gagnvart einstökum strákum og stelpum. Þeir sem aðhyllast “stórsögurnar” reyna að gefa hina einu sönnu mynd af kynjunum en aðrir innan kynjarannsókna leita þekkingar af annarri gerð. Þar er leitað að því sem er “satt” í augum eins stráks eða nokkurra stráka eða stelpna. Sannleikann um tilveru þessara fáu einstaklinga getum við kallað “örsögu.”²⁵

Í uppeldisstarfi er líka hægt að leita að “örsögunum” og taka tillit til þeirra. Þá þekkingu fær maður með því að setja sig inn í og spyrja börn og unglunga um hvað það sé sem þau eru upptekin af og af hverju þau hegði sér eins og þau gera.

Dæmi um “örsögu”

Fyrir stuttu spjallaði ég við Marius sem er fimmtán ára og var í tíunda bekk.²⁶ Það hvernig ég upplifði hann og hvernig hann lýsti sjálfum sér, skólanum og samnemendum sínum er í mikilli andstöðu við lýsingarnar á strákunum og “stórsögnunum” sem áður hafa verið raktar.

²⁴ Kimmel, Michael. 2003: *Boys, adolescence, homophobia and violence*.

²⁵ Lyotard, Jean-François. 1996: *Viden og det postmoderne samfund*.

²⁶ Bredesen, Ole. 2003: *Problematisk gutter og fraværende menn*.

Fyrir því eru tvær ástæður; annars vegar er hann öðruvísi strákur og hins vegar leggur hann fram eigin skýringar á því hvers vegna hann hugsar og framkvæmir eins og hann gerir. Á bak við lýsingu hans er engin kynjapólitísk verkaskrá. Það eru engir aðrir á bak við. Það sem hann gerir er að sýna eitt afbrigði af því hvað það þýði að vera strákur eða gerandi út frá því landi sem hann býr í, skólanum sem hann gengur í, bekknum sem hann er í og þeirri stöðu sem hann hefur í bekknum. Hann er í norskum skóla, skóla í einu af betri hverfunum í Osló þar sem aðallega eru hvítir nemendur, og hann er einn af þeim.

Ég hitti Maríus heima hjá foreldrum hans en þau eru ekki heima. Hann er í hvítum bol, með slétt, dökkt og hálsfitt hár og venjulegum gallabuxum. Ekkert í framkomu hans eða útliti gerir hann sérstakan. Hann segir mér að í frístundum hafi hann gaman af að lesa skáldsögur og skrifa stutta texta og virðist í samtalinu vitsmunalega þroskaður fimmtán ára strákur. Hann nefnir að hann spili líka í rokkhljómsveit.

Þegar ég bið hann að nefna einhvern atburð í skólanum sem hann muni sérstaklega vel eftir þá lýsir hann því þegar helmingur strákanna og ein af stelpunum í bekknum fóru í úðabrusastríð í skólastofunni þegar kennarinn var ekki á staðnum. Ein af stelpunum var með rautt límband og úðabrusa með eftirlíkingu af snjó til að skreyta gluggana í kennslustofunni fyrir jólin, sem Maríusi þótti frekar heimskuleg hugmynd. Nokkrir strákanna náðu í úðabrusana og hófu stríð hver gegn öðrum.

Maríus lýsti leiknum sem stóð í hálf tíma sem nokkurs konar tennisleik þar sem miðröðin var netið. “Sjö eða átta hlupu, þrír, fjórir í hvoru liði sem skiptust á um að sprauta.” Það er augljóst að leikgleðin titrar í honum meðan hann segir frá. Sá sem sat fyrir framan hann í miðröðinni fékk gervisnjó í hárið, segir hann og gefur til kynna að hann hefði ekki viljað lenda í því.

Stelpurnar sögðu að þeim fyndist þetta barnalegt en öllum strákunum fannst þetta gaman. Sjálfur hafði hann horft á það sem átti sér stað í skólastofunni og fannst það hræðilega barnalegt en líka skemmtilegt. Til þess að koma í veg fyrir að sprautað væri á hann beygði hann sig undir borðið þann hálf tíma sem stríðið stóð. Maríusi fannst að munurinn á þeim strákum sem tóku þátt í “stríðinu” og hinum, sem ekki tóku þátt, væri alvörufninn. Þeir vildu ekki lenda upp á kant við kennarann. Hann segir það ekki en það hlýtur að vera þannig að hann telur sig tilheyrja seinni hópnum, þeim alvörufegn.

En þegar ég spyr hann hvað hann telji að geri suma stráka vinsæla og aðra óvinsæla þá dregur hann ekki fram dæmi eins og úðabrusaleikinn. Honum sýnist að það séu atriði tengd neyslu sem mestu skipta hvað vinsældir varðar. Vinsælu strákarnir hlusta á rapp, eru í nýjum og dýrum, amerískum fötum, spila körfu- eða fótbolta, eiga dýra farsíma og tala á töff hátt. Skilin eru milli þeirra sem eru með vinsæla neyslu eða vinsælan lífsstíl og þeirra sem ekki eru með það. Sjálfur segist hann vera utangarðs á öllum sviðunum en að það hefði hvort eð er ekki skipt nokkru máli því hann fékk snemma á unglingsárunum nördastimpilinn. “Það þurfti ekki mikið til. Ég er góður í norsku og ensku. Það nægir,” sagði hann. Þegar maður er utangarðs þá er maður utangarðs og ekkert við því að gera. Hann segir að hann sjálfur og nokkrir aðrir strákar í bekknum séu utangarðs.

Það er sérstaklega varðandi tengslin við kennarana og námið sem lýsing Maríusar á sjálfum sér er í andstöðu við strákana í lýsingunni hér áður. Þegar ég spyr hann hvort hann vilji frekar karl- eða kvenkennara svarar hann:

“Það skiptir ekki svo miklu máli hvort kennararnir eru konur eða karlar. Það hefði ekki skipt mig nokkru þó allir kennararnir væru karlar eða þeir væru allir konur. Það sem skiptir máli er að þeir séu faglega góðir kennarar. Að þeir fái bekkinn með sér og að bekkinn langi til að gera eitthvað. Þetta er miklu auðveldara ef kennararnir eru vinir bekkjarins. Í stað þess að það séu alltaf að koma athugasemdir eins og: “Æ þetta er

leiðinlegt! Þessu nenum við ekki!” Það er hræðilega þirrandi ef maður fær ekki vinnufrið og það gerist oft ef hinir nemendurnir fylgja ekki með.

Það eru oft mikil læti. Ef kennarinn segir að nú eigi að vera próf, þá verða alltaf deilur. Nei við getum aldrei haft próf. Nokkrir strákanna og stelpnanna koma alltaf með einhverjar ástæður fyrir því að ekki sé hægt að hafa próf þó svo það endi alltaf með því að kennarinn ber í borðið.”

Ef maður vill skilja hvers vegna strákar eins og Maríus taka ekki þátt í atburðum eins og úðabrusastríði heldur stinga sér undir borð, af hverju hann kann vel að meta faglega góða kennara og af hverju honum finnst uppástungan um jólaskreytingu kjánaleg þá eru “stórsögurnar” ekki nægilegar. Þá er nauðsynlegt að spyrja hann og að setja sig inn í raunveruleikann eins og hann lítur út frá hans bæjardyrum. Hann framkvæmir á grundvelli þess raunveruleika.

Til þess að þetta geti verið “örsaga” Maríusar verður hún eins og framast er unnt að standa sjálf sem mynd af reunveruleika skólans eins og honum virðist hún vera. Í rannsóknnum er ósýnileg lína milli gerendamiðaðra kynja- og þroskarannsóknna þar sem raddir ungmennanna fá að heyrast skýrt og þeirra rannsókna sem ekki leggja áherslu á það.

Þær rannsóknir og það innsæi sem ég tek upp hér á eftir er frá þeirri hlið sem er frekar gerendamiðuð.

Mismunandi stöður í kynjuðu landslagi

Ef við eigum að skilja hvers vegna “leikstrákarnir” í bekknum hans Maríusar, eða vinagengi eins og lýst var að framan, taka ekki þátt í náminu eins og kennarinn vill, þá verðum við að nota sömu rökhyggju og í “örsögu” Maríusar. Við þurfum þekkingu á því hvað strákarnir eru að gera í staðinn fyrir að taka þátt í náminu og hvað kennslustundirnar, kennararnir, frímínúturnar, skólasvæðið og aðrir unglingar merkja í þeirra huga.

Norski félagsfræðingurinn Selma Lyng²⁷ tók á nokkrum af þessum spurningum þegar hún rannsakaði mismunandi stöðu nokkurra nemenda í níundabekk í skólastofunni og skýringar þeirra sjálfra á henni. Í nokkrum bekkjanna voru hópar stráka sem sýndu opna andstöðu við kennsluna og það sem átti að eiga sér stað. Lyng lýsir einkennum á borð við gleiðgosalegt göngulag, slettur og innflytjendaslang, karlrembulegar athugasemdir við stelpur, að vera kjaftfor og láta fara mikið fyrir sér, sem félagslegri tjáningu sem passi við samfélagslega stöðu sem hún kallar “rembustrákurinn”. Í hennar augum fer því fjarri að strákarnir sem reyna að ná þessari stöðu séu óábyrgir. Þeir taka ábyrgð á því að vera félagi og vera þeir sjálfir. Í því felst líka að sýna andstöðu við kennarana, skólavinnuna og kappsfulla nemendur. Lyng lýsir því hvernig þeir taka ábyrgð á því að gera skandala og skemmta og gera kennarana dálítið kjánalega, um leið og þeir gera sjálfa sig svala. Þeir væru ekki sjálfum sér trúir ef þeir yrðu of almennilegir.

Vandamálið felst í því að staðan sem þeir reyna að fylla er í mikilli andstöðu við það að vera góður nemandi. Skólarannsóknir hafa sýnt að börn og unglingar reyna að finna jafnvægi milli þess að vera nemandi og þess að vera félagi og vinur. Hjá nokkrum strákum sem reyna að fylgja ákveðnum karlmennskufyrirmyndum verða átökin þarna á milli meiri en hjá öðrum. Ef staða þín gagnvart jafnöldrum þínum hvílir á því að vera sjálfsöruggur lítill karl, kvennamaður og að stuða á frjóan en barnalegan hátt, segir sig sjálft að það er erfitt að samræma þetta því sem á að eiga sér stað í kennslustundunum. En það á einnig við um nemendur sem vinna að því að fylla aðrar stöður að þeir geta

²⁷ Lyng, Selma T. 2002: *Ansvar for egen identitetsforvaltning*.

upplifað átök milli þess að vera góður vinur og að vera góður nemandi þó ekki sé í jafn ríkum mæli. Ef jafnaldrar geta sýnt að þeir séu vinir með því að hvísla hver að öðrum og senda hver öðrum miða í kennslustundum þá er það líka brot á því sem á að eiga sér stað.

Lyng lýsir líka öðrum stöðum sem nemendur almennt geta gengið inn í í skólastofunni.

Strákaklefastráka kallar Lyng stráka sem höfðu hliðarstöðu í skólanum en sögðu frá því að þeir væru ekki “þeir sjálfir” í skólanum. Þeir sögðu að það væri í frítímanum sem þeir raunverulega lifðu, með sérstakan áhuga á ævintýrabókmenntum, tölvum eða sérstakri tónlist. Þaðan kemur hugtakið “strákaklefastrákar”. Þeir sóttust eftir félagsskap hvers annars, segir Lyng, en staða þeirra gat orðið miðlægari ef málið snerist um eitthvað sem tengdist áhugamáli þeirra.

Uppáhaldsstrákar voru nemendur sem voru vinsælir meðal bæði samnemenda og kennara. Þeim fannst líka sjálfum að þeir hefðu háa stöðu meðal hinna nemendanna, jafnvel þó svo að þeirra leið til að vera “töff” væri öðruvísi en “rembustrákanna”. Það var dæmigert fyrir þessa unglunga að segja að hluti skólastarfsins væri skemmtilegur og að þeir voru uppteknir af einkunnum og stunduðu íþróttir.

Nördar. Einstaka nemendur fengu stöðuna nörd. Það voru þá stelpur og strákar sem samnemendum fannst vera upptekin af náminu og félagslega fákunnandi. Þeir nemendur sem voru í þessari stöðu sögðu að það væri gaman að læra. Véfrétt var annar stimpill sem þessir krakkar gátu fengið frá samnemendum, sem dáðust að faglegru færni þeirra. Lyng segir að nemendur sem hafi þessa stöðu geti tekið afstöðu gegn heilbrigðum og frísklegum áhugamálum annarra krakka og litið svo á að það sé annað sem sé meira þroskandi.

Spörfuglinn, tildurrófa, upphaldsstelpa og villikötturinn voru stöður sem stelpur gátu haft í skólastofunni.

Það má líta svo á að grunnskóli sé félagslegt landslag í ljósi þess hversu mismunandi stöður eru innan skólastofunnar. Börn og unglingar í mismunandi stöðum munu lýsa tilveru sinni á mismunandi hátt (sbr. lýsinguna á strákunum hér að framan og frásögn Maríusar).

Að skapa kyn

Ákveðin staða í kynjalandslaginu hefur ekki aðeins í för með sér ákveðið sjónarhorn á heiminn heldur einnig ákveðna hegðun og ákveðið útlit. Í stað þess að tala um stráka annars vegar og stelpur hins vegar má tala um mismunandi aðferðir við að skapa kyn.²⁸ Í rannsókn Lyng birtast nokkrar leiðir til að skapa kyn. Meðal þeirra eru stöðurnar “rembustrákurinn”, “strákaklefastrákurinn”, “upphaldsstrákurinn” og “nördinn”. Sérhver þeirra byggir á ákveðinni sköpun, ákveðnum félagslegum einkennum, ímyndum og hegðun sem hún lýsir. Aðrir fræðimenn sem hafa rannsakað aðra grunnskóla og leikskóla hafa fundið aðrar aðferðir sem börn og unglingar nota til að skapa kyn og aðrar ímyndir en þær sem Lyng lýsir.²⁹ Oft hafa einkenni eins og stétt, kynþáttur og samkynhneigð-gagnkynhneigð skipt máli fyrir leiðirnar að kynjasköpun í kynjuðu landslagi.

Usli í kynjamynstrinu

Í ljósi þess hversu margar aðferðir eru til að skapa kyn má halda því fram að usli hafi orðið í hefðbundna kynjamynstrinu.³⁰ Við getum ekki litið bara til stráka annars vegar og stelpna hins vegar.

²⁸ West, C., Zimmerman, D.H. 1987: “Doing gender”.

²⁹ Mac an Ghail, M. 1998: *The making of men.*; Frosh, S., Phoenix, A., Pattman, R. 2002: *Young Masculinities.*

³⁰ Butler, J. 1990: *Gender Trouble.*

Það skiptir máli að spyrja hvort kynjamynstrin í leikskólunum séu jafn ruglingsleg og margflókin eins og í skólunum. Til að komast að því fór ég í leikskóla. Ég var með ýmsar hugmyndir um hvernig kynjaður heimur barna liti út. Ég reiknaði með að stelpur og strákar léku sér fyrst og fremst í aðskildum hópum og að það væri dæmigert að strákar væru í stríðs- og eltingaleikjum þar sem stór hópur tekur þátt en stelpur léku sér í minni vinkvennahópum þar sem þátttakan er mikilvægari en það sem verið er að gera. Ég ímyndaði mér að leikirnir í stelpuhópunum gætu falist í því að elda, fjölskylduleik og öðru sem tengdist heimilinu.

Það sem kom mér á óvart var ekki fyrst og fremst að börnin féllu ekki að þessum hugmyndum heldur hitt í hve ríkum mæli þau ekki gerðu það. Leikskólinn sem ég heimsótti byggði starf sitt að stórum hluta á frjálsum leik og því að börnin völdu sjálf hvað þau vildu gera. Börnin ákváðu að verulegu leyti sjálf hvað þau vildu gera án tillits til þess hvaða deild þau tilheyrðu og án tillits til aldurs (0-6 ára). Börnin höfðu um margt að velja bæði innan húss og utan. Þarna voru ýmsir leikkrókar og smíðjur: smíða-, púða-, tónlistar- og leiklistar- og mótunarkrókar. Utan dyra var aðstaða fyrir margs konar leiki og störf: Sleðabrekka, róla, vegasalt, borð og bekkir. Frá sjónarhóli mínum sem fullorðins manns merki ég þessa möguleika eftir kyni. Að renna sér, smíða og púla með kotta og bolta eru karlmannlegir þættir en það að dansa og syngja, fjölskylduleikur og teikning eru kvenlegir þættir. Þegar ég lít í kringum mig sé ég að einkynja leikhópar eru vart til og það var ekki þannig að það væru bara stelpur eða bara strákar sem væru í þeim leikjum sem ég tengi við annars vegar kvenleika og hins vegar karlmennsku. Ég ætla að gefa augnabliksmynd af leikskólanum:

Þetta er milli morgunverðar og hádegismats. Börnin geta öll valið milli mismunandi króka: tónlistar- og hlutverkakróks, listaskála, smíðakróks og hreyfisals. Mörg börnin hafa sest til að taka þátt í gagnvirkri leikssýningu í tónlistar- og hlutverkakróknum. Þar eru jafn margar stelpur og strákar. Á opna svæðinu við hliðina, samrými deildarinnar, koma og fara börn stöðugt, þau hafa enn ekki ákveðið hvert þau vilja fara. En bæði á undan og eftir sýningunni tek ég eftir tveimur fjögurra ára gömlum stelpum sem leika sér saman. Í þessu samrými eru margar mottur, teppi og dýnur. Stelpurnar prófa mismunandi leiðir til að detta á dýnurnar og hvernig þær geta stökkið frá einni dýnu til annarrar. Þær gera tilraunir með hvernig það sé að stökkva af stól og af borði og hvernig unnt sé að lenda á mismunandi hátt. Hvernig er að lenda á maganum eða á hnjúnum, hvernig er að stökkva saman, hvað gerist þegar við höfum dýnuna tvöfalda og hvernig er að koma dýnunni þannig fyrir að hún liggur að hluta upp eftir veggnum? Þetta eru aldeilis einarðar stelpur, hugsa ég, þær eru svei mér þá sjálfsöruggar. Undrun mín minnkaði ekki þegar mér var sagt að stelpurnar séu eiginlega á deild sem sé í hinum enda hússins (eigin athugun).

Þessar fjögurra ára stelpur kunnu að notfæra sér möguleikana þegar þeir buðust. Hér var hægt að leika sér með margt sem ekki var á deildinni þeirra. Mér sýndist hugmyndir um að það sé í leikskólunum eða snemma í æsku sem “alvöru strákur” eða “alvöru stelpa” verða til, hafa orðið sér til skammar.

Í samfélagi fullorðinna er ekki heldur lengur unnt að vita hver gerir hvað eftir kyni persónunnar. Hlutum getur verið snúið á hvolf. Kannski er pabbi heima með smábarn. Kannski er mamma í mikilvægri forystustöðu. Ef til vill er það fyrst og fremst pabbi sem eldar mat fjölskyldunnar og svo framvegis. Margt af því sem gert er er valið þvert á fyrri kynjaskiptingu og blöndunarmöguleikarnir eru ótal margir. Þetta er alveg hliðstætt leik barnanna í leikskólanum.

Jaðarstarf stráka og stelpna

Einstaka hindranir og væntingar eru á hinn bóginn sterkari og erfiðari að losna við en aðrar. Ein slík hindrun er tilhneigingin til þess að stelpur leiki við stelpur og strákar leiki við stráka. Þetta var ekki mjög áberandi þegar ég fylgdist með í leikskólanum en verður oft ljósara í grunnskólanum. Á flestum menningarsvæðum hefur fólk tekið eftir því að á aldrinum átta til ellefu ára vilja börn helst leika við börn af sama kyni og gera það líka. Óttinn við að “smitast” af hinu kyninu eins og í tali um stelpu- og strákalús er dæmigerð fyrir þennan aldurshóp. Þetta hefur orðið til þess að við höfum trúað því að það sé eðlismunur á hegðunarmynstri stelpna og stráka. En það hefur sýnt sig að það hversu mikil kynjaskiptingin verður í leik barna er nátengt umhverfisþáttum. Til dæmis leika stelpur og strákar sér oft meira saman við heimili sín en í skólanum. Ef til vill stafar þetta af því að meira er af jafnöldrum af sama kyni í skólanum en einnig af menningarbundnum venjum varðandi kynin sem börnin framfylgja. Því rannsóknir sýna að börnin sjálf eru virk við kynjaaðskilnaðinn. Stelpur taka virkan þátt í því að greina sig og jafnaldra sína frá tengslum við hitt kynið og öfugt. Þess vegna má kalla þetta landamæravinnu.

Þegar stelpur og strákar leika hvort í sínu lagi og mismunandi leiki teljum við oft að leikurinn endurspeglir andstæður milli kynjanna, ekki ósvipað því hvernig við hugsum um andstæður svarts og hvíts, trausts og brothætts, sterks og veiks og svo framvegis. En ef við skoðum leik stelpna og stráka nánar þá passar þessi hugmynd okkar ekki. Það sem er skilgreint af strákum sem strákaleikur í einum jafnaldrahóp, er oft ekki skilgreint sem strákaleikur af öðrum jafnaldrahóp á öðrum stað. Það sem er skilgreint stráka- og stelpuleikur fer eftir samhenginu. Það er heldur ekki rétt að ólíkir leikir endurspeglir andstæður. Það myndi þá þýða að ef við lýsum leik strákanna sem virkum verðum við að segja að stelpurnar séu óvirkar. Ef við lýsum leik stelpnanna sem umhyggju verðum við að lýsa leik strákanna sem eyðileggjandi og svo framvegis. Hugmyndin um andstæður er fyrst og fremst uppfylling þarfa fullorðinna fyrir skipulegan heim.

Landamæravinna barna hefur tvær hliðar. Annars vegar gæta þau þess að enginn í kynjahópnum fari yfir landamærin. Þannig getur t.d. drengur gætt þess að hvorki hann sjálfur né þeir strákar sem hann er með fari í París með stelpunum. Hins vegar getur landamæravinna falist í því að koma upp leikjameningu innan eigin kynjahóps, til dæmis þannig að strákar sem hafa gaman af að spila fótbolta geri það saman. Þegar kemur að frímínútum hlaupa þeir strax út og byrja.

Þegar kynjarannsakandinn Harriet Bjerrum Nielsen fylgdist með grunnskólabeck á fyrsta og öðru ári³¹ var kynjaskiptingin mikil en lítið um að reynt væri að búa til landamæri gagnvart hinu kyninu. Aðeins einu sinni sá Nielsen ákveðna tilraun í þá átt. Það var þegar forfallakennari setti stelpur og stráka hvort gegn öðru í keppni. Þegar kennaranum sást líka yfir stelpurnar í keppninni varð hegðun stelpnanna og strákanna fjandsamleg hvor gegn öðrum. Annars stafaði skorturinn á tengslum milli stelpna og stráka ekki af því að þau vildu ekki eiga samskipti við hitt kynið heldur af því að þeim fannst sammemendur af eigin kyni áhugaverðari. Annar þáttur í athugunum Nielsen var að það að gráta eða láta mömmu kyssa sig var ekki þáttur í landamæravinnunni, það fékk engan stelpustimpil. Tveir vinsælustu strákarnir í bekknum voru félagslyndir og virtust hafa “mjúk gildi”. Í strákahópnum var notalegt spjall algengasta samveruformið í öðrum bekk. Þeir hrósuðu hver öðrum fyrir það sem þeir höfðu gert og sýndu þeim samúð sem meiddu sig

³¹ Nielsen, Harriet Bjerrum. 1994: “Boys and girls from grade one to grade nine”.

Það er ekki rétt að lýsa leik stelpna og stráka sem andstæðum. Þar að auki skipta fullorðnir miklu máli varðandi það hvernig og hversu sterklega landamæravinna stelpna og stráka birtist.

Sérhver kynslóð “finnur upp” kynið á nýjan leik.

Þó svo að kynjaskilin milli leikja stelpna og stráka séu nokkuð skýr og leikir þeirra misjafnir er það ekki nauðsynlega vegna þess að líffræði þeirra eða sálfræði sé í grundvallaratriðum misjöfn. Jafnvel þó svo að kynjaaðskilnaðurinn og leikjamynstrið virðist við fyrstu sýn frekar hefðbundið þá telur danski barnarannsakandinn Jan Kampmann að sérhvert barn og sérhver kynslóð barna finni sjálf hvað kyn eigi að merkja hjá þeim. Á grundvelli umhverfisins og úrvinnslu úr því eru afbrigði barna og unglinga á kyni alltaf aðeins öðruvísi en það sem verið hefur.

“Þó svo maður sjái það sem virðist vera viðvarandi munur á leikjum annars vegar stelpna og hins vegar stráka, tengslum þeirra og hegðun þá þarf það ekki að stafa af óbreytanlegum staðreyndum líffræðinnar eða að til séu eðlislæg “stelpnahlutverk” og “strákahlutverk”. Þegar við skoðum nánar hvernig börn takast á við og umskapa kyn á hverjum degi verður myndin strax óljósari en hún er við fyrstu sýn.

Það er enginn vafi á því að kyn skiptir verulega miklu máli í daglegum samskiptum barna. Börn “nota” kyn sem verkfæri og merkimiða í daglegri félagslegri skipulagningu og þar er kyn notað á bæði jákvæðan og neikvæðan hátt til skýringa og réttlættinga, til að umfaðma og útiloka. (Á sama hátt getur aldur verið svipaður merkimiði.)

Með þessum kynjuðu merkimiðum er líka verið að reyna að draga upp sjálfsmynd þar sem maður leikur sér með rými kynsins, þar sem stöðugt er verið að reyna hvar mörkin eru varðandi möguleika míns kyns. Þetta á sér stað meðal annars í mismunandi hlutverkum og innihaldi leiksins. Hér er því ekki bara verið að tala um að börn (annars vegar sem stelpur og hins vegar sem strákar) taki yfir eða á óvirkan hátt “kóði” þær hlutverkavæntingar sem að þeim er haldið á meðvitaðan og ómeðvitaðan hátt frá hinum fullorðnu, fjölmiðlunum og svo framvegis heldur að þau “afkóði” og “endurkóði” kynjaflokkunina. Þannig er ekki hægt að skilja leikinn sem einfalda endurtekningu á þegar ákveðnum “kynjahlutverkum”, heldur alltaf einnig tilraun til skilgreininga og endurskilgreininga á kynjakóðunum. Kyn verður þannig mikilvægur þáttur í almennum samningaviðræðum barna um skipulagningu vegna þess að kyn er mikilvægur þáttur í almennum samningaviðræðum um landamæri, tilraunir með sjálfsmynd og svo framvegis.

Kyn er þar með fulltrúi fyrir mikilvæga þætti og verkfæri sem börn nota til að “öðlast “þekkingu um heiminn”. Strax í leikskóla kynja börn hegðun sína, bæði í innbyrðis samskiptum og gagnvart þeim aðskilnaði sem þau búa til í tilraunum sínum til að skilja heiminn. Það eru “stelpuhlutir” og “strákahlutir”, eitthvað er bara fyrir stelpur og annað er bara fyrir stráka og svo framvegis.

Það eru sem sagt ekki bara innbyrðis tengsl barnanna og sjálfsskilningur þeirra sem er kynjaður á þennan hátt heldur líka hegðun þeirra og sjónarhorn á atburði hversdagsins.

Þó svo talað sé um hægfara breytingar þá er þó talað um breytingar. Börn eru stöðugt að semja um hvað kyn eigi að merkja hjá þeim - þau eru ekki bara að semja um að taka yfir velþekktar og inngrónar kynjaímyndir. Börn brjóta líka gegn þeim og leggja þar með sitt af mörkum til að skapa ný drög að því “hvað maður getur gert” - annars vegar stelpa og hins vegar strákur (Kampmann, fyrirlestur).

Unaðslegir kynjaleikir, hasahetjur og bleikt tjull

Ung börn eru oft heilluð af því dæmigerða og öfgafulla hjá eigin kyni og hinu. Margar stelpur eru uppteknar af prinsessuhlutverki og bleikum flaksandi kjólum. Á sama hátt eru margir strákar heillaðir af ofur karlmannlegum hetjum, íþróttakörnum og karlkyns tónlistarmönnum. Þessar dæmigerðu kynjamyndir eru oft ekki komnar frá mömmu og pabba eða skólanum heldur gegnum mismunandi fjölmiðla. Af hverju er þetta svona heillandi?

Það sem oft er augljóst er löngun barna og unglunga til að reyna sviðssetningar sem eru dæmigerðar fyrir kynin. Ekki er þar með sagt að börnin gleypi allan þakkann um hvernig kynin hagi sér hvort gagnvart öðru. Það gildir einnig um flesta fullorðna að þeir finna fyrir ákveðinni löngun til að leika kynjadæmigerð leikrit, oft innan ákveðins ramma og ákveðinna tímamarka. Þegar fullorðnir leika kynjadæmigerð leikrit er það gjarnan í tengslum við veisluhöld og síðareglur, allt frá veislum með ákveðin þemu eins og “villta vestrið” til hefðbundinna samkvæma. Ef til vill leiðum við ekki hugann að því en hefðbundnar veislur eins og brúðkaup og fimmtugsafmæli hafa í sér það sem kalla má tilbúna kynjaleiðbeiningar sem margir vilja fylgja á íhaldssaman hátt. Karlar eiga að vera í dökkum fötum með bindi eða slaufu og karlarnir eiga að tala til kvennanna og hrósa þeim fyrir útlit og eldamennsku. Konur eiga að vera í kjólum, vera snotrar og mála sig þannig að það auki á kvenleika þeirra. Það á að leiða þær til borðs, hafa ofan af fyrir þeim við borðhaldið, leiða þær í dans og svo framvegis.

Það ætti ekki að vanmeta þá unaðstilfinningu barna sem tengist því að reyna mismunandi kynjaleikrit. Og það sem við fyrstu sýn virðist hefðbundið getur við nánari skoðun sýnt andstöðu við hina dæmigerðu mynd eða að minnsta kosti ákveðnar samningaviðræður.

Börn eru hæfileikaríkir stýrimenn

Þegar sænski karlafræðingurinn Marie Nordberg vann í leikskóla fylgdist hún með börnum og tók viðtöl við þau um leik þeirra. Það sem þá birtist var að strákarnir tóku á fínlegan hátt þátt í tengslaleikjum sem eiginlega voru “of stelpulegir”. En þegar þeir áttu að segja frá því sem þeir hefðu verið að gera tókst þeim mjög vel að uppfylla væntingar um hvað “alvöru strákar gera”.

“Þegar ég vann í leikskóla tók ég viðtöl við börn um kyn. Ég sá að stelpur og strákar léku sér mikið saman. En ef hópur stelpna var að leika sér saman og strákar bættust í hópinn þá hafði það oft í för með sér breytingar á leiknum. Ef stelpurnar voru að leika hund og strákar bættust við þá gat til dæmis hundurinn breyst í villidýr og leikurinn varð fjörmeiri. En stelpurnar gátu verið í alveg jafn fjörmiklum leikjum þó engir strákar væru með.

Það sem ég sá að var vandamál fyrir strákana, sem voru fimm og sex ára gamlir, var að þegar þeir vildu taka þátt í tengslaleik þá var tekið mjög kröftuglega á móti þeim og stelpurnar úthlutuðu þeim ákveðnum stöðum og ákveðnum hlutverkum. Strákur sem vildi til dæmis fá að vera með í dúkkuleik, fékk pabbastöðu og stöðugar ákúrir: “Þú getur ekki haldið svona á barni” og “Svona áttu að gera”. Hann skorti þessa reynslu. Kannski hafði hann ekki oft leikið svona leik. Eða þá að stelpurnar sátu og léku sveitaleik með plastdýrum og strákur kom og vildi vera með. Hann tók kú og gekk til þeirra og þá sögðu stelpurnar: “Svona gengur kú ekki er það nokkuð! Hún á að vera úti í haga og svo á hún að hreyfa sig svona.” Honum reyndist erfitt að ná þessu. Ég sá hann reyna aftur og aftur og fá ákúrir.

Stelpurnar léku oftár fleiri mismunandi leiki með mismunandi leikmynstri en algengt var hjá strákunum. Á sama tíma drógust strákarnir að leikjum sem höfðu kvenlegt innihald svo sem tengslaleikjum og að prufa stelpuföt.

Þegar ég tók viðtöl við börnin um leik þeirra þá vissi ég að þau höfðu leikið sér mikið saman. En þegar ég spurði: “Hvað gerðir þú í dag?” pössuðu þau sig vandlega á að segja frá stelpuleikjum og strákaleikjum sem aðskildum þáttum. Þegar kom að því hvað þau léku sér með heima gátu strákarnir sagt: “Ég lék mér með dúkkur þegar ég var yngri en það geri ég ekki lengur.” Það var greinilegt að þeir vissu hvaða kynjastöðu var reiknað með að þeir tækju.

Annað atriði sem mér finnst mikilvægt er umræðan um leikföng barna og öll vandamálin sem fylgja því að eiga ekki að leika með sum leikföng. Hvað gera börnin þá? Þegar strákar upplifa að þeir standi frammi fyrir leik sem þeim er bannaður þá geta þeir til dæmis notað Star Wars fígúrir eða annað álíka sem er nátengt því að vera strákur. Og svo geta þeir sett þessar “stráka”fígúrir í dúkkuhús. Þegar þessi fígúra er komin í dúkkuhúsið geta þeir leikið tengslaleiki um hvernig þeir sinna heimilisstörfum, elda, horfa á sjónvarp, sjá um börnin og svo framvegis” (Nordberg, viðtal).

Svo virðist sem miklar hindranir séu í vegi þess að strákar leiki tengslaleiki. Börn mæta ýmsum væntingum um hvað þau eigi að gera sem strákur og stelpa í mismunandi aðstæðum, þegar þau leika sér í nágrenni heimilisins, við matarborðið heima og á fótboltaæfingu. Börn þróa með sér hæfileika til að greina hvað þau geta sagt og gert við mismunandi aðstæður og hvernig þau geta skipt um og sameinað mismunandi hegðunarmöguleika.

Samandregið um gerendamiðaðar rannsóknir

Rannsóknir sem snúa meira að börnum huga að sögnum barnanna sjálfra með því að nota hugtök á borð við vinnu, verkgetu, samninga og úrvinnslu, sem undirstrikar virkni barnanna sjálfra við að móta kyn. Þar við bætist að áhersla er lögð á félagslega stöðu og þær raunverulegu aðstæður sem barnið hegðar sér innan.

Áskoranirnar og þörfin fyrir nýja uppeldisfræði

Í þessum hluta hef ég dregið fram þekkingu um kyn og vandræðastráka í skólum og leikskólum. Og þá hugsar þú ef til vill sem svo að nú þurfi aðeins að finna út hvað við þurfum að gera. Af mörgum ástæðum er það hvorki mögulegt né æskilegt.

Í fyrsta lagi er þekking um kyn ekki þeirrar gerðar að fræðimenn eða uppeldisfræðingar geti lagt fram slíka lýsingu á því hvernig heimurinn líti út að aðeins þurfi að fylgja því eftir með raunhæfum breytingum. Í nútímanum eru fáir ef nokkrir sem trúá “stórsögurnar” hvort heldur þær snúa að kyni, vandamálastrákum eða nokkru öðru. Á svipaðan hátt og börn og unglingar setur starfsfólk skóla og leikskóla og aðrir saman hugmyndir sínar um kyn á grundvelli eigin reynslu og eigin starfs. Reynsla okkar er ólík eftir því hvort þú lifir í stjúp fjölskyldu, vinnur í grunnskóla með mörgum nemendum frá minnihlutahópum, átt son með hegðunarkvæði og svo framvegis og þessi reynsla skiptir sköpum um hvaða sögnum maður trúir.

Í öðru lagi er sú hugmynd að starfsmaður eigi einfaldlega að bretta upp ermarnar og drífa í að gera eitthvað í þeim vandamálum sem stelpur og strákar standa frammi fyrir, ekki mjög frjó. Með slíkt sem upphafspunkt ofmetur maður áhrifamátt og innsæi einstakra starfsmanna gagnvart stelpunum og strákunum sjálfum. Er alveg víst að skilningur hinna fullorðnu sjálfra á vandanum sé sá besti? Hvað með hugmyndir barnanna og unglinganna?

Hvað þá með þau sérstöku vandamál sem strákar takast á við? Hvað með ábyrgð hins opinbera á kynjamótuninni? Hvað með hina svokölluðu kvenvæðingu skólans? Hvaða afstöðu eiga leikskólarnir og grunnskólarnir að hafa gagnvart þessum þáttum og eigum við að tala um stelpur og stráka eða almennt um börn?

Þó ekki sé til ein stór og sönn sögn um kyn, stelpur og stráka þá þýðir það ekki að starfsfólk leik- og grunnskóla þurfi að vera lamað gagnvart áðurnefndum atriðum.

Börn en ekki stelpur og strákar?

Á starfsfólk í leik- og grunnskólum að einbeita sér að stelpum og strákum en ekki börnum almennt séð? Það er auðvelt að fallast á að maður eigi að hafa íhugandi afstöðu gagnvart kynjuðum gjörðum og hegðun barna. En margir þeirra sérfræðinga sem rætt er við í þessari bók eru þeirrar skoðunar að það kynjaviðhorf sem notað sé innan margra stofnana sé svo einhliða og úr takt við tímann að það hefði jafnvel verið betra ef bara hefði verið talað um börn með sömu möguleika og sömu réttindi en ekki um kyn. Afleiðing þessa kynjaviðhorfs er staðfesting á að “svona og svona eru stelpur og strákar” án þess að nokkur hafi djörfung til að breikka leikmöguleika barna þvert á kynjalandamæri (sbr. fyrstu söguna “Svona eru strákar”). Sænski karlafræðingurinn Marie Nordberg fékk sömu spurningu og Margrét Pála svaraði í upphafi bókarinnar: “Er það rétt að í leikskólum og skólum í dag sé ekki lengur talað um og hugsað um stráka og stelpur, heldur börn?” Hún svaraði:

“Ég er reyndar þeirrar skoðunar að þessu sé öfugt farið. Það hversu mjög er einblínt á kyn í gegnum femínismann, samfélagsfræði og jafnréttispolitík í norrænum löndum veldur því að kynjaflokkunin hefur fengið mikla athygli. Þetta áhorf hefur haft í för með sér að litið er á kynjamun sem eðlismun og horft á stráka á einn hátt og stelpur á annan. Mér finnst að í sænskri uppeldisfræði í dag sé mikið um eðlishyggi. Og mín tilfinning er að það sama eigi við í öðrum norrænum löndum.

Á tunda áratug tuttugustu aldarinnar hefur ein tegund eðlishyggi verið ríkjandi: Við erum ólík en jafngild. Karlar eiga að vera karlmannlegir og konur kvenlegar. Og það á ekki að vera neinn stöðmunur á því sem er karlmannlegt og því sem er

kvenlegt. Ég finn það oft þegar ég er að tala við starfsfólk leikskóla að það stjórnast af hugsunarhætti um að strákar hafi aðrar þarfir en stelpur. Það sem mér finnst vera vandamálið í þessari hugsun er að börnum er hrúgað saman í ákveðinn hóp og oft eru þá ákveðin stöðluð kynjamynstur fest í sessi” (Nordberg, viðtal).

Ef hugsunarhátturinn og umræðan um stelpur og stráka festir í sessi hefðbundið kynjamynstur, hvað á maður þá að gera? Hvað annað er í stöðunni? Ef við tölum um börn sem einstaklinga og gerendum þá fylgir því sá kostur að gengið er útfrá þeim heimi sem barnið lifir í en á móti kemur að þá er því sleppt að horfa til þeirra áhrifa sem kyn getur haft. Hugsanleg lausn á vandanum er að tala um börn sem kynjaða gerendum. Þannig fær maður möguleika á að nýta sér í starfi tvo mikilvæga þætti nýrri kynjarannsóknna sem ég hef áður komið að. Í fyrsta lagi eru börn sjálf þátttakendur í að móta eigið kyn, enduruppfinna það eins og Kampmann orðar það. Í öðru lagi þá er kyn, stelpa og strákur, nokkuð sem börn gera frekar en eitthvað sem þau eru.

Opinber kynjamótun

Það hljómar ágætlega að börn séu kynjaðir gerendum, leiki sér með merkingu kynhlutverka og séu sjálf virk í að móta eigin kynfýmynd. En hvað þá með kynjamótun barna. Þegar svo mikið af tíma barnanna er eytt á opinberum uppeldisstofnunum er þá ekki þörf fyrir kynjamótun og fyrir karla og konur sem hlutverkafyrirmyndir eins og í fjölskyldunni? Hvað með ábyrgð hins opinbera á kynjamótuninni?

Orðin kynjamótun og kynjahlutverk eru aðeins verkfæri til að lýsa kynjuðum þroskaferli barna. Hvað þýðir kynjamótun? Ef við lítum einfalt á málið þá búum við Norðurlandabúar í mörgum ólíkum samfélögum, með ólíkum reglum, viðmiðum, vinnuskyldum, einstaklingum og mörkum milli okkar. Félagsmótun er ferlið sem kennir einstaklingunum reglur og verkefni samfélagsins og hvernig þau geta aðlagast þeim. Að hluta eru reglur og verkefni mismunandi fyrir stelpur og stráka, konur og karla. Kynjamótun er það ferli sem kennir stelpum og strákum þær reglur, viðmið, verkefni og fleira sem gilda gagnvart þeirra kyni. Ýmsir sálfræðingar³² og félagsfræðingar³³ hafa lagt fram yfirlit um hvernig hefðbundin kynjamótun á sér stað.

Yfirlitsmyndir kynjamótunar eru nú gagnrýndar. Innan rannsókna á kyni barna er í dag lögð meiri áhersla á þá miklu fjölbreytni sem einkenni möguleikana við að verða stelpa eða strákur en á það sem sé líkt í þroskaferli hvors kyns. Þó svo það sé oft munur á því lífi sem karlar og konur lifa í norrænu löndunum þá er erfitt, næstum ómögulegt, að greina einhverjar reglur og væntingar sem gilda fyrir annars vegar karla og hins vegar fyrir konur. Og hvert á félagsmótun stelpna og stráka þá að fara með þau? Hugmyndir kynjamótunarinnar gefa líka til kynna að stelpur og strákar taki við “tílúnum” kynjahlutverkum og hafi lítil áhrif á þau. Það gengur þvert á hugmyndina um börn sem gerendum í eigin lífi.

Þó svo hugmyndirnar um kynjamótun séu ekki lengur jafn virkar þá er eftir sem áður áhugavert að kanna mismunandi þroskaferil stelpna og stráka. Það svið sem kynjamótunin fjallaði um er á engan hátt liðið undir lok.

Á yfirlitsmynd kynjamótunarinnar er kyn eitthvað sem börn eru og taka við. Stelpa er stelpa og strákur er strákur og þau taka annars vegar við kven- og karlhlutverki. Það er hægt að skipta á þessari yfirlitsmynd og öðrum myndum: kyn í menningarbundnu hátterni, í fatnaði, giftingasiðum, öðrum siðareglum, leikjum barna, tónlist – sem börn

³² Freud, Sigmund. 1992: *Forelesningar til innføring í psykoanalyse.* ; Chodorow, Nancy. 1978: *The reproduction of mothering.*

³³ Parsons, Talcott. 1966: “The American Family”.

leika sér með, framkvæma með og nota sem grunn að sjálfskilningi. Kyn er með öðrum orðum eitthvað sem börn gera. Ef við viljum skila kynjaðan þroskaferil barna þá getum við í stað þess að spyrja um hvað við vitum um kynjamótun barna spurt hvað við vitum um hvernig börn skapa kyn.

“Kvennavæðing æskunnar”

Það hefur verið dregið fram sem vandamál að það skorti karla í grunnskóla og leikskóla. Oft er rætt um þetta vandamál sem “kvennavæðingu æskunnar”. Í öðrum hluta, Ramminn, mun ég koma nánar inn á afleiðingar fjarveru karla í grunn- og leikskólum. Hér læt ég mér nægja að slá því föstu að bak við flestar áhyggjur af “kvennavæðingu æskunnar” sé kynjamótunarhugsun. Fólk hugsar sem svo að dóttirin læri að verða kona með því að herma eftir móður sinni og að sonurinn læri að verða karl með því að herma eftir föður sínum. Á sama hátt hugsar fólk sér að börnin læri kynjahlutverk í leik- og grunnskólum en þar vantar strákana einhvern til að líkja eftir.

Líklega er frjórri að líta á vandamálið með fjarveru karla með því að ganga út frá því hvernig börn túlka kyn frekar en hvernig börn taka við og herma eftir fullorðnum.

Félagsleg vandamál stráka

Hvað með þau sérstöku vandamál sem strákar og karlar þurfa að takast á við? Í upphafi nefndi ég nokkrar ögranir sem eru tengdar lífi stráka og karla: kynlíf, félagsleg hæfni, starfsval, árangur í skóla, lestrarkunnátta, hegðunarvandamál, einbeitingarvandi, rofin skólaganga, afbrot og sjálfsvíg. Þar eð strákar greina sig svo áberandi frá norminu á neikvæðan hátt er augljóst að kyn þeirra skiptir verulegu máli. Þrátt fyrir það er ekki mikið til af norrænum rannsóknum um mikilvægi karlmenskunnar innan áður nefndra þátta.

Í sögnum okkar og ímyndum um stráka, karlmensku og kyn sjáum við að karlmenskuhugtakið gengur eins og rauður þráður í gegnum þessi þemu. Ímyndarheimur okkar er eins og bakgrunnur í öllu sem við gerum. Þess vegna er alltaf mikilvægt að byrja á sjálfum sér og spyrja: Hvernig hugsa ég um strákana “mína”? Hvaða sögnum trúi ég og af hverju? Og hvernig hugsa ég um stelpurnar? Á grundvelli reynslu sinnar segir sænski leikskólastjórinn Kajsa Wahlström frá því hvernig ímyndir starfsmanna um eðlislægan mun stelpna og stráka geta birst.

“Við höfum unnið með safnhaug í leikskólanum. Við jaðar svæðisins er safnhaugurinn. Og svo kemur Gunn út með fötu og spyr: “Anders getur þú hjólað uppeftir með úrganginn?” “Nei ég er að hjóla,” svarar hann og hjólar áfram. Nú þá er hann upptekinn, hugsar Gunn. Anders leyfðist að segja nei. Og það er jákvætt að börn læri að segja nei. Síðan gengur Gunn framhjá þremur strákum en spyr þá ekki því þeir virðast vera uppteknir. Þeir eru að leika sér og leikur er mikilvægur svo hann truflar maður ekki. Svo fer hún til stelpnanna og spyr: “Karin getur þú farið með úrganginn?” Karin ókyrrist því hún vill alls ekki segja nei. “Nja, ég er að teikna,” segir hún. “Já en þú getur nú skotist uppeftir með þetta. Ég get passað þetta fyrir þig á meðan.” Gunn hefur neikvæðar væntingar til strákanna, þeir gætu hjólað fram hjá og tekið teikningarnar. Neikvæð vænting sem hún kemur áfram. Eftir þetta taka hinar stelpurnar við að sannfæra Karin. “Já en jörðin þarf að fá úrganginn” (Wahlström, viðtal).

Með þessu dæmi bendir Wahlström á óheppilega afleiðingu af ímyndum Gunn: Strákarnir eru gerðir ábyrgðarlausir, þeir þurfa að fá að leika sér í friði en stelpurnar eru gerðar ábyrgðarfullar og það er í lagi að trufla þær.

Það er ekki hægt að koma í veg fyrir að starfsfólk leik- og grunnskóla sé með ímyndir um muninn á stelpum og stráku eins og Gunn. Það sem getur verið óheppilegt er að við erum ekki meðvituð um hvaða ímyndir við höfum eða að við festumst svo í “stórum sögnum” að okkur yfirsést hvernig ólík börn og unglingar skilja gerðir sínar. Í erilsömum stofnanadegi getur verið erfitt að setja sig inn í heim barna og unglunga og útgáfur þeirra af raunveruleikanum. Samt er það markmið sem er þess virði að halda í.

Ein spurning sem við ættum að velta fyrir okkur er hvort sú athygli sem við beinum að strákum sé neikvæð og ófrjó. Það er óheppileg hlið á deilunum um stráka í skóla og leikskóla að sú áhersla getur orðið til þess að festa í sessi þann skilning á strákum og karlmennsku að þeir séu í sjálfu sér vandamál og dæmigerðir fyrir sitt kyn. Til jafnvægis við þetta sýndi dæmið um Marius að það er alls ekki bara ein leið til að vera strákur.

Frá uppeldisfræðilegum sjónarhóli er frjótt að ganga út frá úrræða- og lausnasýn frekar en vandamála- og skortssýn. Ef það nú er þannig að einstaka strákar eru óvirkir af hverju er það þá þannig? Hvað gæti fengið þá til að taka þátt? Hvað eru þeir að gera? Ef margir strákar í leikskólum halda sig fyrir utan sjónsvið fullorðinna, af hverju gera þeir það? Það getur verið frjótt að horfa til þess hvar styrkur strákanna liggur, hvaða úrræði þeir hafa og þróa síðan þessi úrræði í nýjar áttir.

Við horfum fram á tvö stór félagsleg vandamál varðandi stráka í leikskólum og grunnskólum. Annars vegar er það umfang skólafjandsamlegrar hegðunar stráka og að umhverfið lítur á það sem eðlilegt. Hitt vandamálið er óttinn við hið kvenlega. Sterkir menningarstraumar beinast gegn því að strákar taki þátt í því sem hefur kvenlegan stimpil eins og tengslaleikir, dúkkuleikir, að sauma, að nudda fætur annarra stráka, faðma hver annan, klæðast stelpufötum og svo framvegis. Margir vilja helst að strákar séu ekki of ákafir í að prófa hið kvenlega því það mætti túlka sem merki um óörugga kynímynd. En þannig er ekki hugsað þegar stelpur prófa hið karllega.

Sex punktar fyrir kynjavinnu í uppeldisstofnunum

Á grundvelli hugmynda danska barnarannsakandans Jan Kampmann ætla ég að ljúka þessum hluta með nokkrum punktum um hvað geti einkennt góða kynjaða uppeldisfræði á uppeldisstofnunum. Í punktunum er gengið út frá því að börn og unglingar séu sjálf virk í að ákvarða hvað kyn á að merkja í þeirra huga. Segja má að í punktunum felist hvernig maður getur tekið börn alvarlega sem kynjaða þátttakendur.

1. Ekki halda að þú getir séð fyrir eða ákveðið þroska barnanna.

Hafðu sem grunnpunkt að starfsfólkið getur ekki ákveðið hvernig það mótar barnið. Fullorðnir geta hugsað um það hvernig þeir vildu sjá börnin þroskast en það getur verið mjög erfitt að móta börnin í samræmi við þessar hugmyndir. Fullorðnir hafa engin bein áhrif á börnin út frá þeim grundvelli sem þeir hafa ákveðið. Börn og unglingar nota og sía áreiti frá umhverfinu á eigin forsendum. Þegar ólík börn leika sér með merkingu kynsins og skapa eigin “kynímynd” fylgja þau misjöfnum forskriftum. Hugmyndafræðileg verkefni sem miða að því að kenna öllum börnum kynjahlutverk eftir ákveðnu normi eða á ákveðin hátt eru þess vegna fyrirfram dæmd til að mistakast.

2. Vertu stoð fyrir barnið þegar það er að reyna merkingu kynsins

Betri aðferðafræði er að styðja börnin þegar þau eru að reyna kynjaflokkana, hvað það felur í sér að vera strákur, stelpa, karlmannlegur og kvenlegur og leyfa þeim að láta reyna á landamærin og stíga yfir línuna. Fullorðnir geta ekki gert kraftaverk en það dregur ekki úr mikilvægi þess hvað fullorðnir gera.

“Með öðrum orðum þá verðum við að reyna að styðja við þann opna huga sem börnin hafa gagnvart því að afkóða og endurkóða hvað sé leyfilegt að gera sem annars vegar strákur og hins vegar stelpa. Við getum stutt þennan opna huga í túlkun á því hvað strákar og stelpur geta leyft sér að gera án þess að það sé “vandræðalegt” eða “óheimilt” með því að leggja okkar skerf til umfangsmikils og margþætts nægtaborðs upplifana, áhrifa, mynda, talsmáta, svigrúms og svo framvegis þar sem við reynum að framlengja athuganir barnann sjálfra á mörkum og möguleikum eins vel og við getum” (Kampmann, fyrirlestur).

3. Veltu því fyrir þér á hvern hátt þínar starfsaðferðir eru kynjaðar

“Mörg rannsóknaverkefni hafa sýnt að fullorðnir leggja á ómeðvitaðan hátt og án þess að ætla sér að gera það gífurlega mikið af mörkum til að viðhalda kynjuðum staðalmyndum hjá börnum. Á þennan hátt getur oft verið furðulega mikið misræmi milli þess kynjaskilnings sem hinir fullorðnu miðla í meðvitundum uppeldisáætlunum og hinna hefðbundnari og, að hluta, ósveigjanlegri hugmynda sem þeir miðla til barnanna á hárfínan, ósýnilegan og ekki síst ómeðvitaðan hátt gegnum venjulega, hversdagslega samveru þegar ekki er endilega verið að hugsa um uppeldisfræði” (sama).

Hér getur það því verið mikilvæg vinnuleið að búa til ákveðinn grundvöll og kerfi til að rannsaka hvernig þú sjálfur lítur á kyn barnanna og hvernig þú hagar þér gagnvart stelpum og strákum í barnahópnum. Í þeirri vinnu er mikilvægt að leggja til hliðar áætlanir og markmið stofnunarinnar. Í stað þess að horfa til eigin gerða er allt of auðvelt að koma með skýringar á því af hverju og hvernig áætlunum og markmiðum er venjuleg fylgt.

4. Hugleiddu eigin skilning á kyni barna

Við höfum ímyndir um hverjar séu góðu stelpurnar og ólátastrákarnir en hvernig eru börnin sem við hugsum um sem góðu stelpurnar og ólátastrákana þegar við skygnumst á bak við merkimiðana?

“Meðvitaðri úrvinnslu eigin staðalmynda um kyn verður að tengja meðvitaðri úrvinnslu þess hvernig fullorðnir, oft ómeðvitað, bregðast við og stimpla ólík börn og hegðun þeirra á ákveðin hátt sem er í raun framlenging á kynjuðum staðalmyndum sem þeir hafa gagnvart börnum. Hversu oft gerist það ekki að ákveðin hegðun barna er túlkuð á grundvelli fyrirfram ákveðinna heildarmynda eins og til dæmis: “Hann er jú einn af ólátastrákunum”; “Hún er ein af stilltu stelpunum”, “Hann er einn af góðu strákunum sem alltaf eru að lenda í vandræðum”. Ósjaldan má sjá hvernig við, hinir fullorðnu, læsum börnin enn fastar í kynjuðum staðalmyndum frekar en að leggja fram okkar skerf á virkan hátt til að auka möguleika okkar og þeirra til að skilja og hegða okkur gagnvart kyni á fjölbreytilegan og ekki-takmarkandi hátt” (sama).

Kennari hefur ef til vill unnið stíft að því að fá strákana í bekknum til að skrifa almennilega af því þeir gátu varla sjálfir lesið eigin skrift. Ef síðan strákur sýnir stoltur skrift sína og fær viðbrögðin: “Glæsilegt, þú ert næstum því farinn að skrifa jafn vel og stelpa”, þá er líklegt að hann muni strax hverfa aftur til hrafnasparksins.

5. Hafðu breidd í fullorðnu fyrirmyndunum

Í stað þess að hugsa sem svo að þú getir mótað kyn barns á beinan hátt ættirðu að líta á sjálfa(n) þig og starfsfélaga þína sem mögulegar fyrirmyndir barna í landslagi þar sem einnig eru margir aðrir þátttakendur sem sýna hvað kynið getur þýtt. Á sama hátt og sjónvarpið, foreldrar og systkini þá er starfsfólk leikskóla og skóla fyrirmyndir og bjargir í leik barnsins um hvað sé karlmannlegt og hvað kvenlegt. Þess vegna er það svo mikilvægt hvað hinir fullorðnu í leik- og grunnskólum gera. Mikil breidd í hópi hinna fullorðnu, sem eru kynjaðir á mismunandi hátt, getur skipt miklu fyrir möguleika barna til að prófa mismunandi þætti. Sérhver starfsmaður þarf þess vegna að geta spilað á marga strengi og sýnt bæði karlmannlegar og kvenlegar hliðar. Verkaskipting sem hvílir á þeirri hugmyndafræði að “hjá okkur gera karlar og konur það sem þau eru best í” hefur einn veikleika. Hún sýnir börnum og unglingum að karlar geta ekki gert það sem konur gera jafn vel og þær og öfugt.

Krafan um fjölbreytileika í fyrirmyndum verður að gilda ekki síður fyrir karla en konur. Stofnunin hefur ekki þörf fyrir karla til að gera karlmannlega hluti, eða þörf fyrir sanna karla eða venjulega karla. Stofnunin hefur þörf fyrir allar gerðir karla og helst ekki karla sem bara gera karlmannlega hluti.

6. Beindu athyglinni að samstarfi hinna fullorðnu

Stofnanirnar hafa þörf fyrir allar gerðir karla og kvenna en það grefur undan markmiðunum ef starfsfólkið sýnir samt í innbyrðis samskiptum að það komi frá “ólíkum plánetum”. Starfsmannahópur, hvort heldur er í grunnskóla eða leikskóla, býr yfir ákveðinni kynjamenningu sem birtist í tengslum hinna fullorðnu hver við annan.

“Fullorðnir skapa með öðrum orðum eigin kynjamenningu. Börnin mæta þessari kynjamenningu á hverjum degi, fá innblástur þaðan og vinna með hana. Það sem fullorðnir leggja í prófanir barna á innihaldsmöguleikum kynjanna er gert á grundvelli eigin aðferða við að skipuleggja kynið og eigin persónulegu aðferða við að meðhöndla það að vera kyn. Það er ekki síður virk hugmyndafræðileg stærð gagnvart börnum en allar þær réttu hugsanir sem starfsmannahópurinn reynir að miðla þegar “kynjaþemað” er á uppeldisdagskránni” (sama).

ANNAR HLUTI: RAMMARNIR

Hlutfall karla í
leikskólum
grunnskólum
skóladagheimilum

Mat á karlafjarverunni

Rannsókn á (leikskóla)kennaranáminu

Ég gerði rannsókn á einni deild í leikskóla þar sem unnu þrír karlar en engin kona.³⁴ Dag einn kom ein móðirin að sækja barnið sitt á “karladeildina” og spurði þá barnið: “Ætlar þú að vinna í leikskóla eins og Mikkel og Thomas þegar þú verður stór?” Eftir stutta umhugsun svaraði Andreas, sem var fimm ára: “Nei það eru svo margir karlar sem gera það.” Þetta atvik sýnir í fyrsta lagi að börn draga ályktanir af þeim heimi sem þau búa við. Ef börnin eru í leikskóla þar sem bara karlar vinna þá er það ástand sem þau líta á sem venjulegt. Í öðru lagi sýnir þetta að fullorðnir geta ekki vitað fyrirfram hvaða ályktanir börn draga. Mamman bjóst ekki við þessu svári. Sjálfsagt átti hún von á að aðdáun Andreasar á fullorðnu körlunum mundi leiða til þess að hann segðist vilja vinna í leikskóla.

Í þessum hluta ætla ég að líta á þá ramma sem hlutfall karla og kynjahæfni starfsfólksins setja. Mamman gat ekki ályktað á grundvelli þessa eina ramma, að karlar voru til staðar, hvernig Andreas hugsaði. Þessir ramar veita okkur upplýsingar um hvaða möguleika börn og unglingar hafa til að móta og reyna hvað það er að vera kona og karl. En það er erfitt að sjá fyrir hvernig börn móti sig sem stelpur og stráka einvörðungu á grundvelli rammanna. Til að skilja það er nauðsynlegt að skoða hvernig afstaða þeirra gagnvart heiminum er.

Fyrst legg ég fram tölfræði um hlutfall karla í uppeldisstofnunum á Norðurlöndum. Eftir það mun ég benda á mat mismunandi fagfólks á “karlaskortinum” og hvernig það skilyrði kynjamótun barnanna. Að lokum mun ég skoða hvað gert er í kennara- og leikskólakennaranámi til að kenna nemendum um kyn. Það mun ég gera á grundvelli rannsóknar sem gerð var í tengslum við þessa bók.

³⁴ Bredesen, Ole. 2000: *Kule, analytiske og rå.*


Hlutur karla í uppeldisstofnunum

Auk jafnaldra eru fullorðnar konur og fullorðnir karlar mikilvægasta uppspretta þekkingar barna á því hvað kyn sé og hvernig þau sjálf geti mótað og reynt hvað það sé að vera stelpa og strákur.

Andreas er fimm ára gamall og nærvera karla hafði þá þýðingu fyrir hann að honum fannst það sjálfsagt að á leikskólum ynnu karlar, að karlar geti líka huggað hann, að karlar geti eldað, skipt um bleyju og svo framvegis. Þeir náms- og þroskamöguleikar sem liggja í að karlar séu til staðar þurfa ekki að vera bara jákvæðir. Lýsingar í bókmenntum á drottunarsjúkum karlkennurum gefa skýr dæmi um það.³⁵ Í bókmenntunum er heldur ekki skortur á lýsingum á frekar óviðfelldum konum í uppeldisstörfum.

Að hve miklu leyti er þessi uppspretta náms og þroska til staðar í uppeldisstofnunum barna á Norðurlöndum hvort heldur er á jákvæðan eða neikvæðan hátt? Konurnar eru til staðar en hvað eru karlarnir margir?

Körlum hefur fækkað í grunnskólunum




Konur eru í meirihluta meðal grunnskólakennara á öllum Norðurlöndunum. Skekkjan er minnst í Danmörku þar sem karlkennarar eru 35%. Ísland er í botni með 24% karlkennara.

Síðustu tíu árin hefur hlutfall karlkennara lækkað á Norðurlöndum. Í Finnlandi hefur þessi fækkun verið veruleg, frá 44% í 30% eða um 14%. Á hinum Norðurlöndunum hefur fækkunin verið minni, sjö prósent eða minna.


Karlar eru í minnihluta í frístundatengdu skólastarfi

³⁵ Jacobsen, Roy. 1991: *Seierherrene*. Kielland, Alexander. 1883: *Gift*.




Hlutfall karla í frístundatengdu skólasterfi og í dægradvöl er hæst í Danmörku þar sem þeir eru 23%. Í Noregi er hlutfallið 11% og 15% í Svíþjóð. Í Finnlandi eru ekki opinber skóladagheimili og því engin tölfræði. Ísland hefur heldur ekki tölur um þessa kynjaskiptingu.

Það munu vera karlar í leikskólunum



Á öllum Norðurlöndum er kynjaskiptingin í leikskólum verulega skekkt. Mest er skekkjan í Finnlandi, Svíþjóð og á Íslandi þar sem hlutfall karla er tvö og þrjú prósent. Þeir eru heldur fleiri í Danmörku og Noregi en í báðum löndum er hlutfall karla 7%. Þessi "skekktja" hefur haldist nokkuð stöðug síðustu tíu árin.

Þeim mun yngri sem börnin eru, þeim mun færri eru karlarnir



Á öllum Norðurlöndum má sjá sömu tilhneigingu. Þeim mun yngri sem börnin eru, þeim mun færri karlar eru á stofnununum. Í framhaldsskólunum í Noregi³⁶ og líklega einnig í hinum norrænu löndunum eru margir eldri karlkennarar sem verður til þess að á heildina litið er kynjajafnvægi. Þegar þessir fullorðnu kennarar fara á eftirlaun mun hlutfallið skekkjast.

Í framhaldsskólunum er því um það bil annar hver starfsmaður karl. Í grunnskólunum er milli þriðji hver og fjórði hver starfsmaður karl. Í yngstu bekkjum grunnskólans og í frístundatengdu skólustarfi eru enn færri karlar. Í norrænum leikskólum eru milli fjórtándi og fimmtándi hver starfsmaður karl. Og ef við hefðum sérstaka tölfræði yfir smábarnaeildir leikskólanna myndi hún líklega sýna enn lægra hlutfall karla.

Ef við hugsum okkur að karlar séu uppspretta náms og þroska þá er einn af hverjum fjórtán eða fimmtán ekki mikið. Þar að auki vitum við að karlar sem eru í svona miklum minnihluta lenda oft í kynjastöðluðum og takmörkuðum stöðum eins og að vera húsverðir, vera látnir sjá um útveru og verða klifurgrind. Þetta eru stöður sem þrengja verulega að möguleikum þeirra til að vera námsuppspretta.

Rosabeth Moss Kanter³⁷ hefur haldið því fram að mörkin fyrir takmörkun séu við 15 prósent, það er að segja einn af sjö. Sé hlutfall karla eða kvenna undir þessu marki munu þau í vaxandi mæli búa við takmörkun og kynjastöðluðun innan stofnunarinnar. Þegar minnihlutinn er undir þessum mörkum fær hann oft verkefni sem aðrir fá ekki. Minnihlutinn í stofnuninni er þá skilgreindur á grundvelli sýnilegra einkenna eins og litarháttar eða karl- eða kvenútlits en ekki á grundvelli hæfileika og innihalds starfsins.

Ef við yfirferum hugmynd Kanter um hættumörk við 15% á norrænu tölfræðina sést að hættan á takmörkun karla og möguleikum þeirra til áhrifa er ekki veruleg í framhaldsskólunum því þar er nokkurn veginn kynjajafnvægi. En í frístundatengdu skólustarfi (nema í Danmörku) og á yngri stigum grunnskólans er hætta á takmörkun karlar því innan við sjöundi hver starfsmaður er karl. Takmörkunin er augljós í leikskólunum því þar er langt á milli þess að karl sé ráðinn til starfa.

Yfirlistafla með heimildavísunum

Leikskólar	Frístunda- tengt skólustarfi	Grunn- skólar	Framhalds- skólar
samtals	leiðbeinendur	Uppeldis-	

³⁶ Utdannings- og forskingsdepartementet 2002

³⁷ Kanter, Rosabeth Moss. 1977: *Men and Women of the Corporation*.

	menntaðir starfsmenn				
Danmörk 1993	10%	12%	7%	12%	38%
Danmörk seinustu tölur	7% (n=41 825) (árin 2000 og 2003)	9% n(14 670) (árið 2003)	6% (n=27155) (árið 2000)	23% (n=13 779) (árin 2000 og 2003)	35% (n=55 391) (árið 2000)
Ísland 2001	3%	4%	2%		24% 54%
Finnland 1992					44% (n=37 373)
Finnland 2000	2,2% (n=57 850)	1,3% (n=36 579)	3,3% (n=10 391)		30% (n=42 414)
Noregur 1991	5% (n=40 061)	3% (n=19 752)	3% (n=12 314)		45% (n=19 784)
Noregur 2001	7% (n=53 816)	4% (n=27 091)	5% (n=16 600)	11% (n=14 518)	37% (n=51 814)
Svíþjóð 1991	2% (n=70 012)				63% (n=27027)
Svíþjóð 2001	2% (n=64 519)			15% (n=29 694)	30% (n=67 518)
					55% (n=27 027)
					30% (n=089 714)
					53% (n=29 3069)
					26% (n=92 883)
					51% (n=30 773)

Það eru nokkuð ólík orð og hugtök á Norðurlöndunum um þá uppeldisstarfsemi sem hér er flokkuð sem leikskólar. Fyrir Ísland var notuð tölfræðin fyrir “pre primary institutions”. Fyrir Danmörku voru það tölur yfir vuggestuer, börnehaver og integrerede institusjoner sem voru notaðar. Í Noregi er hugtakið barnehager notað. Í Svíþjóð er förskola heildarhugtakið fyrir uppeldisstofnanir sem eru ábyrgar fyrir börnum frá fyrsta ári og uppúr.

Þegar kemur að skóladagheimilunum og gæslustarfsemi í tengslum við skóla eru hugtökinn einnig mismunandi. Á Íslandi og í Danmörku er bæði dægradvöl og skólagæsla. Á Íslandi er ekki til tölfræði um þetta svið en hún er fyrir hendi í Danmörku. Í Finnlandi hafa einstaka skóladagheimili verið rekin af sjálfboðastofnunum en engar opinberar slíkar eru til. Þar af leiðandi er engin tölfræði til um málið. Í Svíþjóð er dægradvölin og skóladagheimili hluti af skólakerfinu og kallast fritidshem.

Hvað framhaldsskólana varðar er verknám einnig með í tölfræðinni. Ekki hefur tekist að finna tölfræði um kynjaskiptingu kennara í framhaldsskólum í Danmörku.

Margir aðilar á norrænu hagstofunum hafa aðstoðað við að ná í tölfræðilegar upplýsingar: Elin S. Björkly á Statistisk sentralbyrå (www.ssb.no), Pia Pulkkinen á Tilastokeskus (www.stat.fi), Haukur Pálsson á Hagstofu Íslands (www.hagstofa.is), Bernhard Tesler og Inge Göransson á Statistiska centralbyrån (www.scb.se). Annað sem tengist tölfræðinni er eftirfarandi: Tölurnar um karla í skóladagheimilum í Noregi er á upplýsingasíðu grunnskólanna (<http://www.wis.no>). Dönsku tölurnar um kynjaskiptingu í barnauppeldisstofnunum árið 1991 eru úr vikuritinu Börn & unge. Kaupmannahöfn: BUPL – forbundet for pædagoger og klubfolk, nr. 36, 1993. Hlutfall leikskólakennara hér og í nýju tölfræðinni er byggt á meðlimatölum BUPL (www.bupl.dk) og PMF. Pedersen, Peter Möller. 2002: “Maskuline positioner i børnehaven: Mænd i pædagoguddannelsen: afvigere eller spydspidser?” Peter Möller Pedersen frá Institut for uddannelsesforskning við Roskilde Universitetcenter var hjálplegur við að safna saman þessum tölum.

Mat á mikilvægi karlafjarverunnar

Tölurnar tala sínu máli. Körlum fækkar eftir því sem börnin eru yngri og í leikskólunum eru þeir sárafáir eða engir. Hverju skiptir það að karlar eru ekki til staðar sem uppspretta þekkingar og þroska? Hefur það einhver áhrif á þroskaferli barnanna að karlar eru fjarverandi? Hefur fjarvera karlanna áhrif á uppeldislegt innihald leikskóla og grunnskóla? Við báðum nokkra fagaðila að segja sína skoðun á málinu.

Verða strákarnir rembur þegar karlana skortir?

“Verða strákarnir rembur eða ofur-karlmannlegir þegar karlar eru ekki til staðar í uppeldisstofnununum?” spurðum við sænska karlarannsakandann Marie Nordberg.

“Nei ég held að það væri einföldun að halda því fram, því strákar hafa alltaf verið mikið með konum. Það sjáum við líka í öðrum menningarheimum án þess að það hafi í för með sér að strákarnir verði ofurkarlmenn. Í einstaka menningarheimum eru strákarnir í kjöltu kvennanna þar til þeir eru orðnir sjö ára og þá fara þeir til karlanna” (Nordberg, viðtal).

Ef margir strákar eru ofurkarlmenni telur hún að það verði að horfa til samfélagsins utan leikskólanna. Samfélagslegar breytingar hafa í för með sér að ýkt karlmennska er álitin mun meira vandamál en hún var áður. Hefðbundin karlmennska iðnverkamanna er ekki mjög eftirsótt hvort heldur er á vinnumarkaðinum eða sem fyrirvinna á hjónabandsmarkaðinum. Þessar breytingar hafa líka áhrif á það hvernig litið er á stráka í leikskólum og grunnskólum.

Það er þörf fyrir karla í uppeldisstofnunum til að vinna gegn staðalímyndum

Nordberg sér þörf fyrir karla í uppeldisstofnunum: Það er þörf fyrir karla svo staðalímyndirnar um karla fái andsvar. Það á við um bæði stelpur og stráka. Það er mikilvægt að sjá að karlar geta gert það sama og konur, að karlar eru ekki manneskjur sem maður þarf að óttast og að maður getur fengið huggun í faðmi karls ekki síður en í faðmi konu.

Karlar og konur eru “hlutir” sem börnin nota til að átta sig á því hvað kyn sé og hvað það merki að vera stelpa og strákur. Í því ferli er það kostur ef staðalímyndunum er andmælt. Sérstaklega á þetta við um ímyndir fjölmiðla og á markaðinum þar sem strákum er boðið upp á ofurkarlmennsku og stelpum upp á ofurkvenleika. Gagnvart þessu eru strákar og stelpur í mjög ólíkri stöðu að mati K. Svaleryd:

“Stelpurnar hafa gífurlegan fjölda kvenna sem mögulegar fyrirmyndir. Heima, í leikskólanum, grunnskólanum, framhaldsskólanum og svo framvegis. Gífurleg fjölbreytni og mikil breidd. Aðstaða strákanna er allt önnur. Stóran hluta uppvaxtar síns umgangast þeir konur. Konur eru 98% starfsmann í sænskum leikskólum og það er ekki hægt að ásaka konurnar fyrir fjarveru karlanna en það er mikilvægt að skilja að konur geta aldrei orðið karlmannleg fyrirmynd” (Svaleryd 2002, fyrirlestur).

Konur geta ekki verið fyrirmyndir sem gefa blæbrigðaríka mynd af körlum og andæfa þannig staðalmyndum af körlum. Ein af þeim hugmyndum um karla sem stendur ómótmælt þegar karlar ákveða að vinna ekki með börnum og unglingum er að þetta sé ekki starf sem hæfi körlum.

Ekki áhyggjuefni ef konurnar taka líka að sér verkefnaskrá karla

Á svipaðan hátt er leikskólastjórinn Margrét Pála Ólafsdóttir þeirrar skoðunar að fjarvera karla sé vandamál í líkingu við það að leikskólar og grunnskólar eru pólitískt séð lágt metnir og að á mörgum sviðum er ekki jafnrétti á Íslandi. Vandinn í leikskólunum og grunnskólunum sé á hinn bóginn ekki mjög stór ef konurnar sem þar vinna ráða yfir jafnt karllegum sem kvenlegum hliðum.

“Við getum ekki bara sest niður og og beðið eftir því að karlarnir komi og sjái um karlastörfin eða haldi uppi strákasjónarmiðum í uppeldisstarfinu. Ég vil kenna börnunum mínum að ráða við bæði karllegar og kvenlegar hliðar sínar og þess vegna þurfa líka allar konur sem vinna í leikskólanum að ráða við bæði karllegar og kvenlegar hliðar. Við höfum heldur ekki þörf fyrir karla sem kunna bara að sparka bolta. Konur sem vinna með börn verða að breyta eigin kynhlutverkum. Ef maður ætlar inn í strákamenninguna þá verður maður að vita allt um hafnabolta, maður þarf að geta byggt kofa á sumrin, maður verður að geta þetta allt saman. Það tilheyrir því hlutverki sem fullorðin kona hefur í leikskóla eða grunnskóla að viðurkenna menningu strákanna og veita þeim færi á að þróa hana. Það á ekki að berjast gegn strákum. Ef þessu skilyrði er fullnægt má segja að helmingur íbúa leikskólanna séu karlar, strákar. Og þá er ekki hægt að segja að það sé skortur á körlum. Það er fullt af þeim þó þeir séu smáir” (Margrét Pála, viðtal).

Margrét Pála beinir athyglinni að því að fjarvera karla verði fyrst og fremst vandamál þegar konurnar sem starfa í uppeldisstofnununum eru eingöngu fulltrúar fyrir ákveðinn og þröngan kvenleika. Ef konurnar ráða einnig við hina karlmannlegu hlið verður vandinn minni. Það er spurning hvort hversdagurinn verði fjölbreyttari þegar karlar koma í leikskólann eða hvort hann sé fjölbreyttari þar sem eru margir karlar.

Það á ekki að lýsa eftir “alvöru körlum”

Danski barnarannsakandinn Kampann er ósammála því grundvallaratriði að karlar séu ekki til staðar í leikskólunum og grunnskólunum. Hann bendir á að í Danmörku séu karlar í leikskólunum, grunnskólunum og á skóladagheimilum. Þess vegna vill hann frekar spyrja hvaða karlar séu til staðar í leikskólum og skólum og hvaða afleiðingar það hafi. Hans tilfinning er að það séu ekki beinlínis þeir karlar sem gangi gegn staðalímyndunum sem lýst sé eftir í umræðunni.

“Menn hafa haft tilhneigingu til að einblína á kyn í þróun danskra leikskóla. Það er enginn vafi á því að danskar menntastofnanir vilja fá fleiri karla en menn eru að leita að körlum sem geta mætt strákunum í Tarsan heilkenninu. Íþróttamannslegir, svolítið rebulegir karlar eru þeir sem oftast eru valdir. Það er að minnsta kosti alveg ljóst að það er sú mynd sem birtist í faglegru umræðu í menntastofnununum, þ.e.a.s. að það séu “alvöru” karlar sem sóst er eftir. Það á að endurvekja gamaldags staðalmyndir af Tarsan og Jane gerðinni. Þess vegna má eins spyrja hvað það merki að ætlast er til þess að karlarnir í menntastofnununum séu fulltrúar hins raunverulega, upprunalega kjarna hins karlmannlega, einmitt sem andsvar við kvenvæðingu stofnanamenningar barna” (Kampmann, viðtal).

Kampmann bendir á þörfina fyrir að velta vöngum yfir þeim karllegu fyrirmyndum sem börnunum er boðið upp á og karllegu fyrirmyndunum sem lýst er eftir í umræðunni. Hann er þeirrar skoðunar að eftirspurnin eftir “alvöru körlum” sem einnig birtist á öðrum

sviðum samfélagsins, styrki það kynjamynstur sem við viljum losna frá. Ýmsir aðrir fagmenn hafa lagt fram svipaða gagnrýni.³⁸

Það getur verið erfitt að komast hjá hefðbundinni skipulagningu

Sú hugmynd að þörf sé fyrir karla sem mótvægi við “kvenvæðinguna” er líklega mikilvæg skýring á því að konur draga sig út úr ákveðnum þáttum starfsins þegar karlar koma til starfa. Marie Nordberg hefur rannsakað karla í kvennastörfum og hún segir að þegar eingöngu voru konur á ákveðnum vinnustað þá gátu þær sinnt alls konar verkefnum, þvegið bílinn, bakað, smíðað, hlaupið, saumað og svo framvegis. En fyrst nú eru komnir karlar til starfa þá verður tilhneigingin sú að strákarnir séu með karlinum í smíðakofanum en stelpurnar hjá konunum í eldhúsinu. Og foreldrar barnanna lýsa því oft yfir hvað það sé stórglæsilegt að bæði kynin séu í leikskólanum og rökstyðja það með því að börnin hafi gott af því. Jafnvel þó svo það séu margar gerðir af körlum sem koma inn á kvennavinnustaði getur innkoma þeirra haft það í för með sér að einblínt sé á kyn á óheppilegan hátt.

Það er mikil skipulagsögrun í því fólgin að sýna börnunum að karlar og konur geta gert sömu hluti. Ef að nú til dæmis á að fara að tuskast þá þarf að gæta þess að meðal starfsfólksins sé bæði karl og kona sem geti það og geri það. Leikskólastjórinn Kajsa Wahlström segir að það hafi komið upp erfiðleikar fyrir nokkrum árum þegar karl kom til starfa.

“Við vorum undirbúin og vissum að karlar lenda oft í hefðbundnum stöðum. En þetta gekk vel og hann er enn hér. Við gættum þess vandlega að allir sinntu öllum störfum. Og það voru ekki allir ánægðir með það. Þá varð ég að segja: “Þegar þið eruð heima hjá ykkur þá gerið þið nákvæmlega eins og þið viljið en hér í leikskólanum verðum við öll að geta gert sömu hluti. Það er mikilvægt að við gerum sömu hluti því börnin eru að móta hlutverk sín.”

Það gerist oft þegar maður er að ræða við starfsfólkið að það skín í gegn að það er að hugsa um sjálft sig í stað þess að spyrja um þarfir barnanna. “En ég vil ekki fara á skauta,” getur maður heyrt starfsfólkið segja. En við förum ekki á skauta vegna leikskólakennarans heldur barnanna vegna” (Wahlström, viðtal).

Hefur hátt hlutfall kvenna í för með sér að strákarnir komast ekki að?

Eitt þema sem Kajsa Wahlström nefnir er tilheingingin til að konurnar í starfsmannahópnum og stelpurnar, eða hópur stelpna, myndi nokkurs konar kynjahóp sem strákarnir hvorki hafa ástæðu til né áhuga á að tengjast. Hún kveðst hafa tekið eftir því að það sé algengt að starfsfólkið leggi fyrst hart að sér við að koma strákunum í fötin og út úr fataherberginu og sitji síðan í ró og næði og spjalli á náinn hátt við nokkrar af stelpunum.

Norski mannfræðingurinn Hilde Liden³⁹ fylgdist með skólalagheimili og að hennar mati er það einmitt samkenndin milli stelpnanna og starfsfólksins, sem að stærstum hluta er konur, sem er hvað augljósust. Á skólalagheimili er það yfirleitt þannig að starfsfólkið setur eitthvað af stað og börnin geta valið hvort þau vilja vera með eða ekki. Þegar starfsfólkið setti eitthvað af stað var það að stærstum hluta einhver handavinna og hún höfðaði sérstaklega til hóps stelpna og þær mynduðu lítinn vináttuhóp ásamt

³⁸ Nielsen, Steen Baagøe. 2003: “Mænd søges!”: Nordberg, Marie: “Kvinnligt – manligt”; Pedersen, Peter. 2003: “Når mænd skal være pædagoger”; Bredesen, Ole 2003: “Hvordan unngå at mannskønnet drukner?”

³⁹ Liden, Hilde. 1994: “Leisure time activities in a women dominated world”.

starfsfólkinu. Það var augljóst að leikur stelpnanna féll betur að hugmyndum starfsfólksins um það hvernig leikir eigi að vera heldur en leikir stráka. Hinir fullorðnu voru ekki jafn kunnugir leik stráka sem var mun líkamlegri. Starfsfólkinu var ekki jafn ljóst út á hvað leikurinn gekk og leit fram hjá honum. Þar að auki fengu strákar mjög neikvæð viðbrögð við leik sínum og kusu frekar að leika sér þar sem starfsfólkið sá ekki til.

Þegar samskiptamynstrið er með þeim hætti sem Liden lýsir eru verulegar takmarkanir á samskiptum stráka og hinna fullorðnu í stofnuninni. Í þessum nánu samskiptum milli kvennanna í starfsliðinu og kjarnahóps stelpnanna eru margir þroskamöguleikar sem strákar eru útilokaðir frá. Ingegerd Tallberg Broman o.fl.⁴⁰ hafa bent á að þegar maður er í stöðu í nálægð við konur í starfsliði uppeldisstofnunar eru í því faldir möguleikar til valda og stjórnunar. Stelpur sem eru “samstarfsmenn” kvennanna fá einnig aðgang að valdamöguleikum fyrirmyndarinnar.

Það sýndi sig einnig í athugunum Liden að kjarnahópur stelpnanna átti í erfiðleikum með að taka þátt í hinum mismunandi frjálsu leikhópum stráka. Þannig séð þrengdi stelpna-kvenna-samveran möguleika bæði stelpna og stráka til að reyna sig við landamæri eigin kyns. Til að ýta við “lokuðum félagsskap” í líkingu við það sem Liden lýsir, er ekki nægjanlegt að inn komi karlar sem koma upp öðrum félagsskap með til dæmis líkamlegri leikjum. Það er fyrst og fremst nauðsynlegt að konur í starfsliðinu breikki svið sitt og hafi fleiri með.

Samantekt um þýðingu fjarveru karla.

Ég ætla nú í stuttu máli að draga saman mat fagfólksins á þýðingu fjarveru karla. Það virðist ekki vera mikið sem styður þá fullyrðingu að fjarvera karla leiði til rembeigðunar hjá strákunum. Að öllum líkindum hvílir hún meira á því sem er að gerast utan uppeldisstofnunarinnar.

Fagfólkið er sammála um að börnin fái margar einhliða og neikvæðar myndir af körlum og það lýsir eftir körlum í uppeldisstofnanirnar sem geta unnið gegn þessum myndum og aukið blæbrigðin. Það er verkefni sem konur geta ekki axlað.

Sú hugmynd að karlarnir á stofnununum eigi að vera mótvægi gagnvart konum hefur í för með sér þrýsting sem getur gert karlana að einhæfari þekkingaruppsprettum en þeir þurfa að vera. Frekar þarf að vinna að því að fá marga mismunandi karla inn í uppeldisstofnanirnar á sama hátt og unnið er að því að fá inn margar mismunandi konur. Jan Kampmann orðar það svo:

“Það ætti ekki að vera neitt meiriháttar vandamál að það séu margar konur í stofnuninni. Það er stærra vandamál ef það eru konur sem eru eingöngu fulltrúar fyrir frekar þrönga kvenímynd” (Kampmann, viðtal).

Þá geta börnin hitt konur sem geta opnað ólíka möguleika þegar börnin eru að þreifa sig áfram í kynjalandslaginu vegna þess að þær birta sitt kyn á innbyrðis ólíkan hátt. Það er hins vegar ekki til hjálpar þó karlar og konur séu misjöfn í grunnskóla eða leikskóla ef þau þrátt fyrir það haga sér í samræmi við kynjaðar staðalímyndir.

Starfsfólkið verður þess vegna að horfa til þess á hvern hátt það sjálft ber ef til vill með sér kynjaðar staðalímyndir og hvernig það getur yfirfært þessar staðalímyndir til barnanna á ómeðvitaðan hátt. Það er sérstaklega mikilvægt þegar fáir karlar eru í stofnuninni því þá er mjög erfitt að komast hjá því að lenda í hefðbundnu mynstri.

⁴⁰ Broman, Ingegerd Tallberg o.fl. 2002: *Likværdighet i en skola för alla.*

Hvað með menntun kennara og leikskólakennara?

Hvað börnin læra og hvernig þau þroskast fer ekki bara eftir því hvort karlar og konur séu til staðar. Það er ekki síður mikilvægt hvernig konur og karlar eru til staðar, hvernig þau birtast “sem karlar” og “sem konur”. Þekking sú sem hver einstakur býr yfir um kyn er þess vegna grundvallaratriði, ekki síst hvað það varðar hvernig fyrirmynd hann eða hún er fyrir börnin.

Menntastofnanir kennara og leikskólakennara bera sérstaka ábyrgð á að leggja til slíka þekkingu. Þær bera ábyrgð á að nýútskrifaðir kennarar af báðum kynjum hafi þekkingu á málefnum kynja. Í þeim tilgangi að komast að því hvort þessar stofnanir eru sér meðvitaðar um ábyrgð sína báðum við menntastofnanir kennara að svara nokkrum spurningum.

Við fengum aðeins þrjátíu svör frá menntastofnunum kennara á Norðurlöndum og þau komu frá stofnunum í Noregi, Svíþjóð og á Íslandi. Ég get þess vegna ekki sagt neitt um norrænu stöðuna en ég get dregið fram þau svör sem hafa borist.


Eru kynjaspurningar neðarlega á listanum?

Af þeim þrjátíu svörum sem hafa borist eru þrjú frá Íslandi, sem þýðir að allar stofnanirnar svara. Ellefu komu frá Noregi sem er 28% svörun. Sextán komu frá Svíþjóð sem er 40% svörun. (Svörin varðandi menntun leikskólakennara og grunnskólakennara eru talin sitt í hvoru lagi þó svo þau séu ein eining.)

Það að minna en þriðjungur svari í Noregi og minna en helmingur í Svíþjóð gæti bent til þess að margar menntastofnanir hafi kynjaspurningar neðarlega á forgangslistanum. Það er líka mögulegt að það séu þær menntastofnanir sem mest hafa fram að færa sem svara. Þessar stofnanir segja að kyn og karlmennska séu svo sannarlega mikilvægur þáttur í menntuninni. Allir kennara- og leikskólakennaraskólarnir svara að kyn og kynjahlutverk séu skyldunámsgreinar.

Kyn í kennslu

Hvað sjálfa kennsluna varðar segir meirihluti menntastofnananna að kynjaspurningar séu ræddar í sérstökum skylduhluta (sjá mynd hér að neðan). Meirihlutinn segir einnig að þemað strákar, karlar eða karlmennska séu rædd í kennslunni.




En jafnframt segja 21 af þessum þrjátíu kennslustofnunum “að kennararnir ráði því algerlega sjálfir hvor kyn sé þema eða ekki.” Þetta virðist vera mótsögn en ef til vill merkir þetta aðeins að það sé bara sá kennari sem kennir ákveðna námsgrein (e.t.v. samfélagsfræði) sem hefur það verkefni að kenna um kyn. Hvað aðra kennara varðar þá ráða þeir sjálfir.

Fleiri námskeið og meiri virkni á Íslandi og í Svíþjóð

Margar af sænsku menntastofnunum bjóða sérstök námskeið um kyn og menntun, eða um fjölbreytileika og mismunun (stétt, kyn og kynþáttur). Þetta eru 5 eða 10 eininga námskeið. Kennaraháskóli Íslands er meira að segja með sérstakt námskeið sem heitir “Kennsla og karlmennska”. Svipaðir möguleikar á hæfnisaukningu varðandi kyn og menntun eru ekki til staðar í Noregi.

Þar að auki nefna fleiri menntunarstofnanir í Svíþjóð og á Íslandi heldur en í Noregi að þar fari fram starfsemi sem feli í sér sérstök kynjaverkefni (rannsóknir og annað álíka).

Tvær af hverjum þremur menntastofnunum hafa gert ráðstafanir til að fjölga körlum



Þegar spurt var hvort “innan menntastofnunarinnar sé eitthvað sérstakt gert til að fjölga körlum eða koma í veg fyrir að karlnemendur detti úr námi” (sjá mynd að ofan), þá svara 21 menntastofnananna að þetta sé gert með einum eða öðrum hætti.

Meginniðurstöður athugunarinnar

Athuginin segir lítið um það hvað kennaraskólar á Norðurlöndum í heild gera til að mennta konur og karla þannig að þau hafi þekkingu á kyni. Það sem hún staðfestir er að menntastofnanirnar á Íslandi og hluti menntastofnananna í Noregi og Svíþjóð kenna þemað kyn og karlmennska. Margar þessara menntastofnana hafa sérstakar aðgerðir til að fjölga körlum meðal kennara og leikskólakennara. En í ljósi þess að margar menntastofnanirnar segja að það sé að verulegu leyti kennaranna sjálfra að ákveða hvort kennt sé um kyn er augljóst að mikið verk er óunnið til að samtvinna þemað kyn inn í mismunandi kennslugreinar.

Þau svör sem við fengum benda til þess að kyn sé þema sem hafi miðlungs stöðu. Stóra spurningin er hvort þær menntastofnanir í Noregi og Svíþjóð sem ekki svöruðu geti gefið jafn jákvæð svör. Það er líka opin spurning hvað Danmörk og Finnland geti sagt.

ÞRIÐJI HLUTI: HVAD GERA AÐRIR?

- Skipta eftir kyni
- Senda stráka í sérkennslu
- Beina upptökuvél að sjálfum sér
- Beita kynjanæmum úrræðum þar sem börnin og unglíngarnir eru miðlæg
- Önnur úrræði

Í fyrsta hluta benti ég á þá þekkingu sem fyrir hendi er um stráka og kyn barna. Í öðrum hluta leit ég á ramma sem takmarka það hvernig börn tjá og skapa kyn. Í þessum hluta ætla ég að einbeita mér að starfinu og nefna dæmi frá leikskólum og grunnskólum sem hafa reynslu af verkefnum sem snúa að kynjahlutverkum. Hvað tekst þeim og hvað ekki?

Það eru þó ekki bara þeir leik- og grunnskólar sem sérstaklega vinna með kyn sem “gera” eitthvað með strákana og stelpurnar. Hvort svo sem starfsfólkið lítur svo á að það starfi eftir kynja- eða jafnréttissinnuðum uppeldisaðferðum eða ekki þá búa allar uppeldisstofnanir við starfsemi og stofnanabindingu þar sem kyn birtist á sérstakan hátt. Í þessum hluta ætla ég að benda á nokkur áhersluatriði bæði til að aðstoða við vangaveltur um svokölluð kynjuð áhrif og til innblásturs. Þessi áhersluatriði eru kynjaskipt kennsla, myndbandstækni, mismunandi aðferðir í samskiptum við nemendur, sérkennsla og fleira.

Margar stofnanir taka á virkan og yfirvegaðan hátt á því að börn haga sér oft í samræmi við kynjuð myndur. Ef til vill hafa verið sett af stað verkefni um kynjahlutverk eða að sérstök áhersla er lögð á kyn og jafnrétti á einhvern annan hátt. Á öðrum stofnunum er starfsfólk lítt meðvitað um hvaða kynjuðu afleiðingar mismunandi starfsemi þeirra getur haft. Til dæmis geta kennsluáðferðir verið mikilvæg ástæða þess að strákar eru mun frekar en stelpur sendir í sérkennslu. Ef skólinn er ekki meðvitaður um þetta verðum við að segja að hann sé kynjablindur.

Ég mun líka meta þessar mismunandi aðferðir eftir því hvort börn og unglingar eru tekin alvarlega sem kynjaðir þátttakendur innan þeirra eða ekki.

Kynjaskipting

Til að átta okkur á því hvernig börn skapa kyn eða hvernig starf fullorðinna er kynjað getum við reynt að svara nokkrum spurningum: Hvar eru börnin? Hvaða börn mynda tengsl sín á milli? Og hvaða börn mynda tengsl við hina fullorðnu? Gera fullorðnir mun á stelpum og stráku þegar kemur að tengslamyndun og samskiptum?

Innan nokkurra skóla og leikskóla eru menn þeirrar skoðunar að sjálfsprottin skipulagning barnanna í stelpu- og strákahópa og ómeðvituð mismunun fullorðinna sé svo ríkjandi og óheppileg að nauðsynlegt sé að grípa til virkra mótaðgerða. Eitt slíkt úrræði er kynjaskipt uppeldisfræði. Innan þess hugmyndaheims er ekki fallist á þá sjálfsprottinu kynjaskiptingu sem er hluti af því ferli sem viðheldur því kynjaða staðalmyndri sem takmarkar möguleika barna. Þess í stað er unnið markvisst og meðvitað að því að skipta á kynjuðu staðalmyndunum í stelpu- og strákahópunum og einhverju öðru.

Áhrifamesta módelið varðandi kynjaskiptingu er það sem leikskólinn Hjalli á Íslandi hefur beitt. Þess vegna ætla ég að kynna og meta þá stefnu. Til að skilja hvaða áhrif uppeldisfræðileg kynjaskipting getur haft er nauðsynlegt að skilja hvað kynjaskipting hefur þýtt sögulega séð. Ég byrja því á að skoða það áður en ég lít á Hjallastefnuna.

Einkynja hópar í baráttu og notalegheitum

Kynjaskiptingin var bæði bakgrunnur og áhrifataeki kvennahreyfingarinnar á Norðurlöndum eftir seinna stríð. Á sjötta og sjöunda áratug tuttugustu aldarinnar voru Norðurlönd mjög kynjaskipt samfélög. Norsku kynjafræðingarnir Øystein Gullvåg Holter og Helene Aarseth⁴¹ kalla þetta sviðaskiptingu, þar sem heimilið, börnin og vellíðan fjölskyldunnar var talið vera ábyrgðarsvið kvenna en opinbera þátttakan, launavinna og framfærsla fjölskyldunnar var ábyrgðarsvið karla.

Heimavinnandi húsmæður var það sem talið var normið og þess vegna var litið á leikskóla og gæslustofnanir sem undantekningu fyrir konur sem höfðu enga fyrirvinnu. Sviðaskiptingin birtist einnig greinilega í grunnskólanum þar sem voru stelpu- og strákabekkir og að hluta til sérstakt námsefni fyrir stelpur og sérstakt námsefni fyrir stráka. Að hluta til var skólinn fulltrúi undirbúnings stelpna og stráka fyrir ólíkt líf á fullorðinsárunum.

Æskulýðsuppreisnin á sjöunda áratugnum fólst meðal annars í því að kynjaskiptingu samfélagsins og þeirri ferringu sem í henni fólst var mótmælt. Æskulýðsmenningin fólst meðal annars í því að þar urðu til nýir snertifletir milli karla og kvenna sem voru í andstöðu við fjölskyldusamveruna sem litið var á sem ósveigjanlega og þvingandi. Fjölskyldan og heimavinnandi húsmæðurnar urðu eitthvað sem stelpurnar flúðu frá og skólinn og menntunin varð það sem gerði þennan “flótta” mögulegan. Ungir karlar andmæltu fyrirvinnuhugmyndinni og hinum fjarverandi föður sem kom heim úr vinnunni þreyttur og önugur og ekki mátti trufla.

Kvennabarátta nútímans (frá 1968) hefur barist gegn einkynja hópum sem tengjast sviðaskiptingunni í fjölskyldu og vinnu. Á sama tíma hafa einkynja hópar verið áhrifataeki. Konur hafa komið saman og skipst á reynslu og það hefur verið mikilvægt áhrifataeki og grundvöllur virkjunar í baráttunni fyrir jöfnum réttindum. Grundvöllur þess að geta skipst á reynslu í einkynja hópum hefur verið svipuð staða í lífinu með umönnunarstarf í fjölskyldunni, svipuð náms- og menntunarstaða eða svipuð vinnustaða. Kvennasamstaða, kvennasamfélag, stelpu- og kvennamenning eru orð sem notuð hafa verið til að benda á það sem er líkt og það sem er jákvætt við einkynjuðu hópuna. Karlar

⁴¹ Holter, Øystein Gullvåg, Aarseth, Helene. 1993: *Menns livssammenheng*.

hafa líka tekið þátt í samanreknum einkynja hópum eftir seinna stríð. Til að mynda hafa karlar í vinnugengjum og félögum á “gólfinu” sem bjuggu við svipuð lífsskilyrði staðið saman þegar þeir mættu kröfum stjórnenda vinnustaðarins. Hins vegar hefur verið sá eðlismunur á samfélagi kvenna og samfélagi karla að andstæðingar karlasamfélaganna hafa verið aðrir karlar.

Hreinir karla- og kvennahópar hafa þó ekki aðeins verið áhrifataeki í baráttunni gegn óréttlátu, kynjaskiptu samfélagi. Einkynja hópar hafa líka verið álitnir “góðir staðir til að vera í” og sem slíkir ekki kallað á frekari lögmætingu. Nútíma gagnrýni er að verkalýðshreyfingin og kvennahreyfingin sé ekki lengur fulltrúi einhverra sameiginlegra hagsmuna “verkafólks” eða “kvenna” heldur sé aðeins dýrkun á úreltri verkalýðsmenningu og úreltri kvennamenningu. Réttlætning einkynja hópanna hefur færst frá réttindabaráttu til notalegheita, að sumra mati.

Hjallastefnan

Áhrifaríkasta stefnan varðandi kynjaskiptingu í skólum og leikskólum á Norðurlöndum er eins og áður var nefnt sú sem rekin er á leikskólanum Hjalla á Íslandi. Upphafismaður stefnunnar er Margrét Pála Ólafsdóttir leikskólastjóri og hún telur ekki að það sé til að dýrka sameiginlega kvennamenningu eða vegna notalegheitanna sem skipting í stelpu- og strákahópa sé nauðsynleg.

Hún bendir á þrjár neikvæðar hliðar við þá kynjablöndun sem algengust er í grunnskólum og leikskólum og telur að þær geri þessa uppeldisstefnu nauðsynlega.

1. Strákarnir fá bróðurpartinn af björgunum: forystuhlutverk, örvun, tíma, rými til líkamlegrar hreyfingar. Systurhlutinn verður það sem eftir er handa stelpunum. Bróðurparturinn og systurhlutinn eru svo ólík að hægt er að tala um tvö ólík menntunarkerfi að mati Margrétar Pálu.
2. Hvort kyn um sig einokar allt það sem af hefð tilheyrir viðkomandi kynjahlutverki. Stelpurnar einoka alla starfsemi, leiki, hluti og hegðun sem litið er á sem stelpulegt og kvenlegt og slíkt hið sama gera strákarnir sín megin. Þetta hefur í för með sér að börnin geta ekki reynt og lært það verksvið sem tilheyrir hinu kyninu.
3. Hvorugur barnahópurinn fær uppeldi sem hæfir kyni þeirra. Stelpur og strákar í leikskólum eru sálfræðilega séð ólík og hafa þörf fyrir mismunandi uppeldi en það fá þau ekki í kynjablönduðum hópum. Stelpurnar sýna dæmigerð “kvenleg hegðunarvandkvæði” sem felast í að vera hræddar og óvirkar, en strákarnar sýna þá dæmigerðu hegðun að taka ekki tillit til afleiðinga gerða sinna.

Margrét Pála segir að hún hafi fengið hugmyndina að því að skipta eftir kyni þegar hún var einu sinni að borða með börnunum “sínum.” Atvikið er dæmigert fyrir mismuninn í sálarlífi stelpna og stráka.

“Þegar þetta gerðist var ég ábyrg fyrir blönduðum hópi fimm ára barna, fimm fínar stelpur og fimm fínir, svolítið uppivöðslusamir og harðgerir strákar. Það var hádegismatur og eitt af börnunum fór raunverulega upp á borðið til að ná í mat. Ég kom þá og sagði “sestu.” Einföld og skýr fyrirmæli. Og að sjálfsögðu var þetta strákur sem hafði gengið á borðinu. Sérstaklega gagnvart strákum hefur mér sýnst vera nauðsynlegt að vera snögg og gefa skýr fyrirmæli. Þá leit ég á hina strákana. Þeir sátu rólegir og hugsuðu með sér: “Hm, nú já, hún er alveg hörð á þessu, það þýðir ekki að reyna neitt í dag”. Og allir voru ánægðir.

En svo leit ég á stelpurnar og þær sátu þarna, ennþá meiri englar en áður og sýndu greinilega að: “Við gerðum ekkert af okkur, við höfum aldrei gert neitt af okkur. Við

erum hljóðar. Við erum alltaf svo snotrar og fínar.” Það var skelfilegt að sjá þær. Þær höfðu steinhætt öllu. Á því augnabliki gat ég séð bæði stelpur og stráka, aðskilin, á næsta augnabliki var mér það ómögulegt.

Ég hafði ekki sagt stelpunum að hætta nokkrum sköpuðum hlut, ekki að sitja kyrrar eða þegja. Það var heldur ekki skipun til strákanna. Það voru fyrirsmáli til eins ákveðins stráks og vina hans og hann vissi að klukkurnar glumdu honum. Þetta var misskilningur, ég hafði ekki verið að tala við stelpurnar en samt tóku þær þetta inn á sig. Það var mér áfall að hafa svikið stelpurnar mínar, systur mínar, sem ég átti að reyna að örva, hvetja til að tala meira og svo framvegis. Þegar ég stoppaði strákinn þá truflaði ég um leið stelpurnar og möguleika þeirra til að vera virkar. Það sem eftir var máltíðarinnar reyndi ég að hvetja stelpurnar til að tala og taka sér sitt rými. En strákarnir voru fyrir. Þeir héldu nefnilega að ég væri að hvetja þá og tóku enn meira rými en áður. – Stelpurnar töpuðu fyrst og síðast” (Margrét Pála, viðtal).

Margrét Pála Ólafsdóttir lýsir kynjuðum raunveruleika þar sem leikskólinn þarf að grípa til öflugra aðferða ef hann á að hafa einhverja möguleika til að hafa áhrif á stelpur og stráka. Félagslegu formgerðirnar og væntingarnar til stelpna og stráka um að hegða sér í samræmi við svið eigin kyns eru yfirþyrmandi.

Skipulagslega og uppeldisfræðilega lausnin

Markmið leikskólans Hjalla er að breyta væntingunum og hinum félagslegu formgerðum innan leikskólans og grípa á þann hátt inn í það hvernig börn geta leikið sér með það hvaða merkingu kyn hefur gagnvart þeim. Þar er séð til þess að efnislegar og starfsmannalegar bjargir leikskólans gagnist stelpum ekki síður en strákum. Þetta er gert með því að skipta leikskólanum í stelpu- og strákadeildir, sem hafa jafn mikið rekstarfé og sömu starfsmannabjargir. Deildirnar hafa jafn stór útisvæði til afnota. Með þessu sér leikskólinn til þess að starfsemin sé skipulögð þannig að það verði augljóst ef strákarnir “hertaka” stærra útisvæði eða ef fjárfest er frekar í leiktækjum eða viðhaldi á “svæðum” strákanna í leikskólanum.

Hver strákadeild vinnur með einni stelpudeild í kynjablönduðum verkefnum og kynin hittast á útisvæðinu þar sem þau geta leikið sér saman.

Stelpurnar og strákarnir fá jafn mikinn tíma og tengsl við fullorðna og sömu leiki en að hluta mismunandi uppeldi. Hugsjón Hjalla er ekki aðeins að vinna gegn heldur einnig að snúa við því sem börnin hafa þegar tekið inn á sig af kynjuðum staðalmyndum um hegðun. Uppeldið beinist að því að vega upp á móti reynslu sem þau hafa þegar öðlast og sem þau fá annars staðar.

“Kenning mín er sú að stelpurnar hafi ekki fengið þá einstaklingsbundnu þjálfun og persónulega stuðning sem þær hefðu átt að fá. Allt frá upphafi er hið félagslega tengt stelpunum. Við sitjum með þær í fanginu og ætlum að njóta samverunnar. Þetta er öfugt hvað strákana varðar, þar byrjum við með hið einstaklingsbundna: “En hvað þú ert sterkur” og “Sjáiði bara, hann getur staðið.” Þar sem strákarnir taka þátt eru þeir yfirleitt með sem einstaklingar. Og okkur sést yfir að við þetta séu bundin vandamál.

Lausn vandans felst í að strákarnir fái sérstaka félagslega þjálfun þannig að þeir nái jafnvægi og að stelpurnar fái sérstaka einstaklings þjálfun þannig að þær nái líka jafnvægi. Hugmyndin á bak við það sem við erum að gera er í raun svona einföld. Þess vegna vinnum við sérstaklega með félagslegt uppeldi í strákahópunum og einstaklings uppeldi í stelpnahópunum.

Þú sérð til dæmis að öll börn í Hjalla ganga í röð, mynda keðju og leiðast. Stelpurnar eru u.þ.b. fimm mínútur að læra þetta og eftir nokkra daga er þetta þeim eðlilegt. En strákar eru lengi að læra þetta og við notum mikinn tíma í það. Hluti einstaklingsþjálfunarinnar felst í að þora: að nota rödd sína og að nota skrokkinn. Bara það að hoppa niður af borði og æpa um leið, eða að stinga andlitinu ofan í ískalt vatn og æpa um leið fyllir mann ólýsanlegri tilfinningu: Ég **get** þetta. Allir strákar elska þetta og þeir gera það án hvatningar. En stelpurnar þurfa langan tíma til að þora að gera þetta. Þær þreifa sig meira áfram og prófa stig af stigi. Fyrst eitt lítið skref og svo annað lítið skref og svo gera þær eins og strákar en ekki í sama mæli” (Margrét Pála, viðtal).

Innan Hjallastefnunnar er hið sérstaka verkefni að kenna börnum þá hæfni sem þau hefðu ekki lært með sjálfsprottinu skipulagi. Það er ekki kyn barnsins sem á að ráða því hvaða hæfni það lærir eða hvernig það á að láta ljós sitt skína. Markmiðið er að börnin nái sama árangri óháð kyni, þau verði eins varðandi árangur.

Stelpurnar hafa þörf fyrir að horfa meira til sjálfra sín, láta meira til sín taka, draga úr prinsessuhegðun sinni, verða hugrakkari, taka meira rými og verða líkamlega virkari. Margrét Pála kallar þetta einstaklingsuppeldi. Strákarnir þurfa að læra að virða mörk og reglur, mynda umhyggjutengsl við aðra, snertast og vera elskulegir í líkamlegri snertingu við aðra. Þetta kallar hún félagslegt uppeldi. Til þess að börnin komist í “jafnvægi” fá bæði stelpur og strákar einstaklings- og félagslegt uppeldi, því allir hafa þörf fyrir það, en þau fá það í mismiklum mæli.

Grundvöllur Hjallastefnunnar felst í því að það sé mikill munur á því hvernig umhverfið mætir stelpum og strákum og að það sé mikill munur á sálarlífi stelpna og stráka.

Þó svo að Margrét Pála telji að þau börn sem sýni karlegustu hegðunina séu alltaf strákar og þau sem sýni kvenlegustu hegðunina séu alltaf stelpur segir hún að það sé mikil breidd innan stelpnahópsins og strákahópsins. Leikskólinn Hjalli tekur tillit til þessarar breiddar með því að skipta stelpnahópnum og strákahópnum enn frekar. Þegar virku strákarnir eru skildir frá rólegu strákunum er auðveldara að veita rólegu strákunum það sem þeir þurfa og eins með stelpurnar.

Nokkrar starfsaðferðir innan verkefnanna á Hjalla og í Gävle

Leikskólarnir Tittmyran og Björntomten í Gävle í Svíþjóð hafa líka unnið eftir kynjaskiptri uppeldisfræði og sækja fyrirmynd meðal annars til Hjalla. Kajsa Wahlström segir frá því hvernig þau hafa unnið að því að strákar læri að bíða eftir því að það komi að þeim til dæmis þegar biðröð er eftir að renna sér eða láta mála sig í framan fyrir kjötkveðjuhátíð. Oft er ástæða þess að strákar eiga erfitt með að bíða að þeir eru óöruggir um að einhverntíma komi að þeim. Fyrstir koma fyrstir fá. Ef þeir koma ekki sínu strax á framfæri eða fá fyrstir að renna sér getur vel farið svo að þeir komist ekki að. Þetta má laga með því að hinir fullorðnu sjá til þess að allir fái að vera með og að börnin geti treyst því að ekki verði hætt fyrr en allir hafa fengið að prófa. Þá er hægt að gera biðina að jákvæðri reynslu. Hún verður tilhlökkunarefni og eitthvað gleðilegt tengt henni. Það sem hinum fullorðnu virðast léttvæg, hversdagsleg smátriði er það ekki í augum barnanna.

Að velja sér brauðsneið getur verið stelpunum mikil ögrun og atriði sem þarf að vinna með á uppeldisfræðilegan hátt, segir Wahlström. Hún segir frá því að máltíðin hafi orðið að sviði þar sem stelpurnar vinni með það að velja.

“Þetta byrjar í matnum. Engri stelpnanna var þjónað. Hver þeirra fékk sér brauðsneið. En þegar við töluðum við þær eftir á sögðu allar. “Ég fékk brauðsneið.” Það þýðir að einhver annar hafi boðið þeim það. Enginn stelpnanna sagði: “Ég fékk mér.” Það var of mikið, þá tók maður of mikið pláss. Þetta var mjög heillandi. Það sem maður getur gert er að æfa stelpurnar og spyrja þær: “Karin hvernig brauðsneið ætlar þú að fá þér í dag?” “Ha á ég að velja, hvað á ég nú að velja...” Það er þar sem þetta byrjar, með því að velja. Í raun og veru er þetta svo einfalt en ekki þegar á hólminn er komið. Því þegar Karin á að velja spyr hún alltaf barnið sem situr við hliðina á henni. Og börnin heyra öll hvað Karin velur og herma eftir henni.

En eftir nokkurn tíma þegar við höfum unnið með málið getur orðið breyting. “Aha þú velur þá gulu” þessa sem enginn annar hafði tekið. Áður fyrr voru kannski þrjár stelpur sem þorðu að gera þetta, taka ákvörðun óháð öðrum.

En það eru til stelpur með ótrúlega lága stöðu sem aldrei segja neitt. Þegar ég sit svo og spyr: “Lena, hvað ætlar þú að velja?” þá sjá stóru stelpurnar að það skiptir mig máli hvað Lena velur. Hún skiptir mig máli og mér finnst það fínt að hún fái að velja. Skyndilega fær hún athygli og þá vex hún í álitu. Og það bara með því að velja brauðsneið. Á þennan hátt er hægt að samlaga börnin í hópnum.

Þetta á ekki bara við um brauðsneiðar, það er hægt að nota sömu aðferð við mörg önnur tilfelli líka. Þannig æfast þau í að velja og þau sjá að aðrir hafa líka vilja” (Wahlström, viðtal).

Á Hjalla eru ýmsar mismunandi æfingar notaðar til að ná jafnvægi í hegðun stelpnanna og strákana.⁴² Mörg aðkeypt leikföng hafa innbyggðan skilning sem örfa börnin til dæmigerðra kynjaleikja. Á þeim leikskólum sem fylgja Hjallastefnunni hafa þess vegna aðkeypt leikföng verið fjarlægð og aðeins eru notuð sköpunarefni: kubbar, litir og pappír. Þar að auki hefur það verið afnumið að leikskólinn sé notalegt “heimili”. Þar eru engin heimilisleg gluggatjöld, blóm, fallegir skrautmunir eða þess háttar. Dúkkurókurinn og hefðbundin húsmæðrakennsla stelpnanna hefur verið afnumin því litið var svo á að það væri hamlandi fyrir sjálfstæði stelpnanna. Strákarnir og stelpurnar gera á heildina litið það sama í sínum hópum en í mismiklum mæli. Nokkur þeirra atriða sem Margrét Pála leggur áherslu á í stráka og stelpnahópnum eru:

- Að starfsliðið gefi strákunum líkamleg tengsl á hverjum degi án undanbragða eða rugls.
- Að strákarnir fái ákveðin umhyggjuverkefni eins og til dæmis að gæta eins af litlu börnunum á leiksvæðinu. Að það verði að venju að strákarnir aðstoði aðra við að klæða sig í fataklefanum.
- Náandaræfingar milli stráka, nudd, fótapvottur og þess háttar.
- Að hlaðið sé á stelpurna einstaklingsbundinni athygli: “Alveg ertu ótrúlega dugleg stelpa!” “Þú ert með svo ótrúlegar hendur. Þess vegna er teikningin þín svona glæsileg.”
- Að stelpum sem nota fýlu sem valdataeki sé ögrað til dæmis með því að kitla þær eða með því að starfsmaður segist ekki trúa því að stórkostlega stelpa hans sitji í fýlu.
- Að stelpurnar fái að nota tól og tæki sem þær hefðu annars ekki prófað eins og til dæmis sláttuvél og tölvu.

Eitt af markmiðum Hjallastefnunnar er að fá stelpur og stráka til að vera saman í hóp án þess að einhver sé truflaður eða haldið fyrir utan. Á Hjalla eru stelpur og strákar þjálfuð

⁴² Margrét Pála Ólafsdóttir. 1995: “Børnehagen Hjalli” (sjá: <http://www.hjalli.is>)

daglega í að vera saman af virðingu. Það er gert í u.þ.b. hálf tíma og leikskólakennarinn hættir því þegar samveran virkar ekki lengur.

Mat

Hjallastefnan gengur ekki út frá barninu sem kynjuðum geranda, einstaklingi sem sjálfur tekur þátt í að móta kynhlutverk sitt. Stefnan gengur út frá skilningi á að heimurinn sé kynjaskiptur. Nokkur verkefni og eiginleikar eru tengdir því að vera kona/stúlka en önnur verkefni og önnur færni er tengd því að vera karl/strákur. Hin óheppilega afleiðing þessa er að börnin eru rænd möguleikanum á að þróa sammannlega hegðun og það aðeins af þeirri ástæðu að tilheyra röngu kyni. Margrét Pála heldur því fram að vandamálið sé að sum börnin þróa aðeins með sér karllega hæfileika eins og að láta að sér kveða, styrk og hugrekki en önnur börn þróa kvenlega hæfileika eins og félagslega færni, virðingu fyrir mörkum og hæfni til líkamlegrar nálægðar.

Markmiðið með kynjaskiptingu á borð við þá sem tíðkast á Hjalla er að gefa börnunum ástæðu til að læra hæfni og eiginleika sem tilheyra hinu kyninu sem þau hefðu að öðrum kosti haft minni möguleika á að læra.

Gagnrýni frá gerendasjónarhorni er að það sé ekki svo einfalt að eiginleikar á borð við það að láta að sér kveða, styrkur og hugrekki heyri til karllegra eiginleika og að eiginleikar á borð við félagslega færni, virðingu fyrir mörkum og hæfileika til líkamlegrar nándar séu kvenlegir eiginleikar. Ef maður rannsakar barnahóp á grundvelli þessara eiginleika þá mun maður að öllum líkindum komast að því að ekki eru öll karlegu börnin strákar og þau kvenlegu eru ekki öll stelpur. Ef markmiðið er að börnin vinni að því að víkka möguleika sína væri þá ekki líklegra til árangurs að skipta í karleg og kvenleg börn eða í einstaklingshneigð og félagslega hneigð börn án tillits til líffræðilegs kyns? Vandinn við slíka skiptingu er að það væri erfitt að framkvæma hana því það eru sterk tabú tengd því að ekki sé samræmi í að vera kvenleg/félagsleg ef maður er stelpa eða samræmi í að vera karllegur/einstaklingslegur ef maður er strákur.

Hjallaleikskólarnir á Íslandi eru ánægðir með starf sitt. Þeir meta það svo að aðferðin sé áhrifarík til að fá stelpur og stráka til að víkka möguleika sína. Á Íslandi eru 13 leikskólar sem að fullu nýta sér Hjallastefnuna og á Norðurlöndunum eru margir leikskólar sem hafa nýtt sér hugmyndirnar. Leikskólarnir Tittmyran og Björntomten í Svíþjóð hafa eins og áður var nefnt sótt fyrirmynd sína til Hjalla. Hjalli og margir af hinum leikskólunum segja að vel hafi til tekist en að það sé þörf fyrir stöðuga vinnu til að ekki falli allt aftur í vanalegt kynjamynstur.

Enn meiri vandi fylgir því að fá börnin til að viðhalda breikkuðum möguleikum sínum þegar þau fara frá Hjallastofnun. Bæði Kajsa Wahlström og Margrét Pála Ólafsdóttir telja að börnin sem koma frá þeirra leikskólum séu sérstaklega vel undir það búin að hefja skólagöngu þar sem þau búi bæði yfir félagslegri færni og séu sjálfstæð, óháð kyni. En svo lengi sem skólarnir vinna ekki gegn kynjuðum staðalmyndum líður ekki á löngu áður en börnin eru orðin "eðlileg". Börnin frá Hjalla, Björntomten og Tittmyran eru oft í minnihluta í þeim skólum sem þau fara í. Ekkert hinna barnanna hefur reynt af því að vinna á kynjameðvitaðan hátt. Börnin tengjast nýjum vinum og félögum og aðlagast þeim og það er að öllum líkindum ein af ástæðum þess að þau falla aftur undir kynjamynstur meirihlutans.

Til að vinna gegn skiptingu samfélagsins í karleg og kvenleg verkefni og hæfileika og gefa stelpum og strákum sömu þroskamöguleika aðskilja leikskólarnir börnin eftir kyni stóran hluta dagsins. Með illu skal illt út reka, kynjaskipting gegn kynjaskiptingu. Það er þá eðlilegt að spyrja þeirrar spurningar hvort kynjamynstur meirihlutans sé svo staðlað að það myndi grundvöll fyrir svona kröftugar aðgerðir. Á mörgum sviðum er heimur barna áreiðanlega ekki jafn kynjaskiptur og hann var fyrir 30 árum þegar kvannahreyfing

nútímans var að vaxa úr grasi. Mörg börn eiga nú foreldra sem bæði eru virk á vinnumarkaði og mörg eiga feður sem eyða miklum tíma með þeim. Á annan hátt og á öðrum sviðum hefur heimur barna ef til vill orðið kynjaskiptari en áður. Fjöldaframleidd leikföng og birtingarmyndir kynja í sjónvarpi og kvikmyndum fyrir börn hafa lagt drjúgan skerf af mörkum til þess.

Málið snýst um það að ef kyn er ekki mjög mikilvægt í barnahóp er hættu á að Hjallastefnan endurreisi það mikilvægi. Ef kyn hefur ekki skipt börn máli áður en þau fara á stofnun sem fylgir Hjallastefnunni þá skiptir það örugglega máli þegar þau koma út. Með því að aðskilja börnin gefa hinir fullorðnu til kynna að það sé kynið sem ákvarðar með hverjum maður á eitthvað sameiginlegt og á að vera með. Sé svo þá er forsendan ekki nægilega góð til að veita upp á móti neikvæðum afleiðingum kynjaskiptingarinnar.

Þegar leikur barna og félagsleg samskipti þeirra eru á hinn bóginn mjög kynjaskipt þá gefur kynjaskipt kennsla sérstaka möguleika til þess annars vegar að svara því sem börnin eru upptekin af innan síns kynjahóps og í öðru lagi að bæta börnum upp hæfileika sem þau að öðrum kosti myndu ekki þróa.

Megindrættir: Kynjaskipting líkt og tíðkast á Hjalla

Vandamál: Skekkt notkun á björgum: Mikið af tíma starfsliðsins og efnislegum gæðum er notað fyrir strákana. Sjálfsprottna skipulagið hefur í för með sér að börnin læra lítið af hegðun hins kynsins.

Samhengi/
Forsendur: Samfélagið sem leikskólinn og börnin eru hluti af er mjög kynjaskipt. Karlar, konur, stelpur og strákar hafa mismunandi möguleika, bjargir og hæfileika.

Aðgerðir: Kynjaskipting verulegan hluta tímans. Börnin eru hvött til að læra hegðun hins kynsins. Hjá strákunum er lögð áhersla á félagslegt uppeldi, hjá stelpunum er lögð áhersla á einstaklingsuppeldi. Kerfisbundin áhersla á að björgum sé jafnt dreift milli stráka- og stelpnahópsins.

Mat – á Hugmyndin gengur ekki út frá barninu sem kynjuðum geranda heldur því þeim sem talið er vera óhentugt kynjakerfi. Eitt af grundvallaratriðunum er að grundvelli taka ekki tillit til þess sem börnin sjálf eru upptekin af heldur að kenna að börn séu þeim annað. Það má því segja að aðgerðin sé ekki ýkja næm varðandi kynjaðir aðferð barna við að búa til kyn. gerendur:

Hugmyndin gefur uppskrift að ákveðinni kynjaðri skipulagningu og meðvitaðri vinnu með kynjaða formgerð uppeldisstofnunarinnar. Allar stofnanir hafa kynjaða formgerð. Þó svo unnið sé með formgerð hefur það ekki sjálfkrafa í för með sér að börnin séu hindruð í kynjavinnu sinni.

Kynjaskipt uppeldisfræði, stofnanir og lesefni

Leikskólarnir Björntomten og Tittmyran, Gens, Ingemar: Berättelsen om Gävle, Svíþjóð. Björntomten og Tittmyran

Þar hefur líka verið stuðst við myndband <http://www.gens.nu>

sem áhrifataeki í jafnréttisvinnunni.

www.skola.gavle.se/bjorntomten.

Tengslaadili:

Helena Ekenberg bjorntomten@skola.se

Leikskólinn Borkenhagen, Bærum, Noregi.

Ragnhild Oma er leikskólastjóri. Þessi norsk leikskóli beitir kynjaskiptingu nokkrar stundir í viku til að leggja sitt af mörkum til alhliða persónuleikaprofna. Þau kalla þetta jákvæða sérþjónustu stráka og stelpna.

Leikskólinn Fire elementer, Danmörku.

Sörensen, Hanne Værum. 2002: Børnehaven De fire Elementer – en evalueringsrapport om kønsopdelingen fire formiddage om ugen. Horsens Kommune, Danmörk

Leikskólinn Hjalli, Íslandi.

Leikskólastjóri er Margrét Pála Ólafsdóttir.

Margrét Pála Ólafsdóttir. 2002: “Jenter og gutter.” Erindi á ráðsefnunni Kjønnssoialisering i det offentlige rom. Margrét Pála Ólafsdóttir. 1995: “Barnehaugen Hjalli”, (grein).

(Báðir þessir textar eru á heimasíðu leikskólans <http://www.hjalli.is>).

Aldursblöndun – stutt innlegg um öðruvísi skipulagsaðgerð

Kynjaskipting í leik- eða grunnskóla er aðgerð til að veita stelpum og strákum sömu möguleika innan menntakerfisins, óháð kyni. Aldursblöndun barna er önnur aðgerð sem getur haft jákvæð áhrif á kynjasamspilið í barna- eða unglingahópi.

Börnum er næstum því alltaf skipt eftir aldri í skólum þ.e.a.s. öll þau sem eru á sama aldri eru á sama bekkjaþrepi. Aldursskiptingin er ein af ástæðunum fyrir því að skólaganga stelpna og stráka verður ólík. Ef börnin vinna hluta tímans í aldursblönduðum hópum getur það haft áhrif á kynjamynstrið, t.d. á þann hátt að eldri strákar (og stelpur) læra að gæta yngri barna. Í grunnskóla gætu t.d. sjöttubekkingar átt sameiginlegar námsstundir með þeim sem eru í þriðja bekk.

Vískað í sérkennslu

Að vísa í sérkennslu hvort heldur það er í leikskóla eða grunnskóla er ekki kynjaaðgerð. Sérkennsla felur í sér að sérstök uppeldisleið er klæðskerasaumuð handa barni sem á við sérstakt vandamál að stríða. Vandinn getur verið tengdur lestrar- eða skriftarörðugleikum, athyglisbrest, líkamlegri fötlun, sjón, heyrn, sjúkdómi og svo framvegis.

En ef sérkennslan er bara tilboð til nemenda sem eiga við sérstaka erfiðleika að stríða, af hverju eru það þá svona margir strákar sem eru sendir þangað úr venjulegum bekkjum? Þetta er spurning sem við viljum gjarnan fá svar við og lögðum fyrir nokkra norræna fagaðila. Margrét Pála Ólafsdóttir svaraði:

“Ég held að ástæðan sé sú að nokkrir ofurkarlmannlegir strákar trufla hinn þrúða bekk kennslukonunnar. Þeir framkalla ójöfnuð í bekknum. Ef þeir væru ekki þarna væri allt svo fínt. Þá gæti maður haldið áfram eins og áður með sama skólakerfi með 25 börn í bekknum. Það er það sem er vaninn að gera í skólanum, draga strik og ýta þessum strákum í sérkennslu eða eitthvað álíka. Það að þessir strákar eru veruleg ögrun við skólann og auka kostnaðinn upp úr öllu valdi er það sem gæti fengið okkur til að breyta skólakerfinu.

Eins og skólakerfið er skipulagt mun það aldrei ganga upp. Strákarnir eru sex ára þegar við sendum þá í grunnskólann og margir þeirra eru ófærir um að halda einbeitingunni og sitja kyrrir lengur en tíu mínútur og svo eiga þeir að sitja kyrrir og bíða í fimmtán mínútur. Ég spyr oft: Mega þeir ekki hoppa á meðan þeir bíða? Því þeir geta ekki setið kyrrir! Strákar ráða ekki svo vel við skrokkin á sér.

En það er eitthvað að kerfinu, eitthvað sem þolir ekki dagsbirtu. Kennararnir þora ekki að taka á því. Það er ekki heldur nægjanlegt að fá stjórnámálameinina til að samþykkja aukin útgjöld og segja að maður vilji ekki hafa fleiri en 15 börn í bekknum. Allir verða fljótt leiðir á að sitja kyrrir og horfa. Þess vegna skiptir það engu máli. Það þarf að breyta öllu viðhorfinu til þess hvað nám sé, skólinn verður að breyta byggingunum sínum og stjórnámálamein verða að breyta hugmyndum sínum um skólakerfið – þá gengur þetta betur. Börnin eru ekki vandinn. Ég lít svo á að börn eigi við vanda að stríða, vandinn sé í kringum börnin. Og við eigum að leysa vandamálin, ekki börnin” (Margrét Pála, viðtal).

Hún telur að stofnunin sé illa lögð að þörfum stráka og að það þurfi að aðlaga stofnunina. Sérkennsla er einstaklingsbundin lausnaleið. Margrét Pála Ólafsdóttir lýsir henni sem ófullkominni. Hún og margir aðrir fagaðilar sem rætt var við í tengslum við þessa bók telja að það þurfi að breyta uppbyggingu skólans í stað þess að tjasla upp á skólakerfi sem ekki virkar.

Dæmi

Ég ætla að nefna dæmi um einstaklingsmiðaða og formgerðarmiðaða vandamálalausn. Við erum með áttunda bekk þar sem kennari telur einn strákanna vera ögrandi og hafa litla aðlögunarhæfileika. Kennarinn metur nemandann líka þannig að hann eigi í miklum erfiðleikum með lestur og skrift. Annað hvort er hann langt á eftir hinum nemendum eða hann hefur þörf fyrir öðruvísi kennslu. Á grundvelli þessarar skoðunar er strákurinn sendur í matsferli og það er búin til kennsluáætlun sem er skraddarasaumuð fyrir námsþörf hans. Þetta er dæmigerð einstaklingsbundin lausn, nemandinn á við uppeldislegt vandamál að stríða.

Samkennari er með öðruvísi túlkun og hugmynd að öðruvísi lausn. Hún telur að það séu aðrir nemendur í bekknum sem eigi við meiri lestrar- og skriftarörðugleika að stríða en þessi strákur. Hún er líka þeirrar skoðunar að það sé vafasamt að ögrandi hegðun stráksins tengist lestrar- og skriftarkunnáttu hans. Frekar er hún afleiðing þess að það er eitthvað annað sem ekki virkar í bekknum. Þegar verið er að kenna þurfa nemendur mikið að sitja kyrrir og kennslan er mjög fræðileg og gefur litla möguleika á þátttöku nemenda. Þetta er líka mörgum öðrum nemendum vandamál. Munurinn er sá að umræddur nemandi andæfir kennsluskipulagi kennarans. Uppástunga samkennarans til lausnar er að gera

oftar hlé og byggja kennsluna meira á virkni og þátttöku nemenda. Þar að auki er hún þeirrar skoðunar að skólinn ætti að meta hvort ekki sé rétt að breyta hluta af skólakerfinu til að það falli betur að þörfum mismunandi nemendahópa. Þetta er dæmi um lausnaleyð sem byggir á formgerðum. Það er ekki þannig að eitthvað sé að einstökum nemendum heldur þurfi að laga skólakerfi sem ekki henti öllum.

Jafnvel andstaða stráka gegn skólakerfinu getur verið holl og jákvæð frá sjónarhóli lausnaleyða sem horfa til formgerða. Segja má að í andstöðunni sé falinn boðskapur: - Hér er eitthvað sem ekki er nægilega gott! – Þetta er andstaða sem ég get ekki fallist á. – Samstaða mín er með félögum en ekki skólanum. Þó svo að fáar stúlkur sýni sömu andstöðu og strákar þá þýðir það ekki að þær hafi aðlagast skólanum mikið betur en strákarnir. Andstaða þeirra birtist bara á annan hátt. Finnski kynjafræðingurinn Tuula Gordon telur að það geti verið ein af ástæðum þess að strákarnir eru mun fleiri meðal þeirra sem fá viðbótaraðstoð í skólanum:

“Ég veit ekki hvort það er raunverulega satt að vandamál þeirra séu fleiri og þeir þurfi frekar á aðstoð að halda. Það er líka hugsanlegt að þeir fái meiri aðstoð af því þeir bregðast öðruvísi við en stelpur. Margar stelpur bregðast við með því að draga sig í hlé. Rólegar stelpur geta líka átt við mikinn vanda að stríða. Þunglyndi, átraskanir og löngun til að skaða sjálfa sig eru dæmi um vandamál sem eru vanaleg hjá stelpum en verða oft ósýnileg í skólastofunni. Þess vegna má vera að stelpur þurfi líka meiri aðstoð en fái hana ekki vegna þess hvernig “erfiðleikar” eru skilgreindir og greindir. Það má því segja með öðrum orðum að horft sé framhjá mörgum stelpum af því þær eru ekki til vandræða í bekkjakerfinu” (Tuula Gordon, viðtal).

Útilokandi þættir í grunnskólanum

Á sama tíma gerir aðstoðin, sérkennslan, strákunum ekkert gott. Þegar horft er til þess hversu margir strákar eru sendir í sérkennslu virðist skólinn ekki taka vel á móti þeim. Norski skólafræðingurinn Thomas Nordahl er mjög gagnrýninn á sérkennslu:

“Þegar kennarar skilgreina hverjir það séu sem þeir líta á sem erfiða þá eru það að 80 prósentum strákar. Vandræðastrákum hefur farið fjölgandi. Það er sérstaklega varðandi nám sem litið er á stráka sem vandræðagemsa en að hluta einnig varðandi hegðun. Þetta sérðu á hlutfall nemenda sem fá sérkennslu. Það hlutfall er hærra en fyrir tíu árum. Núna eru meira er 70 prósent þeirra sem fá sérkennslu í Noregi, strákar. Og það er svo hátt hlutfall að það ætti að leiða til umhugsunar. Af hverju þurfum við að brennimerkja nokkra stráka? Ég lít ekki á þetta sem jákvætt. Ekki vildi ég óska mínum börnum þess að fá eins mikla sérkennslu og unnt er” (Thomas Nordahl, viðtal).

Kjarninn í gagnrýni hans felst í því að skólinn leggur oft áherslu á hæfnina til að geta endurtekið þekkingu. Nemendurnir eiga að geta endurtekið faglegt innihald þess sem þeim hefur verið kynnt og þeir eiga að geta setið lengi yfir fræðilegum verkefnalausnum. Nordahl heldur því fram að þetta sé kunnátta sem stelpur búi yfir í ríkari mæli en strákar. Hann telur að strákar séu oft líkamlega órólegir og séu frekar í andstöðu við kennarann en stelpurnar.

Auk þessa nefnir Thomas Nordahl fleiri þætti norskra grunnskóla sem hann telur að hafi neikvæðar afleiðingar fyrir stráka: kennsla skólans sé innan þröngs sviðs, aukinn áhersla á félagslega færni og óljós bekkjarforysta.

Þröngt menntunarsvið. Þeir möguleikar sem skólinn gefur til þroska og náms eru oft innan þröngs sviðs en það hentar ákaflega illa fyrir hluta strákanna sem eru mjög atorkumiklir. Á sama tíma eru börn meira en áður innan opinberra uppeldisstofnana,

leikskóla, skóladagheimila og grunnskóla. Þessar stofnanir leggja áherslu á ákveðin gildi og þegar börn eyða meiri tíma þar hentar það sumum betur en öðrum.

Aukin áhersla á félagslega færni. Félagsleg færni og þeir möguleikar sem skólinn veitir til persónulegs þroska er svið sem er orðið mikilvægt í uppeldisfræði. En enn sem komið er þá er þetta of undirskilið svið í skólanum. Nemendur vita oft ekki hvers konar hegðunar er vænst af þeim í kennslustundum, frímínútum og í samskiptum við kennarann. Kennarar líta á þá nemendur sem eru fljótir að átta sig á hinum félagslega kóða sem félagslega færa. Þeir sem ekki ná þessu jafn vel munu ekki upplifa sömu jákvæðu þróun í félagslegri færni sinni. Ef skólinn og kennararnir tala skýrt um hvernig nemendahegðun sé æskileg gefur það nemendum öryggi. Þegar því er öfugt farið passar það stelpunum betur, segir hann. “Við höfum ekki meiri áhuga á skólanum en strákar en við erum betri í að þykjast hafa þennan áhuga, átta okkur á væntingum og sjá hluti!” sagði ein stelpa þegar hún var að bera sig saman við strákana eftir því sem Nordahl segir.

Óljós bekkjarforysta. Skólinn hefur breyst á þann hátt að nemendur bera nú í ríkum mæli sjálfir ábyrgð á námi sínu. Í mörgum námsleiðunum eru nemendur sjálfir ábyrgir fyrir því að skipuleggja vinnuna. Þetta hentar illa strákum sem ekki eru áhugasamir um námið. Við vitum að þegar bekkjarforystuna skortir þá nota margir strákar tækifærið og gera eitthvað annað. Nordahl sér vissulega að í skólanum eru faglega og félagslega færir strákar sem ekki eiga í neinum vandræðum með námið. En hann hefur áhyggjur af þeim strákum sem falla brott.

Er eitthvað það í formgerð skólans, eins og Thomas Nordahl dregur hana upp, sem verkar útilokandi á einstaka stráka eða er það allt samfélagið sem er útilokandi? Í Englandi rannsakaði Paul E. Willis⁴³ hvernig hópur stráka úr verkalýðsstétt “The lads” andæfðu gildum skólans og innihaldi hans þvert á óskir foreldra og kennara. Í þessu andófi og í jafnaldráhópnum lærðu strákarnir gildi sem eru mikilvæg fyrir karlmann sem fyrirvinnu: sjálfstæði, tryggð við félag og ágenga gagnkynhneigð.

Sænski karlafræðingurinn Marie Nordberg telur að sú skoðun að margir strákar stríði núna við hegðunarvandamál eigi sér hliðstæðu í kreppu föðurhlutverksins. Konur hafa ekki lengur þörf fyrir fyrirvinnu. Þess vegna verður það vandamál að hluti strákanna sækja sér félagsmótun sem hentar fyrir samfélagslega stöðu sem ekki er lengur til – fyrirvinnukarlmennsku verkalýðsstéttarinnar. Ef margir strákar detta út, ekki aðeins í skólanum, heldur einnig á öðrum sviðum samfélagsins, af því þeir setja stefnuna eftir úreltum karlmennskuhugmyndum þá verður líka að vinna með þessar hugmyndir. Það þarf að vinna að því að breyta félagsmótun strákanna, í stað þess að halda strákum í karlmennskuhlutverki sem er sögulega séð horfið.

Það er hægt að gagnrýna Thomas Nordahl fyrir að horfa framhjá þessu og staðfesta að það sé strákum eðlilegt að hegða sér á ákveðinn hátt þó svo það sé engan veginn sjálfgefið hvað það þýði að vera strákur. Af hverju ættu læti, andstaða við kennarann, léleg fræðileg kunnátta og erfiðleikar við að skilja félagsleg tákni að vera eitthvað sérstakt fyrir stráka?

Mat

Þegar maður ætlar að meta hvort sérkennsluúrræði séu kynjuð aðferð þá er ekki nægilegt að finna eitthvað í formgerð skólans eða samfélagsins sem hentar strákum illa. Strákar eru fjölskrúðugur hópur og það er hæpið að það myndi henta öllum strákum að skólinn legði meiri áherslu á líkamlega þætti og aukna nemendaþátttöku. Það eitt og sér að benda á þessa formgerðarþætti felur ekki í sér að taka stráka alvarlega sem kynjaða gerendur.

⁴³ Willis, Paul E. 1977: *Learning to Labour*.

Við verðum að skoða nánar hvernig börn túlka og skapa kyn í mismunandi námsaðstæðum. Sænski karlafræðingurinn Marie Nordberg gaf okkur einmitt slíkt mat þegar við spurðum hana af hverju strákar séu mun fleiri meðal þeirra nemenda sem sýna hegðunarvandkvæði og er vísað í sérkennslu.

“Mér finnst mikilvægt að það sé ekki bara verkefni skólans að það eru vandamál innan hins afmarkaðs sviðs sem skólinn er. Þetta snýst líka um hugmyndir okkar um karllegt og kvenlegt í samfélaginu.

Þetta snýst um hvaða kynjamyndum maður mætir og hvaða sagnir maður heyrir. Þegar við lítum á börn sem hávaðasöm og erfið þá missir maður sjónar á mörgum öðrum hlutum, öðrum mögulegum myndum. Þegar ég vann sjálf á leikskóla þá var þetta alltaf eins: Það komu foreldrar sem sögðu að nú fengjum við meiriháttar vandamál því nú kæmi mjög óstýrilátur strákur. Það voru ekki einvörðungu strákar sem voru taldir óstýrilátir, einnig stelpur. Það sem ég uppgötvaði var að maður gat alveg náð til þessara stráka ef maður bara lét þeim eitthvað annað í té. Til dæmis var þarna strákur sem átti erfitt með að einbeita sér og sitja kyrr. Honum líkaði ekki að sitja kyrr í samverustundunum þar sem verið var að segja frá einhverju sem honum fannst leiðinlegt. Ef við hins vegar vorum að búa eitthvað til eða forma eitthvað þá gat hann setið kyrr í hálf tíma eða þrjú korter og t.d. málað höll sem átti að vera hluti af leikriti sem hann hafði tekið þátt í að skrifa. Og þá finnst mér að maður verði að spyrja: Við hvaða aðstæður var hann óstýrilátt barn? Það var þegar hann var í hóp og þurfti þar að auki að vekja athygli á sér og sýna að hann tilheyrði hópnum. Þegar hann fékk aðra möguleika varð hann að öðru barni.

Þess vegna finnst mér að þurfi að skoða einstaka hugmyndir sem við fullorðna fólkið höfum af börnum. Það er líka vandamál að maður einbeitir sér svo að óstýrilátu strákunum að hin börnin hverfa. Strákarnir sem á mismunandi hátt eru að reyna aðrar leiðir, fá sáralítinn stuðning frá fullorðnum, því öll athyglin og öll úrræðin eru notuð til að fá óstýrilátu strákana aftur inn í þau sniðmát sem skólin stendur fyrir” (Nordberg, viðtal).

Meginatriði

Vandamál: Að börn (þ.e.a.s. strákar) nýti sér ekki uppeldisfræðilega skipulagið til jafns við önnur börn í hópnum. Þetta birtist sem óróleiki eða lítil aðlögun að kröfum námsaðstöðunnar.

Samhengi/
Forsendur: Þröngur rammi í námsaðstöðunni, hvað varðar einbeitingu, notkun líkamans og hvað er leyfilegt.

Aðgerð: Einstaka nemendur eru sendir í sérkennslu eða til athugunar á því hvort þeir stríði við námserfileika.

Mat – sé gengið út frá því að börn séu kynjaðir gerendur: Lausn vandans tekur ekki tillit til að orsökina getur legið í óhentugum samstarfsmynstrum í skólastofunni, þ.e.a.s. milli margra. Þess í stað verður lausnin einstaklingsbundin og felst í því að festa vandamál eða hugsanlegt vandamál á nemandann. Mikill fjöldi tilvísana og skekkja milli stelpna og stráka bendir til að þetta sé aðgerð sem einnig þjóni öðrum tilgangi en strangfaglegum.

Önnur lausn vandans gæti falist í að rannsaka við hvaða aðstæður barnið/strákurinn tekur þátt á sama hátt og hinir nemendurnir og við hvaða aðstæður hann geri það ekki. Í stað þess að leita bara að “galla” hjá nemandanum horfir maður til samskiptanna í skólastofunni. Ef til

vill er námsaðstaðan þannig að hún “býður upp á” að strákar sýni samstöðu með öðrum jafngömlum strákum.

“Halló, svörtu strákar í horninu”

Það getur verið kynjablind aðgerð að senda í sérkennslu, að kynjaþátturinn í hópnum sem sendur er í sérkennslu sé engum ljós. Það gildir einnig um aðra hegðun að hún getur skipt miklu varðandi það hvað stelpur og strákar læra án þess að það hafi verið ætlunin.

Hér í upphafi og í ummælum um ýmsar þeirra aðgerða sem eru nefndar í þessum kafla er kynjablinda, það að hugsa um börn en ekki stelpur og stráka, talin óheppilegt. Þannig þarf það ekki að vera að mati finnska kynjafræðingsins Tuula Gordon. Það getur vel verið gott markmið fyrir uppeldisstarf að beina athyglinni að börnum. Hún ber saman hvernig hún hafi séð finnska og enska kennara tala til barnanna sinna:

“Sem meginregla finnst mér fínt að talað sé um nemendur eða börn. En í starfi sýnist mér það ekki vel nothæft. Af því að mismununin verður til þrátt fyrir það þá held ég að það sé mikilvægt að velta fyrir sér þessum flokkum, stelpur og strákar. Meðvitað eða ómeðvitað þá greina kennarar sífellt milli stelpna og stráka.

Í Finnlandi, eins og í öðrum Norðurlöndum, er menntakerfið lýðræðislegra en á Englandi. En í daglegu starfi í London er unnið mun meira með lýðræði. Þeir horfa miklu meira til lýðræðis og þemað er fléttað vel inn í skólamálastefnu þeirra með stefnu gegn mismunun sem einnig beinist að kyni, kynþætti og fleiru. Þar eru skýrslur og viðmiðunarreglur um hvað kennari eigi að gera í starfi. Ef eitthvað fer úrskaiðis þá eru viðmiðunarreglur um hvernig eigi að takast á við það og hvert maður eigi að snúa sér ef manni finnst að maður geti ekki leyst úr málunum sjálfur.

Sérstaklega langar mig að benda á fyrirmæli um hvernig þú sem kennari eigir að ávarpa nemendur og hvernig þú átt ekki að ávarpa þá. Þegar þú talar til nemenda áttu ekki að nefna hópa. Þú átt ekki að segja: “Hey, you girls there!” eða “Hey, you boys there!” og alls ekki “Hey, you black people!” Mér finnst að þessi fyrirmæli séu mjög nytsamleg, áþreifanleg og skýr fyrir kennarana. Ef þú þarft að koma einhverju á framfæri þá áttu að gera það án þess að nota flokka eins og kyn, litarhátt og þess háttar. Athygli kennaranna er vakin á lýðræðislegum markmiðum. Þetta er öðruvísi í finnskum skólum, þar nota kennararnir stöðugt þessar aðferðir þegar þeir tala til barnanna. Kyn er búið til sem eitthvað eðlilegt og án umhugsunar” (Gordon, viðtal).

Ef strákarnir eru ávarpaðir með nafni þá er sökin ekki lögð á alla stráka vegna þess sem einhver með strákanafn gerir. Það getur komið í veg fyrir að horft sé á einstaklinga á ákeðinn hátt af því að þeir tilheyra einhverjum flokki (litaður, þjóðerni, kyn og svo framvegis).

Myndbandsvélinni snúið að sjálfum sér

Flestir halda að þeir ástundi jafnrétti og að sjálfsögðu veiti þeir stelpum og strákum sömu möguleika. Það hélt starfsfólkið á leikskólanum Björntomten í Gävle í Svíþjóð líka. Þau höfðu jafnrétti sem sérstakt áherslusvið og töldu að jafnrétti væri nokkuð sem þau væru sérstaklega góð í. Þegar þau sáu sig í starfi á myndbandi raknaði myndin af jafnréttissinnaða leikskólanum upp. “Þetta er ekki ég” voru fyrstu viðbrögð Kajsa Svaleryd þegar hún sá myndband af sjálfri sér að störfum í fataherberginu. Hún og leikskólinn hafa notað myndbandstæki í jafnréttisvinnunni til að gera starfið sýnilegra fyrir starfsfólkið. Með myndbandinu urðu kynjaðir starfshættir augljósir.

“Starfsfólkið talaði miklu meira við stelpurnar: “Ohhh gaf amma þér þessa húfu, en hvað hún er mjúk og fín.” Þegar talað var við stelpurnar var notaður mjúkur raddblær og oft talað í við-formi. Þegar kom að strákunum var tónninn lækkaður og starfsfólkið gaf allt að því snubbótt fyrirmæli: “Settu á þig húfuna!” eða “Hérna eru stígvélin!” Í anddyrinu var staðan ekkert öðruvísi. Starfsfólkið fann fullt af svipuðum dæmum og smátt og smátt óx meðvitund þess um eigin hegðun” (*Börja skolan*. 2002, bls. 20).

Það er ekki einstakt fyrir leikskólann Björntomten að raunveruleikinn sé öðruvísi en maður heldur. Það gildir um alla starfsemi, ekki aðeins uppeldi, að starfsfólkið er með ákveðnar hugmyndir um hvernig það vinnur, hugmyndir sem ekki eru alveg í samræmi við raunveruleikann. Það sama á við um “innri mynd” hvers einstaks starfsmanns af sjálfum sér sem starfsmanni. Myndbandsupptökur og greiningu má nota sem aðferð til að fá starfsfólkið til að vinna með sameiginlegar og einstaklingsbundnar myndir og fá starfsemina til að líkjast meira stefnumiði stofnunarinnar.

Myndbandsaðferð Kajsa Svaleryd

Kajsa segir að einn af stóru kostunum við myndbandsaðferðina sé að maður geti myndað sjálfan sig og þegið aðstoð annarra við að greina eftirá.

Aðferðin getur hjálpað við faglega þróun hjá sérhverjum starfsmanni og einnig í starfseminni sem heild. Notkun myndbandstækis getur verið heppileg hjálp sökum þess að í uppeldislegu starfi er alltaf stöðugur samskiptastraumur og líttill tími til að velta fyrir sér eigin gjörðum. Með upptöku getur starfsfólkið velt fyrir sér eigin starfi í smáatriðum. Kajsa segir einnig að það hafi verið mikil ögrun fyrir starfsfólkið að mynda sjálft sig við störf og ekki hvað síst að horfa síðan á sig á myndbandi.

Hversdagslegar aðstæður. Það er skynsamlegt að velja almenna og hversdagslega aðstöðu sem allt starfsfólkið vinnur stöðugt við og börnin eru vön svo sem fataherbergið, samverustund, máltíð, kennslustund eða eitthvað álíka.

Allir eða enginn. Ákveðið fyrirfram að það eigi að mynda og greina alla í starfshópnum. Tilfinningalega séð er erfitt að horfa á sjálfan sig að utan. Það getur þess vegna verið ákveðin gildra í því fólgin að beina athyglinni að öðrum en sjálfum sér og að athyglin beinist þá að þeim sem veikastur er í hópnum. Það er mikilvægt að aðferðin verði sameiginlegt verkefni. Myndbandsaðferðin hefur að forsendu að starfsfólkið sé öruggt og hver treysti öðrum.

Gerid markmiðið skýrt og neglið niður hvað sé áhugavert að mynda. Í verkefninu í Björntomten vildu þau skoða hvernig hugmyndir þeirra um stelpur og stráka birtust í samspilinu við börnin.

Komið myndavélinni þannig fyrir að hún nái sem mestu af samskiptum fullorðinna og barna í þeim hversdagslegum aðstæðum sem á að taka upp (fataherbergið, máltíðin og svo framvegis). Það tekur tíma að venjast því að vera myndaður. Kajsa segir að í upphafi hafi starfsfólkið reynt að halda sig frá myndavélinni. Það getur hjálpað ef upptökuvélinni er komið fyrir á föstum stað þar sem hún getur tekið upp allt sem gerist í herberginu, næstum því eins og eftirlitsmyndavél. Ef þessari aðferð er beitt hugsa þeir sem verið er að mynda ekki um það að fela sig fyrir vélinni. Myndið alla í starfshópnum í þessari vinnuaðstöðu, á sama stað, á sama tíma og með sömu börnum.

Stutta upptöku. Það er betra að nota tíma í greiningu en að reyna að átta sig á því hvað eigi að greina í langri upptöku. Takið því ekki upp löng myndskaið sem hvort sem er verða ekki greind. Hálf tíma mynd er yfirleitt nóg.

Kajsa nefnir sem dæmi þegar hún var mynduð þar sem hún var að hjálpa börnunum að klæða sig þegar þau voru að fara út. Upptökutækið náði öllu fataherberginu. Til þess að

geta dregið almennar ályktanir og fundið mynstur var hún mynduð fimm sinnum í sömu aðstöðu en á mismunandi dögum. Sá hluti upptökunnar sem var notaður við greininguna voru tíu mínúturnar frá því að fyrsta barnið kom inn í fataklefan ásamt Kajsu og þar til næstum því öll börnin voru farin út.

Greinið saman hvert myndskeið, með öllum starfshópnum. a) Horfið fyrst á allt myndskeiðið án þess að stoppa eða gera athugasemdir. Það getur verið gott að hver og einn skrifi hjá sér upplifunina af myndinni. Bíðið með að segja eitthvað eða gefa eitthvað til kynna með líkamstjáningu þar til allir hafa skrifað hjá sér upplifunina. Annars verða einstaka túlkanir “bældar”. Kynnið síðan túlkanir ykkar fyrir hinum. b) Horfið aftur á myndskeiðið og ræðið það sem þar gerðist. Sá sem verið var að mynda fær fyrst að tjá sig. Það verður að reyna að koma í veg fyrir að viðkomandi finnist að valtað sé yfir sig; það er jú hann eða hún sem mest hefur að læra af þessari upptöku.

Grípið í almenn mynstur. Sérkenni starfsmanns eða barns er ekki það sem er áhugavert. Það sem er áhugavert eru hin almennu mynstur því það er með þeim sem hinir fullorðnu sýna börnunum hvernig raunveruleikinn er. Kajsa sýndi slíkt mynstur þegar hún hjálpaði strákunum alltaf meira en stelpunum í fataherberginu. Stelpurnar þurftu líka að bíða lengur eftir að fá hjálp. Aðrir starfsmenn gerðu þetta líka.

Stundum er auðvelt að sjá almenn mynstur. Í þessari upptöku sýndi Kajsa hugmynd sína um að strákar séu hneigðir til slagsmála og þeir séu árásgjarnir. Einn strákanna hreyfir handleggina mikið og Kajsa segir. “Já þú ert bara að boxa.” En þegar hún horfði á myndbandið sá hún að strákurinn var að spila á túbu. Almenna mynstrið sem hér kemur í ljós er að þegar lítill strákur hreyfir handleggina þá er það tjáning árásgirni. Það er nokkuð öruggt að stelpa í sömu aðstöðu hefði fengið önnur viðbrögð.

Greinið milli hins persónulega og hins faglega. Það á sérstaklega við um þann sem er að horfa á sjálfan sig að hann eða hún á að reyna að horfa á sig í fjarlægð. Það er ekki sannleikurinn um einhverja persónu sem birtist heldur starfsmann í vinnu. Þrátt fyrir það er erfitt að komast hjá því að taka gagnrýni persónulega og upplifa að maður sé óhæfur þegar maður horfir á eigin mistök, segir Kajsa. Hún lítur á þetta sem ferli þar sem starfsfólkið verður meðvitað um hlutverk sitt í starfi og lærir að greina milli þess sem það gerir og hver það er. Það er erfitt að sleppa því að reyna að útskýra hvers vegna maður einmitt í þessari eða hinni stöðunni hagaði sér öðruvísi en maður hefði átt að gera en smátt og smátt gengur það betur.

Fylgist með gerðum aðalpersónunnar. Lítið á einhvern fullorðinn starfsmann sem “aðalleikarann” og lítið svo á að gerðir þessarar persónu séu það sem mestu skiptir varðandi það hvernig samspilið við börnin birtist. Þetta er mikilvægt af því að markmiðið með greiningunni er að hinir fullorðnu verði meðvitaðir um það hvaða kynjaímyndir þeir koma með í samskiptin. Athugasemdir eiga einnig að vera uppbyggilegar og horfa til þess hvað hafi verið gott, hvað megi þróa og hvernig starfsmaðurinn geti gert það sem er best fyrir barnið. Reynið að forðast spurningar um hvers vegna börnin eða hinir fullorðnu gera það sem þeir gera, til dæmis af hverju Henrik hrindir Oda eða af hverju leikskólakennarinn skammar Mikkel. Að baki slíkra spurninga er oft leit að blóraböggli segir Kajsa. Þess í stað á maður að fylgjast með því sem gerist og reyna að vera eins hlutlægur og unnt er.

Kajsa segir að þau hafi líka myndað útisvæðið. Þegar stóru strákarnir fóru í rally á hjólunum sínum, spiluðu fótbolta eða fóru í eltingarleiki þá bitnaði það á litlu börnunum og stelpunum. Þau sáu á þessari upptöku að útisvæðinu var fullt af börnum en enginn starfsmaður var til staðar. Það væri að falla í gildru í þessari stöðu að beina athyglinni að þessum erfiðu strákum eða fjarveru starfsfólksins. Ef spurt hefði verið hvers vegna starfsfólkið var ekki til staðar, hvar sá var sem var ábyrgur þá hefðu svörin orðið afsakanir og yfirklor. “Síminn hringdi einmitt þarna.” “Ég var í mat.” “Ég var að hjálpa

Johanne á klósettinu” og svo framvegis. Þess í stað ákvað starfsfólkið að spyrja sig hvað það gæti gert til að breyta stöðunni. Þegar myndskreiðið var greint var spurt: Hvernig eiga strákarnir að læra hvernig þeir geti hagað sér betur á útisvæðinu? Hver axlar ábyrgð á því að þeir fái þá þekkingu? Þegar greina átti lausnir horfði hópurinn til samspils barnanna sem gekk vel við matborðið sama dag. Þar var augljós forysta og ljósar væntingar og reglur.

Berið saman stráka og stelpur! Skoðið hvernig hin fullorðni mætir stelpum og strákum þegar myndskreiðið er skoðað sameiginlega. Allt myndskreiðið skráir Kajsa hjá sér samskipti sín við hvert barn þó þau séu stutt. Hún skráir hversu löng þau eru, hvort þau eru jákvæð eða neikvæð og hvert var hennar markmið með samskiptunum. Eftir að hafa horft á allt myndskreiðið leggur hún saman hvort munur sé á því hversu mikil eða löng samskipti hún hafði við stelpur og stráka.

Kajsa segir að á myndskreiðinu frá fataherberginu séu jafn margar stelpur og strákar sem gefi til kynna að þau vilji hjálp. En fyrst hjálpar hún næstum því bara strákum. Flestar stelpnanna þurfa að klæða sig sjálfar. Þær sem ekki gera það fá síðastar aðstoð.

Spyrið misjafnra spurninga. Kajsa er með margar spurningar sem geta skipt máli við greiningu á þeirri samskiptastöðu sem hefur verið tekin upp.

- Hvar er sá fullorðni og hvar eru börnin í samskiptunum?
- Hvaða börn eru virk og hver eru óvirk? Tengist það eitthvað hinum fullorðna?
- Hvað líður langur tími frá því að mismunandi börn gefa til kynna að þau vilji tengsl og þangað til þau fá þau?
- Hvað á að vera í gangi? Hver brýtur stefnumiðin og hver fylgir þeim? Hvað gerir hinn fullorðni gagnvart börnunum sem brjóta gegn markmiðunum?
- Hvað lærist í aðstöðunni?
- Hvað lærir barnið um völd og samskipti sín við aðra, þegar til dæmis einhver fullorðinn rýfur samskipti sín við stelpu til að hjálpa strák í fötin?

Þessar spurningar hafa það í för með sér að starfsfólkið tekur eftir og einbeitir sér að sömu atriðum. Þar að auki einfalda spurningarnar og tölfræðipunktarnir frá greiningunni þær umræður sem fylgja á eftir. Kajsa segir að það auðveldi að horfa frekar á staðreyndir en tilfinningar.

Siðfræðin á hreinu. Það þarf að vera búið að ganga frá öllum siðfræðilegum atriðum áður en upptökur hefjast: leyfi frá foreldrunum, samþykki þess starfsfólks sem verður tekið upp, ákvörðun um hverjir fá að sjá upptökurnar, hvernig á að geyma myndböndin, hversu lengi á að geyma þau og svo framvegis.

Hugsunin á bak við notkun myndbandsupptöku og greiningar er breyting með sjálfsskilningi. Breyting og þróun á uppeldisstarfinu verður fyrst möguleg þegar starfsfólkið hefur náð nýju innsæi sem það í raun og veru upplifir á sjálfu sér. Á hinn bóginn er ekki unnt að ljúka persónulegu starfi með kyn og jafnrétti í eitt skipti fyrir öll. Til að koma í veg fyrir að aftur hrökkvi í gamla girinn og gömul mynstur rísi aftur upp er stöðug vinna nauðsynleg. Myndbandsaðferðin er áhrifataeki í langtímavinnu að jafnrétti segir Kajsa.

Tilgangur þess að horfa á hegðun hinna fullorðnu er að skapa uppeldisaðstæður þar sem börnin geta skapað sig sjálf sem einstaklinga og séð sjálf sig sem einstaklinga óháð kynjuðum staðalmyndum samfélagsins. Myndbandsaðferðin gerir það mögulegt að uppgötva hvernig starfsfólkið endurskapar þessar kynjuðu formgerðir á ómeðvitaðan hátt.

Mat

Það að beina upptökuvélinni að sjálfum sér eins og Kajsa lýsir má túlka sem andstæðu þess að senda í sérkennslu. Gagnrýnin á ofnotkun sérkennslu er tvíþætt: (1) Úrræðið er blint hvað varðar mismun milli stelpna og stráka. (2) Úrræðið gerir börn og unglinga að vandamálinu en ekki félagslegu aðstæðurnar.

Einn tilgangurinn með myndbandsupptökum er að fá upp á yfirborðið grundvallandi hugmyndir um jafnrétti. Kajsa segir:

“Það að vinna með kynjasjónarhorn er að þora að kafa undir yfirborð ímyndana og uppeldisstarfs. Ég lýsi jafnrétti gjarnan sem borgarísjaka. Einn sjötti stendur upp úr og það getum við mælt; einkunnir, tímanotkun, hvernig kennslutæki eru mótuð, hvar í herberginu börnin eru og svo framvegis. En stærsti hluti borgaríssins er undir yfirborðinu. Það er sá hluti sem snýst um hegðun, norm og viðhorf” (Svaleryd. 2003: *Genuspedagogik*, bls. 45-46).

Annar tilgangur er að hinn fullorðni meti hvað hann hefur í farteskinu þegar kemur að samskiptunum. Þannig er það lagt á hinn fullorðna og ekki á barnið að axla ábyrgð á því sem ekki virkar í samskiptunum og að skoða sjálfan sig. Litið er svo á að það séu væntingar og gerðir hins fullorðna í samspilinu við barnið sem ráða því hvernig barnið getur hagað sér.

Forsenda aðferðarinnar er ómeðvitaðar ímyndir og hegðun hinna fullorðnu. Það þarf að vinna með hegðun hinna fullorðnu sem kynjaðra gerenda. En til grunvallar liggur einnig skilningur á að börn séu líka kynjaðir gerendur í þeirri merkingu að einnig börn hegða sér í ákveðnu samhengi og í tengslum við aðra.

Á hinn bóginn greinir þessi aðferð skýrt á milli stelpna annars vegar og stráka hins vegar. Þegar við hugsum um börn sem kynjaða gerendur þá erum við að hugsa um meiri fjölbreytni en það sem kynjaskilnaðurinn stelpa og strákur gefur. Eins og áður hefur verið vikið að þá er kyn nokkuð sem börn “finna upp” á nýtt og það ekki alveg eftir sömu línunum og áður. Svo þetta sé sagt á einfaldan hátt þá tekur aðferðin lítið tillit til þess að börn geta verið stelpur og strákar á ólíkan hátt. Það gæti verið viðbót við aðferðina að athuga sérstaklega hvort stelpur eða strákar hegða sér ekki í samræmi við hefðbundið kynjamynstur í samskiptum sínum við fullorðna. eru til dæmis einhverjar stelpur sem starfsmaðurinn hjálpar alltaf í fötinn á undan öðrum?

Meginþættir

Vandamál: Starfsfólkið meðhöndlar kerfisbundið stelpur og stráka misjafnlega. Þessi mismunur þrengir að þroskamöguleikum barna og unglinga. Starfsfólkið er ekki meðvitað um kynjaða starfshætti sína og það er veruleg hindrun í vegi breyttra starfshátta.

Samhengi / Forsendur: Forsendan er öruggt starfsumhverfi þar sem starfsfólkið sem myndar og metur hvert annað, treystir hvert öðru. Allir starfsmenn eru reiðubúnir að horfa á sjálfa sig í fjarlægð og vinna með sjálfa sig. Foreldrar og börn samþykkja upptökur.

Aðgerð: Upptökuvélinni er beint að starfsfólkinu og að samskiptum starfsfólksins og barna og ungmenna.

Mat – þegar gengið er út frá því að börn séu kynjaðir Fer eftir því hvaða spurninga er spurt og hvernig myndskeiðin eru greind. Til grundvallar aðferðinni liggur “and-nýlendu”viðhorf til barnsins eða unglingsins. Það er með öðrum orðum ekki verið að nota aðferðina til að beina barninu í ákveðna átt.

gerendur: Það er hinn fullorðni sem á að sjá hvað hann hefur í farteskinu þegar kemur að samskiptunum.

“Segjum alltaf já við börnin”

Vandinn sem myndbandsaðferðin á að “leysa” er að starfsfólk skóla og leikskóla gerir sér grein fyrir því að hegðun þess gefur stelpum og strákam ekki sömu möguleika. Með því að beina sjónum sínum að eigin gerðum getur starfsfólkið breikkað hegðunarmöguleika stelpna og stráka.

Danska Börnecenteret Viben horfir á starfsmannahópinn á svipaðan hátt í starfi sínu. Þar hafði lengi verið unnið með lýðræði í starfsmannahópnum og stofnunin tengdist stærra verkefni þar sem margir skólar og leikskólar áttu að vinna saman að því að auka þátttöku barna. Þegar þau áttu að búa til eigin lýðræðisverkefni spratt upp umræða um hvort þau hlustuðu á börnin í leikskólanum eða ekki. Laila Baltersen o.fl.⁴⁴ rekja umræðurnar þannig:

“”En við hlustum alveg ótrúlega mikið á börnin hérna hjá okkur, við höfum ekkert vandamál hvað það varðar.”

Þetta varð til þess að Jane rauk upp. “Ég er smábarnadeildinni sammála, mér finnst við alveg ótrúlega oft segja nei – líka í leikskólanum. Ef Thomas spyr hvort ég vilji hjálpa honum að búa til boga á verkstæðinu þá segi ég nei af því ég sé ekki hvernig ég geti farið frá deildinni en kannski hefði ég alveg getað sagt já.” Það komu upp mörg dæmi þar sem fólk velti því fyrir sér hvort þetta “nei” okkar væri bara af gömlum vana eða hvort við ættum raunverulega í vandræðum með að fylgja löngunum barnanna. Eftir þessar umræður sættust allir á að í raun og veru vísam við frá okkur óskum barnanna oft á dag: annað hvort með “nei”, “bíddu aðeins”, “ekki núna” eða hinu fagaðra “það held ég að sé nú ekki góð hugmynd” eða því nútímalega “spurðu einhvern annan fullorðinn” (Baltersen 1995, bls. 89-90).

Þessi umræða varð uppspretta tilraunatímabils þar sem starfsfólk leikskólans reyndi að segja bara já við börnin en aldrei nei. Fyrri hluta tímabilsins fannst starfsfólkinu að mörkum þess væri ögrað, að það þeyttist hvíldarlaust frá einu verkefni til annars – að starfsfólkið yrði þjónar barnanna. Seinni hluta tímabilsins náði starfsfólkið auknu innsæi um hvernig börn læra að þekkja líf hinna fullorðnu. Það er munur á því hvort börn taka frumkvæði einvörðungu til að fullnægja eigin þörfum eða til að axla sameiginlega ábyrgð.

Í ljósi þessa nýja innsæis telur starfsfólkið á Börnecenteret Viben að það eigi að vera sýnilegar fullorðinsfyrirmyndir, sem geta hlustað á óskir barnanna en á sama tíma staðið á eigin skoðunum. Í “já-leikskóla” eða leikskóla af opinni gerð verður sérlega mikilvægt að hlusta á börn sem hafa minni möguleika á að tjá óskir sínar eða þarfir. Sökum þess að það eru sérstaklega einstaka strákar sem geta orðið að nei-börnum, þá getur íhugun á neitunum starfsfólksins haft jákvæð kynjaáhrif.

Kynjanæmar aðgerðir þar sem börn og unglingar eru miðlæg

Í þessari bók er uppdísstarf metið eftir því hvort það tekur börn alvarlega sem kynjaða gerendur. Engin þeirra aðgerða sem metnar hafa verið gerir það að fullu, annað hvort sökum þess að þar er gengið útfrá formgerð stofnunar eða gerðum starfsfólksins eða vegna þess að þær eru kynjablindar. Hins vegar eru til aðgerðir sem bæði hafa börnin

⁴⁴ Baltersen, Laila o.fl. 1995: “Við sögðum alltaf nei við börnin”.

miðlæg og taka tillit til kyns en spurningin er hvort þar sé þetta vel gert. Þegar kemur að kynjaaðgerðum sem beinast að strákum stendur maður frammi fyrir sérstökum uppeldislegum ögrunum.

Konur geta hugsað um sjálfar sig og um þær er talað sem “konur í fótbolta”, “konur í leiðtogastöðum”, “stelpur í námi”, “kvenstúdentar”, “verkakonur”, “þingkonur” og svo framvegis en það gera strákar og karlar ekki. Þeir hugsa mun frekar um sig sem persónur og einstaklinga í því félagslega umhverfi sem þeir lifa í. Upplifanir margra stráka og karla af því að vera kynjaðir eru neikvæðar og tengdar tilfinningum um að standa sig lakar en konur: of lítil þátttaka í húsverkunum, skortur á að standa við félagslegar skuldbindingar, kynlífsþrýstingur og fleira. Þegar opinberar herferðir hafa snúið sér að strákum og körlum hefur það einnig þar verið til að benda á að þeir standi sig ekki.

Þess vegna er það ekki nægjanlegt að úrræðin setji börnin og unglíngana í hásetið og hafi kynjavinkil. Þau þurfa líka að hafa kynjavinkil á stráka.

Leyfir börnum að lesa það sem þau vilja

Strákar lesa mun minna en stelpur í frítíma sínum. Þessi þekking hefur skotið upp kollinum í opinberri umræðu í Noregi og Svíþjóð. Þegar strákar lesa lítið, verður lestrarkunnátta þeirra, skrift og hugsun heldur ekki eins góð og hún gæti verið. Til þess að örva löngun nemendanna til að lesa hafa nokkrir skólar og kennarar í Noregi byrjað með “lestrarhvíld” sem er einföld og skynsamleg aðgerð. Dag hvern eða nokkra daga í viku eru tíu mínútur fráteknar fyrir nemendur til að lesa það sem þeir vilja. Það er leyfilegt að lesa hvað sem er, allt frá myndasögum og bókmenntum til kennslubóka. Stelpurnar og strákarnir geta þá sjálf valið lesefni á eigin forsendum og í samræmi við óskir sínar.

Tilgangurinn með ákveðinni lestrarhvíld, sem er á krossgötum opinbers kennsluhlutverks skólans og frítíma barnanna er annars vegar að gæta að áhugamállum barna og hins vegar vegar að skapa félagslegt rými til lestrar. Lestur krefst athygli og rólegheita – “hægur tími”. Fjölmiðlar og upplýsingaveitur á borð við sjónvarpið, kvikmyndir, farsíma, tölvuleiki og internetið kalla á athygli þar sem þátttakendur þurfa að geta síað mikið magn upplýsinga og skipt snögg frá einu verkefni til annars. Bóklestur kallar á rými fyrir öðruvísi athygli.

Þegar börn og unglíngar geta sjálf valið sér lesefni er auðveldara að gæta að og nýta forsendur þeirra og lestraráhuga. Því það eru ekki bókstafir og orð sem margir ungir strákar hafa andúð á heldur ákveðnar tegundir lesefnis og lestraruppeldi. Margir strákar hafa hvorki andúð á né eiga í erfiðleikum með að skilja tákni og bókstafi á internetinu (www, chatting, e-mail, spil og fleira). Bókmenntir sem verða að félagslegum fyrirbærum opna mörgum stelpum og strákum leið inn í heim bókana. Upp á síðkastið hafa Harry Potter, Hringadróttinssaga og ýmiss konar aðrar ævintýrabókmenntir verið vinsælar. Slíkar bækur eru vinsælar hjá báðum kynjum en bækur um hesta og frásagnir af ást höfða enn fyrst og fremst til stelpna.

Annar texta- og myndmiðill sem margir strákar vilja gjarnan lesa eru myndasögur. Fyrri hugmyndir um að myndasögur væru í sjálfu sér lélegt og lítt þroskandi lesefni hafa breyst. Flestir eru þeirrar skoðunar að myndasögur séu texta- og myndmiðill þar sem finna megi góðar og lélegar afurðir alveg eins og í bókmenntaheiminum. Góðar myndasögur geta opnað leið til lestrar á öðrum bókmenntum.

Þegar skólinn skapar rými fyrir nemendur til að lesa það sem þeir vilja á grundvelli stöðu sinnar þar sem kyn skiptir máli þá er það um leið kynjanæmt úrræði.

Þróar og notar uppeldislegt fyrirkomulag

Á Norðurlöndum er lögð vinna í að þróa kennsluefni og uppeldislegt fyrirkomulag þar sem kyn er þema. Börn og unglingar hafa líka hæfileika til að velta fyrir sér mikilvægi kyns og til að breyta eigin hegðun eftir meðvitaðar vangaveltur.

*Handbók fyrir kennara um jafnrétti.*⁴⁵ Likestillingssenteret og Læringscenteret í Noregi hafa útbúið kennsluefni með kvikmyndabútum (DVD) til skýringa til að gefa börnum og unglingum færi á að velta fyrir sér kyni og jafnrétti og þá út frá eigin forsendum eins og hægt er. Reynt var að forðast að leggja fram forskriftarskilning á því hvað kyn og jafnrétti sé eða hvernig það ætti að vera. Áhersla var lögð á að hvetja nemendur til að setja sjálfir spurningamerki við þætti í stöðu kynjanna sem eru svo algengir að litid er á þá sem sjálfsgaðan hlut. Kennsluefnið bendir á mismunandi kynjahegðun og setur spurningamerki við það hvernig mismunandi hegðun sem tengd er kynjum verður til, hvernig henni er viðhaldið og breytt.

Innihaldið er tengt ákveðnum þemum: starfsvali, kynjahlutverkum og samfélagi, vináttu, kyni og líkama, kynlífi, völdum, ofbeldi og áreitni. Efnið er hugsað fyrir sjötta og níunda bekk grunnskólans og fyrsta bekk framhaldsskólanna. Kennsluefnið er textahefti með 1-2-3-leiðbeiningum til kennarans og DVD með skýrandi dæmum úr norrænum sjónvarpsþáttum og kvikmyndum.

Kynjuð uppeldisfræði. Í seinni hluta bókarinnar *Genuspedagogik*⁴⁶ nefnir Kajsa Svaleryd dæmi um æfingar sem leikskóla- og grunnskólakennarar geta notað í starfi sínu. (Fyrri hluti bókarinnar er inngangur að hugsuninni um kyn og jafnrétti í uppeldisstofnunum.) Tilgangur æfinganna er að fá börn til að sýna hvert öðru umburðarlyndi og sjá hegðunarmöguleika fyrir sig þvert á hefðbundinn aðskilnað kynjanna. Bókin inniheldur æfingar tengdar kynferðislegri áreitni (“hóra” og þess háttar), sameiginlegu gildismati, hvað sé líkt og hvað ólíkt með stelpum og stráku og fleira.

Ögra karlrembugildum

Kennararnir Jonathan Salisbury og David Jackson⁴⁷ hafa tekið saman mikinn pakka af kennslu- og vitundarvakningarefni fyrir unglingakennara, *Challenging Macho Values*. Í formála rökstyðja þeir hvers vegna nauðsynlegt sé að ögra gildum karlrembunnar:

“Við höfum góðar ástæður til að skora á stráka og unga karla að breyta sér. Konur, karlar, stelpur og strákar hafa ekki sömu röksemdir fyrir því að breytingar séu nauðsynlegar. Margar stelpur og konur, hvort heldur þær eru systur, nemendur, vinir, mæður eða makar, vilja draga úr völdum stráka og ungra karla og auk þess bæta tengslin við þá á mikilvægum sviðum. Þær vilja gera það vegna eigin öryggis. Breytingar í þessa átt – jöfnun valdastöðu, aukið öryggi og betri tengsl – er hagsmunamál stráka og ungra karla. Eitt dæmi því til stuðnings er að ungir karlar verða sérstaklega fyrir barðinu á ofbeldi annarra ungra karla. En það er ekki aðeins frá sjónarhóli stelpna og kvenna sem þörf er á að ögra og breyta strákum og ungum körlum. Það er einnig á grundvelli eigin reynslu úr æsku og eigin lífi sem margir karlar hafa áhyggjur af bræðrum, vinum, feðrum og öðrum” (Salisbury og Jackson, 1996, bls. ix).

Í pakkanum er fjallað um þemun kynlíf stráka, kynferðisleg áreitni, ofbeldi og einelti, fjölmiðlar, kynjun tungumálsins, umhyggja fyrir sjálfum sér, ævisögur og stríð. Í öllum

⁴⁵ Læringscenteret og Likestillingssenteret. 2004: *Ungdom, film og kjønn: handbok for lærere om likestilling*.

⁴⁶ Svaleryd, Kajsa. 2003: *Genuspedagogik*.

⁴⁷ Salisbury, Jonathan, Jackson, David. 1996: *Challenging Macho Values*.

þemum er kynnt staða rannsókna og kynjapólitík. Hér að neðan er ein af æfingunum, “Every picture tells a story”, þýdd og endursögð (bls. 62-63):

Markmið: Að taka upp þær kynjuðu staðalmyndir sem við gerum okkur um fólk á grundvelli klæðnaðar og hegðunar.

Efni: Ljósmyndir eða úrklippur úr blöðum og tímaritum. Myndirnar eiga að sýna bæði stelpur/konur og stráka/karla við hegðun og í fötum sem annars vegar eru óhefðbundin og hins vegar í samræmi við staðalmyndir. Það er vel þess virði að nota nokkurn tíma í að byggja upp myndasafn. Reynið að hafa myndirnar eins fjölbreyttar og unnt er.

Tími: 45 mínútur

Aðferð: Þessi leikur er afbrigði af ágiskunarleik og margir munu því vera kunnugir hugsuninni. Látið hvern meðlim hópsins fá mynd af manneskju og segið þeim að hinir megi ekki sjá myndina. Hver á eftir öðrum lýsir síðan sinni mynd án þess að nefna kyn persónunnar. (Annar möguleiki er að númera úrval af myndum og biðja hópinn að tína úr þrjár eða fjórar myndir og lýsa þeim.) Hver á fætur öðrum í hópnum giskar síðan á kyn manneskjunnar, aldur og kynhneigð (gagnkynhneigður, samkynhneigður, stundar ekki kynlíf, kynskiptingur, tvíkynhneigður o.s.frv.).

**Umræðu-
punktar:** Hvernig komust nemendurnir að niðurstöðu sinni eða ágiskun?
Hvað hugsa þeir um þegar þeir heyra orð eins og karllegt, kvenlegt, venjulegur, hommi?
Af hverju notum við orð eins og “venjulegur” þegar við ætlum að lýsa gagnkynhneigðum?
Þekkja þau þær hugmyndir sem við daglega göngum út frá um það fólk sem við hittum?
Kannast einhver við að hafa lent í vandræðum vegna fyrirfram gefins álits?
Er nauðsynlegt að þekkja kynhneigð hinnar persónunnar? Ef svo er, af hverju?
Hvernig upplifa þau það að karlar klæðist “kvenmannsfötum”, konur klæðist “karlmannsfötum”, karlar máli sig, konur máli sig?
Hverju ættu karla/konur að klæðast?
Hvað er ásættanlegt og hvað er óásættanlegt?

Stelpur fá námskeið í sjálfsstyrkingu en strákarnir umvandanir

Síðustu áratugi hafa mörg og mismunandi námskeið í sjálfsstyrkingu verið haldin fyrir stelpur og konur í þeim tilgangi að kenna stelpum og konum að þora að tala í samkundunni, neita að vinna meira heima og í vinnunni, setja mörk varðandi kynlífsþrýsting og svo framvegis. Þessum aðgerðum hefur verið beint að stelpum en á meðan hafa strákarnir gleymst.

Þetta á líka við um “opinberu sjálfsstyrkingarnámskeiðin” eins og þau birtast í herferðum sem beinast að því að koma þeim boðskap til stelpna að þær eigi ekki að umbera það að vera kallaðar “hóru” og að læra að setja sjálfar mörk varðandi kynlíf. Á sama tíma segir hið opinbera við skólakrakka: “Það er kynlíf stelpna sem er viðkvæmt og stelpur verða sjálfar að axla ábyrgð á því að þeim sé ekki misboðið.” Milli línanna stendur að kynlíf stráka sé ekki viðkvæmt eða ekki neins boðskapar virði. Þegar

opinberar herferðir hafa beinst að stráku og körlum hafa þær falist í umvöndun, til dæmis í áminningum um skort á smokkanotkun hjá ungum körlum.

Sjálfsstyrkingarnámskeiðin og opinberu herferðirnar gagnvart unglíngum sýna að stelpur hafa í ríkari mæli en strákar verið teknar alvarlega sem kynjaðir gerendur. Bakgrunnur þessa misræmis er að oft hefur verið litið á stráka sem forréttindahóp eða sem þá sem kúga stelpur. Þó svo þetta sé rétt þá skánar uppeldið ekki við það. Breytingarmöguleikar stráka og karla eru og verða litlir ef þeim er ekki mætt sem kynjuðum gerendum eða hafa aðeins neikvæða reynslu af því að vera “karlkynjaðir”.

Hvernig gæti maður hugsað sér samsvörunina fyrir stráka? Námskeið í sjálfsstyrkingu fyrir stelpur og næmnisnámskeið fyrir stráka? Robert Brannon lýsir⁴⁸ karlhlutverkinu með nokkrum stikkorðum: Engan aumingjahátt, virðing og völd, sterkur og óháður og “give them hell”. Ættum við að reyna að hindra að ungir strákar þróist í þessa átt?

Að öllum líkindum er það alrangt að hugsa sér að strákar og karlar hafi þörf fyrir allt annað fyrirkomulag en stelpur og konur. Það sem einstaklingar, stelpur og strákar, þurfa til að geta gengið þvert gegn ríkjandi kynjamynstri, er sjálfstraust. Það er hægt að reyna að styrkja jákvæða reynslu af því að vera “karlkynjaður” með því að:

- Gera sýnilega þá umhyggju sem feður sýna börnum sínum og hvað þeir segja að það gefi þeim. Margir afar dagsins í dag eru sárir og óánægðir yfir því að það var ekki vanalegt að feður í þeirra kynslóð tækju þátt í lífi barnanna.⁴⁹
- Hugsa um hegðun karla sem umhyggju þó svo yfirleitt sé ekki talað um hana þannig. Þegar karl ekur til dæmis og er bílstjóri fyrir aðra þá getur vel verið að það sé ekki af sjálfselsku sem hann geri það. Og þegar karlar leggja sitt af mörkum til að fjölskyldan eða aðrir hafi það betra með því að breyta og bæta húsakynninn þá má líta á það sem umhyggju.
- Sýna mótsagnirnar í ábyrgð stráka og karla. Til dæmis að margir karlar eru nægilega ábyrgðarfullir til að stýra stórfyrirtækjum með tengslum við fjölda manns en sýna litla ábyrgð gagnvart eigin fjölskyldu.

Ef strákar og ungir karlar geta líka tengt það einhverju jákvæðu að vera “karlkynjaðir” þá verður hvatningin til að vinna með sjálfa sig þeim mun stærri. Hér er bæði tap og ágóði.

⁴⁸ Brannon, Robert. 1976: “The male sex role: our culture’s blueprint of manhood, and what it’s done for us lately”.

⁴⁹ Holter, Öystein Gullvåg og Helene Aarseth. 1993: *Menns livssammenheng*.

Lokaorð

Í þessari bók hefur sérstaklega verið horft til þess hvernig leikskólarnir, grunnskólarnir og uppeldisfræðin líta út með tilliti til stelpnanna og stráka. Það eru fjögur atriði sem ég hef aðallega viljað varpa ljósi á:

- Félagsleg vandamál stráka
- Á að beina athyglinni að börnum eða að stelpum og strákum?
- Opinber kynjamótun
- Kvenvæðing æskunnar

Á hvaða breytingar hefur það fagfólk, sem rætt var við í bókinni, bent, hvert benda rannsóknir, tölfræði og þær aðgerðir sem hér hafa verið metnar? Hvernig ættu uppeldisstofnanirnar að vera?

Félagsleg vandamál/ögranir stráka og karla

Það hefur verið frekar erfitt að fá þessa bók til að beinast fyrst og fremst að strákum í leikskólum og grunnskólum á Norðurlöndum sökum þess að stærsti hluti kynjarannsóknna og kynjaverkefna í grunnskólunum hefur beinst sérstaklega að stelpum. Það er því fyrir hendi verulegur þekkingarskortur þegar kemur að strákum í uppeldisstofnununum.

Hins vegar sýna yfirlitsrannsóknir að strákar hafa neikvæða sérstöðu á mörgum sviðum í grunnskólum og leikskólum. Í slíku heildaryfirliti eru það sérstaklega tveir þættir sem þörf er á að benda á: skólafjandsamlega afstöðu stráka sjálfra og skortinn á menningarlegum stuðningi við stráka til að yfirvinna hefðbundna kynjaskiptingu. Þetta skiptir að öllum líkindum sérstaklega miklu máli eftir því sem norræn samfélög (mennta-, vinnu- og hjónabandsmarkaðir) meta minna og minna “hefðbundin strákagildi” á sama tíma og enn er ýtt undir margar hefðbundnar staðalímyndir karlmennsku í fjölmiðla- og auglýsingaheimi þeim sem daglega blasir við börnum.

Það er óheppilegt að fáar rannsóknir og fá þróunarverkefni hafa skoðað þetta samspil. Sérstaklega væri óskandi að sjá rannsóknir sem könnuðu ekki aðeins mat kennara og fagaðila á vandamálum stráka heldur einnig skoðanir stráka á sjálfum sér, það sem S. Frosh o. fl.⁵⁰ kalla strákamiðaðar rannsóknir.

“Að stunda “strákamiðaða” rannsókn þýðir ekki að maður fallist á ógagnrýninn hátt á þá mynd sem strákar gefa af sjálfum sér. Hins vegar byggir það á þeirri hugmynd að karlmennska þeirra sé eitthvað sem hægt er að ná, hegðun eða hegðanir, knippi sýnilegra gjörða eða hegðunar þar sem kynið er skapað. Það má líta á mismunandi karlmennsku sem sérstaka og fjölbreytta sjálfsmynd þar sem stétt, kynþáttur og kynhvöt vefjast saman og er framkvæmd á sérstakan hátt á ákveðnum stöðum eins og skólum eða í nágrenni heimilisins” (Frosh o.fl., 2002 bls. 51)

Hvort heldur maður vinnur í grunnskólanum, leikskólanum eða við skólaþróun verður erfitt að skipuleggja starfið gagnvart strákunum ef maður veit ekki hvernig þeir skilja sjálfa sig.

⁵⁰ Frosh, S., Phoenix, A., Pattman, R. 2002: *Young Masculinities: Understanding Boys in Contemporary Society*. New York: Palgrave.

Á maður að horfa til barna eða til stelpna og stráka?

Margt af því fagfólki sem við ræddum við fyrir bókina bendir á að þær aðferðir sem notaðar hafa verið til að horfa til stelpna og stráka í grunnskólum og leikskólum á Norðurlöndum leggja oft sitt af mörkum til að halda börnunum föstum í ákveðnum mynstrum í stað þess að opna möguleika. Í þessari bók er þess vegna mælt með því að þess í stað verði lögð megináhersla á að börn og unglingar eru sjálf virk í að móta hvað kyn þýðir í þeirra huga í því félagslega samhengi sem þau eru í. Punktarnir sex um hvernig sé unnt að taka börn alvarlega sem kynjaða gerendur geta hér komið að góðu gagni:

1. Ekki halda að þú getir séð fyrir eða ákveðið þroska barnanna.
2. Vertu stoð fyrir barnið þegar það er að reyna merkingu kynsins.
3. Veltu því fyrir þér á hvern hátt þínar starfsaðferðir eru kynjaðar.
4. Hugleiddu eigin skilning á kyni barna.
5. Hafðu breidd í fullorðnu fyrirmyndunum.
6. Beindu athyglinni að samstarfi hinna fullorðnu.

Ábyrgð opinberu uppeldisstofnananna á kynjamótun

Spurningar sem tengjast kyni og þroska, t.d. spurningin um stráka sem ekki vilja aðlagast, eru ekki aðeins ögrun innan leikskóla og grunnskóla. Þetta snýst mikið um miklar samfélagslegar breytingar utan uppeldisstofnananna og miklar breytingar í samskiptum kynjanna. Það er þó mikið sem leik- og grunnskólar geta gert, og gera, eins og mörg og mismunandi dæmi hafa verið gefin um í þessari bók. Í fyrsta lagi geta uppeldisstofnanirnar unnið með það hvernig kynjamyndum þær sjálfar miðla til barna og ungmenna en þær ættu líka að hafa metnaðarfullri markmið um virka þátttöku í að brjóta niður hefðbundin kynjamynstur.

Hvað með kynjamótun? Opinberu uppeldisstofnanirnar eiga ekki að taka við kynjamótunarverkefni fjölskyldunnar eins og því er lýst innan hefðbundinnar sálfræði og félagsfræði. Þar er verkefnum mæðra og fedra lýst þannig að þau bæti hvort annað upp. Slíkur hugsanagangur er sögulega séð úr sér genginn í samfélagi þar sem ekki er óskað eftir því að konur séu fulltrúar heimilisins, hins nána og umhyggjunnar eða að karlar séu fulltrúar launavinnunnar, sjálfstæðisins og skynseminnar.

Kvenvæðing æskunnar

Sé maður þeirrar skoðunar að starfsfólk leik- og grunnskóla eigi einnig að takast á við verkefni kynjamótunar þá verður að vera skýrt að foreldraímyndirnar þurfa að vera í takt við nútímann. Föðuámynd í dag er umhyggjusamur faðir sem á virkan hátt tekur þátt í lífi barna sinna og tekur jafn mikinn þátt og móðirin í nauðsynlegum og fíngerðum umhyggjustörfum.

Það er mjög jákvætt að það er eftirspurn eftir körlum í almenn umhyggjustörf í fjölskyldunum og uppeldisstofnunum. Það þýðir að í auknum mæli er litið á karla sem umhyggjuaðila og mikilvægar persónur í lífi barna á svipaðan hátt og með konur. Mikilvægasta ástæða þess að kallað er eftir körlum í uppeldisstofnanirnar er að gefa börnum fjölbreyttari myndir af fullorðnum konum og körlum. Þær myndir sem mæta börnum og ungmennum í fjölmiðlum, auglýsingum, fatnaði, leikjum og svo framvegis bjóða oft upp á ofurkarlmennsku og ofurkvenleika.

Önnur ástæða er þörfin á að koma í veg fyrir menningarlega einsleitni. Þegar margar uppeldisstofnananna eru með konur sem meirihluta starfsmanna er hætta á menningarlegri einsleitni hvað varðar starf, bjargir og áhugasvið. Slík einsleitni getur haft

Í för með sér að konurnar í starfsmannahópnum gangi í óformlegt menningarbandalag með nokkrum af stelpunum á stofnuninni og útiloki önnur börn og ungmenni (stráka og stelpur).

Börn sem kynjaðir gerendur

Boðskapur þessarar bókar er að það á að taka börn og ungmenni alvarlega sem kynjaða gerendur. Börn og ungmenni taka sjálf virkan þátt í að móta eigið kyn. Kyn er eitthvað sem ný börn “finna upp” á nýtt. Stelpur og strákar eru með öðrum orðum alltaf ný og þau hafa þörf fyrir rannsóknir, þróunarverkefni og uppeldisfræði sem heldur í við þau.

Um höfundinn

Ole Bredesen er menntaður félagsfræðingur. Hann hefur áður gert rannsóknir á körlum í leikskólum og hefur euk þess skoðað stöðu drengja í leik og grunnskólum. Hann er tengdur *Reform – ressurscenter for menn* og vinnur eins og er sem ráðgjafi í karlamálum við *Likestillingssenteret* (jafnréttismiðstöð).

Heimildir

Andenæs, Agnes. 1992: "Hvorfor kle på seg selv når man kan få mor til å gjøre det." Í *Kjønns i kjempers fødeland: Forskerblikk på kultur og identitet: Rapport fra en konferanse*. NAVFs sekretariat for kvinneforskning. Arbeidsnotat nr. 1.

Backe-Hansen, E. og Ogden, T. 1996: "Competent Girls and Problematic Boys: Sex Differences in two Cohorts of Norwegian 10- and 13 years olds." Í *Childhood*, nr. 3, 331–350.

Baltersen, Laila, Jessen, Majbritt, Pedersen, Marit. 1995: "Vi sagde altid nej til ungerne." Í *0–14: Pædagogisk tidsskrift for daginstitutioner og klubber*. Danmörk. Temanummer om vilde/milde/drenger/piger. Nr. 1, s. 88–91

Bech, Henning. 2000: "Fortællinger om køn i Danmark og Norden – Mandeforskningen efter feminismen." Fyrirlestur á 4. *Nordiske Mandeforskningsworkshop: Nordiske velfærdsmodeller og maskulinitets-forståelser*. Haldið á vegum Institut for Uddannelsesforskning og Forskerskolen for Livslang Læring við Roskilde Universitetscenter í samvinnu við Nordisk nettverk for forskning om menn. København, Cab-inn Hotell. (Workshop-skýrsla óbirt.)

Brannon, Robert. 1976: "The male sex role: our culture's blueprint of manhood, and what it's done for us lately." Í David, Deborah, Brannon, Robert (ritstj.) *The Forty-Nine Percent Majority: The male sex role*. Reading Mass: Addison-Wesley.

Brøgger, Jan. 1995: *Forsvarstale for mannen*. Damm. Noregur.

Bredesen, Ole. 2000: *Kule, analytiske og rå: En analyse av hvordan tre ansatte på en barnehageavdeling beskriver seg selv og sitt arbeid*. Hovedoppgave. (Cand.Polit.) Institutt for sosiologi og samfunnsgeografi. Universitet i Oslo.

Bredesen, Ole. 2003: *Problematisk gutter og fraværende menn: Fagblikk og perspektiver på kjønn i skolen: En rapport bestilt av Utdannings- og forskningsdepartementet*. Nettverk for forskning om menn. Noregur.

Bredesen, Ole 2003: "Hvordan unngå at mannskjønnet drukner de mennene som er ansatt i barnehagene." Í *Barnehagen*. Noregur. Nr. 5.

Broman, Ingegerd Tallberg, Reich, Lena Rubinstein, Hägerström, Jeanette. 2002: *Likvärdighet i en skola för alla: Historisk bakgrund och kritisk granskning*. Skolverkets serie Forskning i fokus. Skolverket. Kalmar. Svíþjóð.

Börja skolan. 2002 (Sænskt tímarit).

Bonde, Hans og Carlsen, Søren. 1997: *Dreng i kvindedominerede miljøer*. Udarbejdet for Det Tværministerielle Børneudvalg. Kaupmannahöfn.

Butler, J. 1990: *Gender Trouble: feminism and the subversion of identity*. Routledge. New York.

Chodorow, Nancy. 1978: *The reproduction of mothering*. Berkeley, University of California Press.

Connell, Robert W. 1995: *Masculinities*. Polity Press. Cambridge.

Dagbladet. 8.3.2003: "Verstingskolen" [Magasinet].

Dagsavisen. Mars 2002: "Norske jenter vil ha innvandregutter." Noregur.

Epstein, D., Elwood, J., Hey, V. og Maw, J. 1998: *Failing Boys? Issues in gender and achivement*. Open University Press. Buckingham.

Freud, Sigmund. 1992: *Forelesninger til innføring i psykoanalyse*. Gyldendal. Noregur.

Frosh, S., Phoenix, A., Pattman, R. 2002: *Young Masculinities: Understanding Boys in Contemporary Society*. Palgrave. New York.

Gulbrandsen, Liv Mette. 1998: *I barns dagligliv: en kulturpsykologisk studie av jenter og gutters utvikling*. Bearbeidet utg. av forfatterens avhandling (dr. psychol.). Universitetsforlaget. Oslo. Noregur.

Holter, Øystein Gullvåg, Aarseth, Helene 1993: *Menns livssammenheng*. Ad Notam Gyldendal. Oslo.

Jacobsen, Roy. 1991: *Seierherrene*. Cappelen.

Kanter, Rosabeth Moss. 1977: *Men and Women of the Corporation*. Basic Books. New York.

Kielland, Alexander. 1883: *Gift*. Gyldendal.

Kimmel, Michael. 1996: *Manhood in America*. The Free Press. New York.

Kimmel, Michael. 2003: *Boys, adolecence, homophobia and violence*. Presentasjon av et forskningsprosjekt på Likestillingssenteret. Arrangører: Nettverk for forskning om menn, Senter for kvinne- og kjønnsforskning, Likestillingssenteret og Reform – ressurscenter for menn. (Óbirt.)

Kryger, Niels. 1988: *De skrappe drenge og den moderne pædagogik*. Unge Pædagoger. Kaupmannahöfn.

Lehtonen, Jukka. 2002: "Heteronormativity and Name-Calling – Constructing Boundaries for Students' Genders and Sexualities." Í Vappu Sunnari, Jenny Kangasvuo og Mervi Heikkinen (ritstj.) *Gendered and sexualised violence in educational organisations*. University of Oulu. Finland.

Liden, Hilde. 1994: "Lesure time activities in a woman dominated world – boys and girls in Norwegian after school programs." Í *Social construction of gender in children's worlds: Papers fram a seminar Januar 1994*. Universitetet i Oslo. Senter for Kvinneforskning. Arbeidsnotat nr. 3.

Lyng, Selma T. 2002: *Ansvar for egen identitetsforvaltning*. Hovedoppgave. (Cand.Polit.) Institutt for sosiologi og samfunnsgeografi. Universitet i Oslo.

Lyotard, Jean-François. 1996: *Viden og det postmoderne samfund*. Slagmark. Århus. Danmörk.

Læringscenteret og Likestillingssenteret. 2004: *Ungdom, film og kjønn: håndbok for lærere om likestilling*. ISBN 82-7939-033-1.

Mac an Ghaill, M. 1998: *The making of men: masculinities, sexualities and schooling*. Open University Press.

Margrét Pála Ólafsdóttir. 1995: "Børnehagen Hjalli". <http://www.hjalli.is>

Nielsen, Harriet Bjerrum. 1994: "Boys and girls from grade one to grade nine." Í *Social construction of gender in children's worlds: Papers from a seminar Januar 1994*. Universitetet i Oslo. Senter for Kvinneforskning. Arbeidsnotat nr. 3.

Nielsen, Steen Baagøe. 2003: "Mænd søges! – om de herskende forståelser af behovet for mænd i dagistitusjoner." I Katrin Hjort og Steen Baagøe Nielsen (ritstj.) *Mænd og omsorg*. Socialpædagogisk bibliotek. Hans Reizels forlag. Danmörk.

Niemi, Mikael. 2001: *Populærmusikk fra Vittula*. Pax Forlag AS. Oslo. [ísl. útgáfa 2002: *Rokkað í Vittula*. Forlagið. Reykjavík.]

Nordberg, Marie. 2000: "Kvinnligt – manligt: Hur formas könsmonster i skola och förskola?" Í *Utbilder: tidskrift för pedagogisk debatt från Karlstads universitet*. Nr. 2, s. 10–17.

Nordahl, Bertill. 1995: *Tarzan i damejungelen*. Forlaget Nilsens. København. Danmörk.

Nordisk Ministerråd. 1998: *Menn og likestilling: handlingsplan og bakgrunnsnotat*. (TemaNord 524.) Kaupmannahöfn. [Ísl. útgáfa (án ártals)]: *Karlar og jafnrétti. Greinargerð og framkvæmdaáætlun*

Nordisk Ministerråd. 2000: *Menn og likestilling i arbeidslivet – et idédokument*. (TemaNord 24.) København.

Parsons, Talcott. 1966: "The American Family".

Pedersen, Peter. 2003: "Når mænd skal være pædagoger – refleksjoner over en manderekutteringskampanje." Í Katrin Hjort og Steen Baagøe Nielsen (ritstj.) *Mænd og omsorg*. Socialpædagogisk bibliotek. Hans Reizels forlag. Danmörk.

Renold, Emma. 2000: "'Coming out': Gender, (hetero)sexuality and the primary school." Í *Gender and Education, Vol. 12, No 3, pp. 309–326*. Carfax Publishing.

Salisbury, Jonathan, Jackson, David. 1996: *Challenging Macho Values: Practical Ways of Working with Adolescent Boys*. The Falmer Press. London.

- Skelton, Christine. 2001: *Schooling the boys: masculinities and primary education*. Educating boys, learning gender (ritröð). Open University Press. Buckingham. England.
- Stubsjøen, Øyvind. 1992: ”De kaller meg pappa”: om mannlige lærere og elever med farsfravær i barneskolen. Hovedoppgave i pedagogikk. Universitetet i Oslo. Noregur.
- Svaleryd, Kajsa. 2003: *Genuspedagogik: En tanke- och handlingsbok för arbete med barn och unga*. Liber. Svíþjóð.
- Thorne, Barrie. 1993: *Gender play: girls and boys in school*. Rutgers University Press. New Brunswick.
- Utbildningsdepartementet. 1998: *Läroplan för förskolan: Lpfö-98*. Fritzes. Svíþjóð.
- West, Candace og Zimmerman, Don H. 1987: “Doing gender.” Í *Gender & Society*. Nr. 1, s. 125–151.
- Willis, Paul E. 1977: *Learning to labour: how working class kids get working class jobs*. Farnborough. Saxon House.
- Zlotnik, Gideon. 1991: *De stakkels drenge: Kønsforskelle i barndommen: Ny revideret udgave*. Hans Reitzels Forlag. Kaupmannahöfn.
- Øvrelid, Bjarne. 1996: “Mannsforskingens ulike forgreiningar.” Í Harriet Holter, Beatrice Halsaa, Jannecke van der Ros, Else Skjønberg og Bjarne Øvrelid (ritstj.) *Hun og han: Kjønn i forskning og politikk*. Pax Forlag A/S. Osló.

Einstaklingarnir, fyrirlestrarnir og viðtölin sem liggja til grundvallar þessari bók

Gordon, Tuula. PhD og dósent í félagsfræði við Háskólann í Helsinki. Sérsvið hennar er menntun og kvennarannsóknir. Finnland.

Kampmann, Jan. Barnarannsakandi og prófessor við Institut for Uddannelsesforskning, Roskilde Universitetscenter. Danmörk.

Lorentzen, Jørgen. Tók viðtöl. Karla- og bókmenntafræðingur við Senter for kvinne- og kjønnsforskning við Háskólann í Osló. Noregur.

Nordahl, Thomas. Dr.polit, háskólauppeldisfræðingur og rannsakandi við Norsk institutt for oppvekst og aldring (NOVA).

Nordberg, Marie. PhD-stúdent, karla- og þjóðfræðingur við Háskólann í Karlstad. Svíþjóð.

Margrét Pála Ólafsdóttir. Leikskólastjóri Hjalla, Ísland.

Svaleryd, Kajsa. Verkefnisstjóri Jämrum, Gävle. Vinnur að jafnréttisverkefnum og skrifaði bókina *Genuspedagogik* sem kom út árið 2003 hjá Liber forlag. Svíþjóð.

Wahlström, Kajsa. Byrjaði að vinna að jafnrétti í leikskólum árið 1995. Var þá leikskólastjóri Björntomten og Tittmyran. Skrifaði bókina *Flickor, pojkar och pedagoger* sem kom út hjá Utbildningsradioens forlag. Svíþjóð

Bredesen, Ole. Höfundur bókarinnar. Félagfræðingur, kynja- og karlafræðingur. Tengdur Reform sem er aðstoðar- og ráðgjafamiðstöð fyrir karla. Noregur.

Nordisk konferanse om jenter og gutters kjønns sosialisering i det offentlige rom: Hotell Arena, Lillestrøm, Norge 5. – 6. desember 2002. Skipuleggjandi: Barna- og fjölskylduráðuneytið í Norge, Norræna kvenna- og kynjarannsóknastofan (NIKK) og mennta- og rannsóknaráðuneytið. Fjármagnað af norræna ráðherraráðinu.

Dávøy, Laila. 2002: ”Ápning” (Laila Dávøy er barna- og fjölskylduráðherra Noregs, önnur ríkisstjórn Bondevik)

Kampmann, Jan. 2002: ”Den aktuelle retorikk om de stakkels drenge i institusjonsmiljøerne”

Ólafsdóttir, Margrét Pála. 2002: ”Jenter og gutter i kjønnsoppdelt klassesituasjon – barnehagen Hjalli på Island” (Er á heimasíðu Hjalla www.hjalli.is)

Pedersen, Peter Møller. 2002: ”Maskuline positioner i børnehaven: Mænd i pædagoguddannelsen: afvigere eller spydspidser?” (Peter Møller Pedersen er lektor við Viborg-Seminarieret. Ph.d.-nemandi við Institut for uddannelsesforskning, Roskilde Universitetcenter)

Raundalen, Magne: ”Gutter er skjøre!” (Sálfræðingur tengdur Senter for krisepsykologi í Bergen. Hann hefur skrifað nokkrar bækur um barnasálfræði og uppvöxt. Hefur tekið virkan þátt í norskri umræðu um uppeldisskilyrði barna)

Rudberg, Monica. 2002: ”Veien ut og fram: Unge jenters utdanning og kjærlighet i tre generasjoner” (Monica Rudberg er prófessor við Pedagogisk forskingsinstitutt við Háskólann í Osló)

Svaleryd, Kajsa. 2002: ”Visst gör vi olika! Pojkar och flickor i förskola.

